


KIRKJA JESÚ KRISTS HINNA SÍÐARI DAGA HEILÖGU • APRÍL 2014

Líahóna

Gleði og þakklæti fyrir hinn
upprisna frelsara, bls. 16

Fimm leiðir til að fylgja
spámanninum, bls 22

Blessanir prestdæmisins —
öllum aðgengilegar,
bls. 46, 50, 53, 54, 60





*„Hvort fær kona
gleymt brjóst-
barni sínu, að
hún miskunni
ekki lífsafkvæmi
sínu? Og þó
að þær gætu
gleymt, þá
gleymi ég þér
samt ekki.
Sjá, ég hef rist
þig á lófa mína.“*

Jesaja 49:15–16



MÁNADARLEGUR BOÐSKAPUR

- 4** **Boðskapur Æðsta forsætisráðsins: Vel fest ankeri**
Dieter F. Uchtdorf forseti
- 7** **Boðskapur heimsóknarkennara: Hið guðlega hlutverk Jesú Krists: Frelsari og lausnari**

GREINAR

- 12** **Við erum hendur Drottins**
Neil K. Newell
Heilagir frá Brasilíu, Ekvador, Filippseyjum og Rússlandi sýna hvað í því felst að þjóna hinum nauðstöddu.
- 16** **Sérstök vitni bera vitni um hinn lifandi Krist**
Meðlimir Æðsta forsætisráðsins og Tólfpostulasveitarinnar bera vitni um frelsarann.
- 22** **Fylgið spámanninum**
Öldungur William R. Walker
Við ættum að læra þessar fimm lexíur af persónulegu fordæmi Thomas S. Monson forseta.
- 26** **Brautryðjendur í öllum löndum: Filippseyjar: Andlegur styrkur á eyjum úthafs**
Þrátt fyrir náttúruhamfarir og efnahagsþrengingar á Filippseyjum, hafa hinir heilögu orðið vitni að miklum vexti þar.

- 32** **Nota sálhjálparáætlunina til að fá svör við spurningum**
LaRene Porter Gaunt
Sálhjálparáætlunin getur svarað sumum mikilvægustu spurningum lífsins.

ÞÆTTIR

- 8** **Spámenn Gamla testamentisins: Móse**
- 10** **Heimili okkar, fjölskyldur okkar: Sjö dagar til páska**
- 36** **Frá Síðari daga heilögum**
- 80** **Uns við hittumst á ný: Finna framtíðarvon**
Stan Pugsley

Á KÁPUSÍÐU

Forsíða: *Garðgröfín*, J. Kirk Richards, afritun óheimil. Innanverð kápusíða: Ljósmynd: John Luke



40

40 Sé auglit þitt einbeitt á dyrð mína

Katherine Nelson og Heidi McConkie
Högværð er meira en aðeins réttur klæðnaður.

44 Sniðrit ungs fólks: Trúarumbreyting og fórn í Finnlandi

Melissa Zenteno



Reyndu að finna mynd af Líahóna falda í þessu blaði.
Vísbending: Hvað er henni kærast?

54

46 Karlar og konur í verki Drottins

Öldungur M. Russell Ballard
Bæði karlar og konur þurfa að skilja þennan sannleika um hlutverk kvenna í ríki Guðs.

50 Búa sig undir þjónustu, þjóna til undirbúnings

David L. Beck
Þjónusta ykkar í Aronsprestðæminu markar lífsstaðal ykkar. Lærðu það hér.

53 Krafturinn til að blessa alla menn

Kirkjuleiðtogar bera vitni um blessanir prestðæmisins.

54 Færa blessanir prestðæmisins inn á heimili ykkar

Bonnie L. Oscarson
Þið getið hagnýtt ykkur kraft prestðæmisins til að blessa fjölskyldu ykkar, burt séð frá kyni eða fjölskylduáðstæðum.

56 Sjálföruggi og verðugleiki

Öldungur Jeffrey R. Holland
Hafið þið sjálföruggi til að bregðast við þegar þið eruð beðnir um að nota prestðæmið?

60 Hliðið og vegurinn

Hvernig prestðæmið getur gert ykkur kleift að snúa að nýju til himnesks föður.

62 Spurningar og svör

Hvað get ég gert þegar rétt er um málefni í skólanum sem kenningar fagnaðararindisins kveða skýrt á um, eins og fóstureyðingar?

64 Rétt eða rangt?

David A. Edwards
Takið þetta próf og kynnið ykkur hvernig Satan segir okkur ósatt.



68

67 „Það er svo auðvelt, afi!“

Öldungur Enrique R. Falabella
Rakel taldi sig ekki nógu gamla til að lesa Mormónsbók.

68 Loforð Péturs

Carole M. Stephens
Pétur hélt sáttmála sína — án þess að vita af því!

70 Koma með Barnafélagið inn á heimilið: Fjölskyldan er kjarninn í áætlun himnesks föður

Jan Taylor

72 Góð hugmynd

73 Færa steininn úr stað

Öldungur Terence M. Vinson
Drottinn vill hjálpa okkur að leysa vanda okkar — jafnvel hinn smæsta.

74 Vinir víða um heim: Ég er Dria frá Filippseyjum

76 Fyrir yngri börnin

81 Mannlýsing spámanns: Howard W. Hunter

Útgáfa alþjóðatimarits Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu

Æðsta forsætisráðgjafi: Thomas S. Monson,
Henry B. Eyring, Dieter F. Uchtdorf

Sveit postulanna tólf: Boyd K. Packer,
L. Tom Perry, Russell M. Nelson, Dallin H. Oaks, M. Russell
Ballard, Richard G. Scott, Robert D. Hales, Jeffrey R.
Holland, David A. Bednar, Quentin L. Cook, D. Todd
Christofferson, Neil L. Andersen

Ritstjóri: Craig A. Cardon

Leiðbeinendur: Jose L. Alonso, Mervyn B. Arnold,
Shayne M. Bowen, Stanley G. Ellis, Christoffel Golden

Fræmstafráfarstjóri: David T. Warner

Yfirmaður fjölskyldu- og meðlimastuðnings:

Vincent A. Vaughn

Yfirmaður Kirkjutimarita: Allan R. Loyborg

Viðskiptastjóri: Garff Cannon

Aðalritstjóri: R. Val Johnson

Aðstoðarritstjóri: Ryan Carr

Ritverk og ritstjórn: Susan Barrett, Brittany Beattie,
David Dickson, David A. Edwards, Matthew D. Flitton,
Mindy Raye Friedman, Lori Fuller, Garrett H. Garff,
LaRene Porter Gaunt, Jennifer Grace Jones, Michael R.
Morris, Sally Johnson Odekirk, Richard M. Romney,
Paul VanDenBerghe, Marissa Widdison

Fræmstafráfarstjóri listsviðs: J. Scott Knudsen

Fræmstafráfarstjóri listhönnunar: Tadd R. Peterson

Hönnun: Jeanette Andrews, Fay P. Andrus, Mandie M.
Bentley, C. Kimball Bott, Thomas Child, Nate Gines,
Colleen Hinckley, Eric P. Johnsen, Susan Lofgren,
Scott M. Mooy, Mark W. Robison, Brad Teare, K. Nicole
Walkenhorst

Hugverkasamræming: Collette Nebeker Aune

Fræmstafráfarstjóri: Jane Ann Peters

Fræmstafráfarstjóri: Kevin C. Banks, Connie Bowthorpe
Bridge, Julie Burdett, Bryan W. Gygi, Denise Kirby,
Ginny J. Nilson, Gayle Tate Rafferty

Prentsmið: Jeff L. Martin

Fræmstafráfarstjóri prentsviðs: Craig K. Sedgwick
Freifingargjafi: Stephen R. Christiansen

Farið á store.lds.org eða hafið samband við
Dreifingarstöð kirkjunnar á ykkar svæði eða leiðtoga
deildar ykkar eða greinar varðandi áskrift og
áskriftargjöld utan Bandaríkjanna og Kanada.

Sendið handrit og fyrirspurnir á netinu á
liahona.lds.org; með tölvupósti á liahona@ldschurch.org;
eða með hefðbundnum pósti til *Liahona*, Rm. 2420, 50 E.
North Temple St., Salt Lake City, UT 84150-0024, USA.

Tímaritið *Liahona* (hugtak í Mormónsbók sem táknar
„áttavita“ eða „leiðarvísi“) er gefið út á albönsku,
armensku, bislamamáli, búlgörsku, cebuano, dönsku,
hollensku, eistlensku, fíjímáli, finnsku, frönsku, grísku,
haitímáli, hindú, hollensku, íslensku, indónesísku, ítölsku,
japönsku, kambódísku, kiribati, kínversku, kínversku
(einfaldað), kóreönsku, króatísku, lettnesku, lítháensku,
malagísku, marshallesemáli, mongólísku, norsku, pólsku,
portúgölsku, rúmönsku, rússnesku, samómamáli, slóvensku,
spænsku, svahímáli, sænsku, tagalogmáli, tahítímáli,
tékknesku, thaimáli, tongamáli, úkraínsku, ungversku,
úrðumáli, vietnömsku og þýsku. (Fjöldi útgefninga blaða er
mismunandi eftir löndum).

© 2014 Intellectual Reserve, Inc. Allur réttur áskilinn.
Printed in the United States of America.

Heimilt er að afrita texta og myndefni í *Liahona* til nota
heima eða í kirkju, en ekki í hagnaðarskyni. Óheimilt er að
afrita myndefni, sé þess getið í höfundarreit vefsins. Senda
ætti spurningar um höfundarrétt til Intellectual Property
Office, 50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150,
USA; netfang: cor-intellectualproperty@ldschurch.org.

For Readers in the United States and Canada:

April 2014 Vol. 28 No. 1. LIAHONA (USPS 311-480)
Icelandic (ISSN 1522-9211) is published once a year
(April) by The Church of Jesus Christ of Latter-day Saints,
50 E. North Temple St., Salt Lake City, UT 84150, USA
subscription price is \$1.00 per year; Canada, \$1.20
plus applicable taxes. Periodicals Postage Paid at Salt
Lake City, Utah. Sixty days' notice required for change
of address. Include address label from a recent issue;
old and new address must be included. Send USA and
Canadian subscriptions to Salt Lake Distribution Center
at address below. Subscription help line: 1-800-537-
5971. Credit card orders (American Express, Discover,
MasterCard, Visa) may be taken by phone or at store.lds.org. (Canada Post Information: Publication Agreement
#40017431)

POSTMASTER: Send all UAA to CFS (see DMM 707.4.12.5).
NONPOSTAL AND MILITARY FACILITIES: Send address
changes to Distribution Services, Church Magazines, P.O.
Box 26368, Salt Lake City, UT 84126-0368, USA.

Hugmyndir að fjölskyldukvöldi

Í tímariti þessu eru greinar og athafnir sem hægt væri að nota á fjölskyldukvöldi.
Hér á eftir eru nokkur dæmi.



LIOSMYND: DAVID STOKER

„Sjö dagar til páska,“ bls. 10 og
„Sérstök vitni bera vitni um hinn lif-
andi Krist,“ bls. 16: Þið getið notað efnið
í þessum greinum til að hafa daglegar trú-
arstundir með fjölskyldu ykkar í vikunni fyrir
páska. Byrjið á sunnudeginum fyrir páska á
því að lesa vitnisburði Æðsta forsætisráðs-
ins á bls. 17 og fylgið leiðbeiningunum í
„Sjö dagar til páska.“ Lesið á hverjum degi
eftir það vitnisburði tveggja postula og
notið ritningarversin, söngvana og athafn-
irnar í „Sjö dagar til páska“ til að miðla
fjölskyldu ykkar boðskap. Á páskunum
getið þið horft á Biblíumyndbandið „He Is
Risen“ sem er á lds.org/bible-videos (er til
á nokkrum tungumálum).

„Það er svo auðvelt, afi!“ bls. 67: Eftir að
hafa lesið þessa grein, getið þið dregið upp
skeiðklukkuna líka! Hugðið að lesa saman
blaðsíðu í Mormónsbók sem fjölskylda og
mælið hversu lengi það tekur ykkur. Hafið
þann tíma til hliðsjónar og reiknið út hve
langan tíma það tæki fjölskyldu ykkar að
lesa alla Mormónsbók. Þið getið sett ykkur
markmið um að lesa saman Mormónsbók.
Áætlunargerð, eins og að taka frá tíma á
hverjum degi, getur hjálpað ykkur að ná
markmiðinu.

Á ÞÍNU TUNGUMÁLI

Liahona og annað kirkjuefni er aðgengilegt á mörgum tungumálum
á languages.lds.org.

EFNI BLAÐSINS

Númer vísa til fyrstu blaðsíðu greinar.

Aðalráðstefna, 4
Dómgreind, 64
Fjölskyldan, 46, 50, 54, 70
Fordæmi, 22
Friðþægingin, 7, 10, 16,
32, 76
Gamla testamentið, 8
Hógværð, 40
Hunter, Howard W., 81
Jesús Kristur, 4, 7, 10,
16, 76
Kirkjusaga, 26

Konur, 46
Lotning, 76
Monson, Thomas S., 22
Mormónsbók, 67
Musteri, 26, 44
Páskar, 10, 16
Prestdæmi, 46, 50, 53, 54,
56, 60
Sáluhjálparáætlun, 32,
37, 39, 70
Sáttmálar, 68
Sorg, 37, 39

Spámenn, 8, 22
Trúarumbreyting, 26, 44
Trúboðsstarf, 26, 62
Tungumál, 40
Velferð, 12, 36
**Verðmæti
einstaklingsins,** 7, 12
Vitnisburður, 62
Von, 80
Þjónusta, 12, 36, 38, 50



Dieter F. Uchtdorf
forseti

annar ráðgjafi í
Æðsta forsætisráðinu

VEL FEST ankeri

Fyrir nokkru síðan átti ég kost á að sigla á stóru skipi meðfram fallettri strönd Alaska í Bandaríkjunum. Þegar skipstjórinn bjó skipið undir næsturstað í óspilltum og afskekktum firði, mat hann vandlega staðsetningu og aðstæður, eins og mun á aðfalli og útfalli, sjódypt og fjarlægð hindrana og hættulegra skerja. Þegar hann var sáttur, lét hann ankerið falla, til að festa skipið örugglega og gefa farþegunum kost á að dásama stórbrotið og fallett sköpunarverk Guðs.

Þegar ég virti ströndina fyrir mér, varð mér ljóst að jafnvel minnsti vindur og straumur færði skipið örlítið úr stað. En festing skipsins var þó örugg og það fór ekki lengra en styrkur og lína ankerisins leyfðu.

Skipstjórinn hafði ekki geymt ankerið um borð einungis til að varpa því niður ef von væri á stormi. Nei, hann hafði gert fyrirbyggjandi aðgerðir með því að festa skipið og koma þannig í veg fyrir að það bærist smám saman út á ótrygган sjó eða að landi, og tryggja þannig öryggiskennd áhafnar og farþega.

Þegar mér varð hugsað um þetta, rann upp fyrir mér að hér væri jafn öruggt efni í dæmisögu og víst væri að ég hefði flogið flugvél.

Ástæður þess að við þurfum ankeri

Tilgangur ankeris er að tryggja öryggi skips á einhverjum tilteknum stað eða hafa stjórn á því í slæmu veðri. En ekki nægir einungis að hafa ankeri til staðar til að uppfylla þann tilgang. Ankerið verður að vera öflugt

og áreiðanlegt og það ber að nota eins og reglur segja til um, á réttri stundu og stað.

Einstaklingar og fjölskyldur þurfa líka að hafa ankeri.

Andstreymi getur komið eins og aftakaveður, breytt stefnu okkar og borið okkur að steinum og skerjum. Stundum steðjar líka hætta að þegar allt virðist í fullkomnu lagi — vindar eru hægir og vötnin lygn. Við getum í raun verið í mestri hættu þegar okkur rekur frá og hreyfingin er svo hæg að við tökum vart eftir henni.

Fagnaðarerindið er okkar ankeri

Ankeri verða að vera sterk og öflug og fá gott viðhald til að þau séu til reiðu þegar þörf er á. Að auki verður að festa þau við undirstöðu sem getur varist gegn sterkri mótstöðu.

Fagnaðarerindi Jesú Krists er auðvitað þess konar ankeri. Það var gert þannig úr garði af skapara alheims í guðlegum tilgangi og því ætlað að sjá börnum hans fyrir öryggi og handleiðslu.

Hvað er fagnaðarerindið, þegar allt kemur til alls, annað en áætlun Guðs um að endurleysa börn sín og færa þau aftur í návist hans?

Vitandi það að eðli alls er að reka af stefnu, þá verðum við festa ankeri okkar við undirstöðu sannleika fagnaðarerindisins. Því má ekki léttá ofan í sand drambsemi eða svo það rétt snerti yfirborð eigin sannfæringar.

Í þessum mánuði gefst okkur kostur á að hlýða á þjóna Guðs á aðalráðstefnu kirkjunnar. Orð þeirra, ásamt ritningunum og innblæstri andans, sjá okkur fyrir fastri og



öruggri undirstöðu eilífra gilda og reglna, sem við getum tryggilega fest ankeri okkar við, svo við getum verið staðföst og örugg mitt í raunum og erfiðleikum lífsins.

Hinn forni spámaður, Helaman, kenndi: „Það er á bjargi lausnara okkar, sem er Kristur, sonur Guðs, sem þið verðið að byggja undirstöðu ykkar. Að þegar djöfullinn sendir sína voldugu storma, já, spjót sín í hvirfilvindinum, já, þegar allt hans hagl og voldugur stormur bylur á ykkur, mun það ekkert vald hafa til að draga ykkur niður í djúp vansældar og óendanlegs volæðis, vegna þess að það bjarg, sem þið byggðið á, er öruggur grundvöllur, og ef menn byggja á þeim grundvelli, geta þeir ekki fallið“ (Helaman 5:12).

Gildi vandlega festis ankeris

Háttur lífsins er að láta reyna á ankeri okkar og freista okkar til að reka frá. Ef ankeri okkar eru réttilega fest við bjarg frelsara okkar, mun það halda — þrátt fyrir mikla vinda, öflugra strauma eða risavaxnar öldur.

Skipi er auðvitað ekki ætlað að

vera stöðugt í höfn, heldur fremur að hífa upp ankeri sitt og sigla um lífsins höf. Það er hinsvegar dæmisaga fyrir annan dag.

Ég læt mér nú nægja að vita að ankeri fagnaðarerindisins og bjarg frelsara okkar munu veita okkur festu og öryggi.

Slík ankerisfesta mun varna því að okkur reki á hættusvæði og í ófarir. Hún mun veita okkur hið dýrðlega tækifæri að njóta óviðjafnanlegrar fegurðar hins síbreytilega landslags lífsins.

Lífið er fagurt og þess virði að því sé lífað. Sterkir stormar og straumar geta freistað okkar til að lát reka í fyrirséða eða ófyrirséða hættu, en boðskapur fagnaðarerindisins og guðlegur kraftur þess mun festa stefnu okkar í örugga höfn í návist himnesks föður.

Við skulum því ekki aðeins *hlusta* á ræður aprílráðstefnunnar, heldur líka *hagnýta* boðskap þeirra, eins og vandlega fest ankeri í okkar daglega lífi.


Megi Guð blessa og leiða okkur í þessari mikilvægu og nauðsynlegu viðleitni! ■

HVERNIG KENNA Á BOÐSKAPINN

Í hugið að ræða mikilvægi ankeris í tengslum við siglingu Lehi og fjölskyldu hans til fyrirheitna landsins (sjá 1 Ne 18). Þið getið vísað í 1 Ne 18:11–15, þegar Nefí var keflaður, Líahóna hætti að virka og skipið rak stjórnlaust í aftakaveðri. Hvaða afleiðingar fylgja því að hafa ekki örugga ankerisfestu við fagnaðarerindið? Þið getið líka vísað í 1 Ne 18:21–22 og rætt hvernig við getum fundið öryggi með því að koma til frelsarans.

Ég og ráðstefna

Sarah Deeks



Áður fannst mér aðalráðstefnur langar og leiðinlegar, en eftir því sem á hefur liðið hefur mér lærst að hafa unun af þeim og líta til þeirra með tilhlökkun. Aðalráðstefnur geta verið andlega endurnærandi, en slíkar tilfinningar geta auðveldlega fjarað út þegar hið venjubundna líf hefst aftur á mánu-degi. Sumar eftirfarandi ábendingar hafa gert mér kleift að fá eins mikið út úr ráðstefnum og mögulegt er.

Ég bý mig undir ráðstefnu með því að skrifa hjá mér spurningar og glósa síðan svörin er þau berast. Eftir ráðstefnu finnst mér gott að ná í ræðurnar og tónlistina á LDS.org og setja á MP3 spilarann minn, svo ég geti hlustað á

þær eða sálmana í hinu venjubundna lífi. Ég hef líka unun af því að lesa ráðstefnuhefti *Liahóna*. Ég merki við og glósa á spássíu í mínu eigin eintaki. Þegar að næstu ráðstefnu líður er heftið mitt vel notað. Fjölskyldan mín lærir stundum boðskapinn saman á fjölskyldukvöldi.

Það krefst vinnu að viðhalda andanum sem við upplifum á aðalráðstefnu og að læra boðskapinn en það hefur veitt mér miklar blessanir að gera það. Ég hef hlotið mikinn styrk og handleiðslu á erfiðum tímum, með því að læra boðskap aðalráðstefnu og ég veit að hann er innblásinn.

Höfundur býr í Toronto, Kanada.

BÖRN

Festið ankeri ykkar

Hvað festir ankeri ykkar við fagnaðarerindið? Dragið línu frá reipinu í hendi drengsins að þeim stöðum sem Uchtdorf forseti segir örugga til að festa ankeri ykkar við.



Kynnið ykkur efnið sem hér er, í bænaránda og leitnið að því sem miðla á. Hvernig getur skilningur á lífi og starfi frelsarans aukið trú ykkar á hann og blessað þær sem þið vakið yfir með heimsóknarkennslu? Frekari upplýsingar eru á reliefsociety.lds.org.

Hið guðlega hlutverk Jesú Krists: Frelsari og lausnari

Þetta er hluti heimsóknarkennsluboðskapar sem fellur um líf og starf frelsarans.

Meðal þýðingarmestu og best lýsandi titla Jesú Krists, er titillinn endurlausnari,“ sagði öldungur D. Todd Christofferson, í Tólfpostulasveitinni. „Endurleysa merkir að leysa frá kvöð eða skuld. Endurleysa getur einnig táknað að bjarga eða láta lausan eins og að borga lausnargjald. . . . Allar þessar merkingar vísa til mismunandi þátta í hinni miklu endurlausn sem Jesús Kristur framkvæmdi með friðþægingu sinni, sem felur í sér, samkvæmt orðabókinni: „Að frelsa frá synd og refsingum hennar, svo sem með fórn sem færð er í þágu syndarans.“¹

Linda K. Burton, aðalforseti Líknarfélagsins, sagði: „Himneskur faðir . . . sendi sinn eingetna og fullkomna son til að þjást fyrir syndir okkar, sorgir og hvaðeina sem virðist ósanngjarnt í okkar persónulega lífi.

. . . Kona ein sem hafði árum saman búið við raunir og sorg sagði með tár í augum: „Mér hefur orðið ljóst



að ég er eins og gamall þúsund króna seðill — krumpuð, snjád, óhrein, þvæld og tætt. En . . . ég er samt fullra þúsund króna virði. Þessi kona vissi að hún . . . var nægilega mikils virði í augum [Guðs] til að hann sendi son sinn til að friðþægja fyrir hana, persónulega. Sérhver systir í kirkjunni ætti að vita það sem þessi kona veit.“²

Úr ritningunum

2 Ne 2:6; Helaman 5:11–12;
HDP Móse 1:39

HEIMILDIR

1. D. Todd Christofferson, „Redemption,” *Liahóna*, maí 2013, 109.
2. Linda K. Burton, „Is Faith in the Atonement of Jesus Christ Written in Our Hearts?” *Liahóna*, nóv. 2012, 114.

Trú, fjölskylda, líkn



Úr sögu okkar

Í Nýja testamentinu eru frá-sagnir um konur sem iðkuðu trú á Jesú Krists, lærðu og tileinkuðu sér kenningar hans og báru vitni um þjónustu hans, kraftaverk og hátign.

Jesús sagði við konuna við brunninn:

„Hvern sem drekkur af vatninu, er ég gef honum, mun aldrei þyrsta að eilífu. Því vatnið, sem ég gef honum, verður í honum að lind, sem streymir fram til eilífs lífs.

Þá segir konan við hann: „Herra, gef mér þetta vatn, svo að mig þyrsti ekki

Ég veit að Messías - það er Kristur. Þegar hann kemur, mun hann kunngjöra oss allt.“

Jesús segir við hana: „Ég er hann, ég sem við þig tala.“

Hún „skildi . . . eftir skjólu sína“ fór inn í borgina og bar vitni um hann. (Sjá Jóh 4:6–30.)

Hvað get ég gert?

1. Hvernig getum við sýnt þakklæti fyrir frelsarann og lausnarann, Jesú Krist?
2. Hvernig getum við meðtekið blessanir friðþægingar frelsara okkar?

MÓSE

„Móse var slíkt mikilmenni að jafnvel Kristur var sagður vera líkur þessum forna leiðtoga Ísraelsmanna.“¹ — Öldungur Bruce R. McConkie (1915–85) í Tólfrpostulasveitinni

Ég fæddist í Egyptalandi á þeim tíma er fólk mitt, Ísraelsmenn, var í ánað. Faraó óttaðist vaxandi fjölda ísraelsku þrælanna og bauð því að öll ísraelsk börn af karlkyni yrðu líflátin við fæðingu. Móðir mín faldi mig í kórflu í sefi Nílarfljóts til að vernda mig, þremur mánuðum eftir fæðingu mína. Dóttir faraós fann mig og ól mig upp sem sinn eigin son.²

Þegar ég óx úr grasi fór ég frá Egyptalandi og bjó í Mídíanslandi. Þar kynntist ég Jetró, hirðmanni og presti, og giftist dóttur hans, Sippóru. Ég hlaut Melkisedeksprest-dæmið af hendi Jetrós.³

Eitt sinn er ég gætti hjarðar Jetrós, birtist Drottinn mér í logandi þyrnirunna og bauð mér að frelsa Ísraelsmenn úr ánað.⁴

Ég snéri til Egyptalands og bauð faraó að láta fólk Drottins fara frjálst, en þess í stað þyngdi hann byrðar þess. Drottinn lét margar plágur koma yfir Egyptaland, en Faraó herti hjarta sitt og neitaði enn að gefa Ísraelsmönnum frelsi. Síðasta plágan var eyðandi engill sem deyddi frumgetna syni allra fjölskyldna í Egyptalandi. Ísraelsmenn nutu verndar frá hinum eyðandi engli, með því að roða blóði

flekklauss lambs á dyrastafi sína og halda sig innandyra. Fyrir minn tilverknað innleiddi Drottinn páskamál-tíðina sem helgiathöfn til að minnst kraftaverks hans á hverju ári.⁵

Síðasta plágan knúði Faraó til að láta Ísraelsmenn fara frjálsta. En síðar herti Faraó hjarta sitt og sendi her sinn eftir hinum burtförnu Ísraelsmönnum. Drottinn blessaði mig með krafti til að kljúfa Rauðahafið og við komumst

yfir á þurrt land meðan her faraós drukknaði.⁶

Drottinn leiddi okkur síðan um eyðimörkina í skýi á daginn og eldstólpa um nætur. Hann



MÓSE Í SEFGRASINU © PROVIDENCE COLLECTION; MÓSE KLÝFUR RAUÐAHAFIÐ, EFTIR ROBERT T. BARRETT; MÓSE OG TÖFLURNAR, EFTIR JERRY HARSTON; MÓSE KALLAR ARON TIL ÞJÓNUSTU, EFTIR HARRY ANDERSON; MÓSE OG EIRSORMURINN, EFTIR JUDITH A. MEHR

nærði okkur með vatni, manna og lynghænum.⁷

Ég kleif upp á Sínaífsjall, þar sem ég dvaldi í 40 daga og tók á móti boðorðunum tíu frá Drottini. Þegar ég snéri aftur af fjallinu, höfðu Ísraelsmenn snúið frá Guði og tekið að tilbiðja gullkálfi. Þeir voru ekki lengur verðugir þess að taka á móti lögmálinu sem Guð fékk mér, svo ég braut töflurnar sem það var ritað á. Ég snéri aftur til fallsins, þar sem Drottinn veitti mér óæðra lögmálið, sem nefnt er eftir mínu nafni — Móselögmálið.⁸

Í eyðimörkinni opinberaði Drottinn mér skipulag að uppsetningu tjaldbúðar eða færanlegs musteris. Við bárum tjaldbúðina á ferð okkar, svo við gætum tilbeðið í henni. Í tjaldbúðinni tók fólkið á móti helgiathöfnum og ég ræddi við Drottin „augliti til auglitis, eins og maður talar við mann.“⁹ Drottinn sýndi mér líka hvernig smíða átti sáttmálsörkina, helgan grip sem geymdur var í helgasta hluta tjaldbúðarinnar, hinu allra heilagasta.¹⁰

Þegar Drottinn sendi „eldspúandi höggorma“ til að hirta Ísraelsmenn, var mér boðið að búa til eirhöggorm og lyfta honum hátt upp á stöng, svo að allir sem bitnir voru af höggormum gætu litið upp til hans og hlotið lækningu. Sökum hroka þeirra

og einfaldleika þessarar athafnar, vildu margir ekki líta upp og því fórust þeir.¹¹

Drottinn lét Ísraelsmenn ráfa um í eyðimörkinni í 40 ár, áður en hann leyfði að þeir færu í fyrirheitna landið.¹² Ég komst ekki þangað, en var „uppnuminn í andanum“ og tekinn til Drottins.¹³ ■

HEIMILDIR

1. Bruce R. McConkie, *Mormon Doctrine*, 2. útg. (1966), 515; sjá einnig 5 Mós 18:15–19.
2. Sjá 2 Mós ; 2:1–10.
3. Sjá 2 Mós 2:11–22; Kenning og sáttmálar 84:6.
4. Sjá 3 Mós 3; 4:1–17.
5. Sjá 2 Mós 5–12; Esekíel 45:21.
6. Sjá 2 Mós 14.
7. Sjá 2 Mós 13:21–22; 15:22–27; 16; 17:1–7.
8. Sjá 2 Mós 24:18; 31:18; 32; 34.
9. 2 Mós 33:11.
10. Sjá 2 Mós 25–29; 40:21.
11. Sjá 4 Mós 21:6–9; 1 Ne 17:41; Alma 33:19–20.
12. Sjá 4 Mós 14:33–34.
13. Alma 45:19.


STAÐREYNDASKRÁ: MÓSE

Ritverk Móse: Auk Bókar Móse í Hinni dýrmætu perlu, er Móse höfundur fyrstu fimm bóka Biblíunnar: 1. Mósebókar, 2. Mósebókar, 3. Mósebókar, 4. Mósebókar og 5. Mósebókar.

Hlutverk í fortíluveru: Útvalinn sem stjórnandi ráðstöfunar (sjá Abraham 3:22–23)

Hlutverk í jarðlífi: Leiddi Ísraelsmenn út úr Egyptalandi; var fengið lögmálið á Sínaífsjalli (sjá 2 Mós 12; 20)

Hlutverk í eftirlífi: Birtist á fjalli ummyndunar, veitti Pétri, Jakob og Jóhannesi prestdæmislykla (sjá Leiðarvísir að ritningunum, „Ummyndun,“ scriptures.lds.org); birtist í Kirtland-musterinu í Ohio, Bandaríkjunum, 3. apríl 1836, til að endurreisa og veita Joseph Smith lykla samansöfnunar Ísraels (sjá K&S 110:11)



SJÖ DAGAR TIL PÁSKA

Þið og fjölskylda ykkar getið lært um það sem Jesús gerði meðan hann dvaldi á jörðinni. Byrjið sunnudaginn fyrir páska. Lesið ritningarversin dag hvern, gerið athafnirnar eða syngið sönginn (eða annan söng um efnið). Klippið síðan út myndina af Jesús og límið hana í auða reitinn sem á við um ritningarsöguna. Þegar allir reitirnir hafa verið fylltir, er komið að páskum! ■



DAGUR

- 1** Himneskur faðir sendi son sinn, Jesú Krist, til að fæðast á jörðu.
- Lúk 2:4–7
 - „Hann sendi soninn“ (*Barnasöngbókin*, 34).

DAGUR

- 2** Jesús var eitt sinn barn. Við getum verið eins og hann með því að vera ljúf og góð.
- Lúk 2:40, 52
 - „Jesús var líka lítið barn“ (*Barnasöngbókin*, 55).

DAGUR

- 3** Jesús hélt öll boð-orð himnesks föður, líka boðorðið um að láta skírast.
- Matt 3:13–17
 - „When Jesus Christ Was Baptized“ (*Childrens Songbook*, 102.)

DAGUR

- 4** Jesús gerði mörg kraftaverk, líkt og að lækna veikt fólk, veita blindum sýn og stilla storma.
- Mark 4:36–39
 - „Segðu mér sögur um Jesú“ (*Barnasöngbókin*, 36).

3

2

1

4

DAGUR

5 Við síðustu kvöld-
máltíðina bauð
Jesús lærisveinum
sínnum að meðtaka sakra-
mentið til að hafa hann
ávallt í huga. Þegar við
meðtökum sakramentið
vikulega, getum við líka
haft frelsarann í huga.

- Lúk 22:19–20
- Ræðið við foreldra
ykkar um eitthvað
sem þið getið gert sem
auðveldar ykkur að
hugsa um Jesú meðan
á sakramentinu stendur
á sunnudögum.

DAGUR

6 Vegna þess að
hinneskur faðir og
Jesú elska okkur, þá
kom Jesús til jarðarinnar til
að þjást fyrir syndir okkar,
svo við gætum hlotið fyrir-
gefningu og snúið aftur til
himnesks föður.

- Lúk 22:41–44
- Hvað getið þið gert í
dag til að sýna Jesú að
þið eruð þakklát fyrir
friðþægingu hans?

DAGUR

7 Jesús reis upp,
eftir að hafa verið
í gröfinni í þrjá
daga. Við munum líka
rísa upp, vegna þess að
hann reis upp.

- Jóh 20:15–17
- Lúk 24:36–40
- „Reis Jesús upp?“
(*Barnasöngbókin*, 45).

*Þið getið
hlustað á
söngvana
í þessari
grein á
lds.org/music.*





VIÐ ERUM hendur Drottins

*Að annast hina fátæku og þjóna þeim sem þjást,
er ómissandi þáttur í því að vera lærisveinn Jesú Krists.*

Neil K. Newell
Velferðarþjónusta

Á fyrri hluta Kreppunnar miklu tóku sex stikuforsetar frá Salt Lake City höndum saman um að kljást við stöðugt meiri fátækt og hungur sem herjaði á svo marga meðlimi kirkjunnar.¹ Þótt efnahagskreppan hefði áhrif á fólk hvarvetna, varð Utah sérstaklega fyrir barðinu á henni.²

Á þessum tíma höfðu kirkjuleiðtogar fá úrræði til að hjálpa hinum nauðstöddu. Þeir gátu auðvitað notað föstufórnir, en hin þráláta neyð var meiri en þeir áður höfðu upplifað. Atvinnuleysisnefnd hafði verið stofnuð á fyrri hluta tuttugustu aldar, sem var undir stjórn Yfirbiskupsráðsins. Hún hafði samt ekki næg úrræði til að takast á við hina miklu neyð.

Þessir sex prestdæmisleiðtogar vissu að ef hjálpa ætti fólkinu í stikum þeirra, yrðu þeir að bregðast strax við. Þeir yrðu að gera eitthvað nú þegar. Þeir byrjuðu á því að koma fólki í vinnu. Þeir skipulögðu karlana og fóru með þá út á akrana, þar sem þeir gátu unnið að uppskeru. Í skiptum fyrir vinnuframlagið, létu þakklátir bændurnir örlátlega matvæli af höndum til karlanna. Farið var með umframmagnið í vöruhús og þar var því dreift til annarra sem voru án matar. Framlöggin urðu fleiri og hinir heilögu tóku að niðursjóða matvæli og geyma þau í dósum. Þetta var upphafið að velferðarþjónustu okkar tíma.

Átta áratugum síðar, nú á okkar tímum, upplifa kirkjuleiðtogar víða um heim hina knýjandi þörf að ná til hinna nauðstöddu.

Á aðalráðstefnu í október 2011 sagði Dieter F. Uchtdorf, annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu: „Of oft sjáum við neyðina umhverfis okkur og vonum að einhver annar frá fjarlægum svæðum muni birtast til að takast á við þá neyð. Kannski væntum við þess að fagfólk með sérþekkingu komi og leysi ákveðinn vanda. Þegar við gerum það, fær náungi okkar ekki að njóta þjónustu okkar og við nýtum ekki tækifærið sem gefst til þjónustu. Þótt ekkert nema gott sé hægt að segja um fagfólkið, verðum við að horfast í augu við að það verður aldrei nógu fjölmennt til að leysa öll vandamál. Drottinn hefur því í þessum tilgangi séð til þess að prestdæmið og samtök þess séu rétt við hendina í öllum löndum þar sem kirkjan er stofnsett.“³

Ákall þetta, um að leiðtogar og meðlimir kirkjunnar láti að sér kveða, í samræmi við innblástur heilags anda, hefur knúið marga víða um heim til að „finna lausnir [upp á eigin spýtur].“⁴ Þeir hafa brett upp ermarnar og einsett sér að „[minnast] í öllu hinna fátæku og þurfandi, sjúku og aðþrengdu“ (K&S 52:40).

Ekvador

Þegar Johnny Morante biskup í Guayaquil, Ekvador, varð hugsað um meðlimi deildar sinnar, varð honum þungt um hjarta. Of margar fjölskyldur áttu í basli og höfðu jafnvel ekki brýnustu lífsnauðsynjarnar. Hann vildi hjálpa þeim, svo hann ráðgaðist við leiðtoga deildarinnar og lagði málið fram fyrir Drottin.

Þar sem atvinna á svæðinu var af skornum skammti, hóf hann að starfa með hópi 11 systra og hvatti þær til að koma með hugmyndir að hugsanlegum sprotafyrirtækjum. Systurnar tóku eftir að þörf var á góðum og ódýrum hreingerningarvörum og veltu fyrir sér hvort þær gætu framleitt og selt þær í samfélagi sínu. Hvernig gátu þær lært að búa til slíkar vörur?

Þegar hér var komið uppgötvaði Morante biskup að systir ein í deildinni var atvinnulaus og hafði áður starfað sem lyfjafræðingur. Þegar systurnar 11 spurðu hvort hún gæti hjálpað, varð hún himinlifandi yfir að geta kennt þeim hvernig búa ætti til öruggar og góðar hreingerningarvörur.

Þær gerðu viðskiptaáætlun, skiptu svæðinu niður fyrir hverja systur til að hafa umsjá með, völdu vörurnar sem þær hugðust framleiða og hönnuðu þakningar og vörumerki.

Á nokkrum mánuðum byggðu þær upp viðskiptagrunn, sem aflaði nægilegra tekna til að komast úr fátæktinni og sjá fyrir þörfum fjölskyldna þeirra.

Þegar stjórnendur lyfjafyrirtækis heyrðu af framtakinu, urðu þeir hrifnir af frásögninni um hinn atvinnulausa lyfjafræðing. Þeir fengu hana til að koma í viðtal og réðu hana loks sem yfirstjórnanda eigin framleiðsludeildar.

Rússland

Í Rechnoy-deildinni í Moskvu, Rússlandi, féll Galina Goncharova um koll á svelli og brotnaði á báðum höndum. Farið var með hana á sjúkrahús, þar sem handleggir hennar voru settir í gipsi. Hún gat hvorki borðað, né klætt sig sjálf. Hún gat ekki greitt á sér hárið eða jafnvel svarað í símann.

Þegar meðlimirnir í deildinni hennar heyrðu af slysinu, brugðust þeir undir eins við. Prestdæmishafar veittu þessari góðu systur blessun og unnu að því með systrunum að búa til dagskrá til að annast hana og sjá fyrir þörfum hennar.

Vladimir Nechiporov, trúboðsleiðtogi deildarinnar, sagði: „Við minntumst þess að á aðalráðstefnu hafði verið rætt um höggmynd af Kristi sem vantaði á hendurnar.“⁵



Eftir að Galina Goncharova hafði runnið til og hrasað og handleggsbrotnað, þjónuðu Líknafélagssysturnar og voru sem hendur hennar.

Neðan við höggmyndina hafði einhver sett platta sem á stóð: „Þið eruð mínar hendur.“ Í þær fáeinu vikur sem þessi systir var óstarfhæf, fannst meðlimum Rechnoy-deildarinnar þessi orð eiga við um þá. Við vorum í raun hendur hennar.“

Filippseyjar

Þegar hitabeltisfellibylurinn, Washi, fór yfir Filippseyjar árið 2011, urðu stór svæði fyrir skaða af vatni og vind. Um 41.000 heimili skemmdust og yfir 1.200 manns týndu lífi sínu.

Áður en flóðið skall yfir hafði, Max Saavedra, forseti Cagayan de Oro stikunnar á Filippseyjum, fundið sig knúinn til að koma upp neyðarteymi í stikunni. Hann

skipulagði nefndir til að vinna að hinum ýmsu verkefnum — sem tengdust leit, björgun, skyndihjálp og úthlutun matvæla, vatns og fatnaðar.

Þegar flóðið rénaði og öruggt var að fara út, tóku leiðtogar og meðlimir kirkjunnar til starfa. Þeir gengu úr skugga um öryggi hvers meðlims og mátu skemmdirnar. Einn meðlimanna útvegaði gúmmífleka til að koma meðlimum í sjálfheldu í öryggi. Samkomuhúsin voru opnuð sem skjól fyrir alla sem þurftu mat, klæði, ábreiður og stað til að dvelja á um stund. Hreint vatn var nauðsynlegt, svo Saavedra forseti hafði samband við fyrirtæki á staðnum sem átti slökkviliðsbíl og það flutti hreint vatn í neyðarskýlin. Meðlimir sem höfðu faglega reynslu í heilsugæslu komu hinum slösuðu til hjálpar.

Þegar meðlimunum hafði verið sinnt, vitjuðu Saavedra forseti og hjálparflokkur hans annarra neyðarskýla til að bjóða fram aðstoð sína. Þeir færðu fólkinu matföng og aðrar vörur. Margir meðlimanna þjónuðu öðrum fúslega strax í kjölfar fellibylsins, þrátt fyrir að hafa misst eigin heimili. Þegar regninu linnði og jörðin þornaði, tóku sjálfboðaliðar Hjálparhanda mormóna til starfa við vörudreifingu og hreinsun.

Brasilía

Í borginni Sete Lagoas í Brasilíu er athvarf fyrir konur með fötlun sem hafa orðið illa úti sökum eiturlyfjaneyslu. Dag hvern heyja þær lífsbaráttu. Þar höfðu þær lítinn ofn sem þær notuðu til að baka 30 brauðhleifi á hverjum degi. Þótt konurnar hafi notið nokkurrar aðstoðar frá hjálparsamtökum á svæðinu, höfðu þær vart nóg til að næra sig sjálfar. Þegar kirkjuleiðtogar frá Sete Lagoas-stikunni í Brasilíu komust að neyð þessara kvenna vildu þeir koma til hjálpar.

Þeir ræddu við konurnar um þarfir þeirra. Konurnar sögðu að ef þær gætu bakað fleiri brauð, gætu þær ekki aðeins fætt sig sjálfar, heldur hugsanlega líka selt fáeina brauðhleifi og unnið sér þannig inn einhverjar tekjur sem þær sárlega þyrftu.

Leiðtogar og meðlimir kirkjunnar störfuðu saman með

herlögreglu svæðisins og skóla í nágrenninu til að bæta hag þessara kvenna. Með fjárveitingu úr mannúðarsjóði kirkjunnar og hjálp sjálfboðaliða kirkjunnar og samfélagsins, gátu þær sett á stofn bakarí — sem gerði konunum kleift að baka 300 brauðhleifi á dag.

Með hagnaðinum sem þær hafa fengið, hafa konurnar í bakaríinu ráðið sinn fyrsta starfsmann — eina af konunum úr kvennaathvarfinu.

Velferðarstarfið

Líkt og hinir innblásnu leiðtogar kirkjunnar sáu hina miklu neyð fyrir áratugum síðan og létu ekki deigan síga, þá gera leiðtogar og meðlimir kirkjunnar víða um heim nú hið sama á sínum svæðum og á sinn hátt.

Þegar Uchtdorf forseti beindi máli sínu til kirkjunnar um að annast aðra, sagði hann: „Háttur Drottins er ekki sá að menn sitji við lækjarbakkann og bíði þess að vatnið hætti að renna áður en yfir er farið. Háttur hans er að koma saman, bretta upp ermar, taka til starfa og byggja brú eða bát til að komast yfir flóð áskorana okkar.“⁶

Að annast hinna fátæku og þjóna þeim sem þjást, er ómissandi þáttur í því að vera lærisveinn Jesú Krists. Það er verkið sem Jesús Kristur sjálfur helgaði sig, er hann þjónaði fólkinu á hans tíma. Uchtdorf forseti sagði að lokum: „Umönnunarverkið að hætti Drottins er ekki bara eitt atriði í verkskrá kirkjunnar. Það má hvorki vanmeta né vanrækja. Það er þungamiðja kenningar okkar; það er kjarni trúarbragða okkar.“⁷ ■

HEIMILDIR

1. Fjórir þessara stikuforseta, — Hugh B. Brown, Harold B. Lee, Henry D. Moyle og Marion G. Romney — voru síðar kallaðir sem postular og allir fjórir þjónuðu þeir síðar í Æðsta forsætisráði kirkjunnar. Harold B. Lee varð 11. forseti kirkjunnar.
2. Árið 1930 var atvinnuleysið í Bandaríkjunum skráð næst hæst í Utah. Sjá Garth L. Mangum og Bruce D. Blumell, *The Mormons' War on Poverty: A History of LDS Welfare 1830–1990* (1993), 95.
3. Dieter F. Uchtdorf, „Providing in the Lord's Way,” *Liahóna*, nóv. 2011, 54.
4. Dieter F. Uchtdorf, „Providing in the Lord's Way,” 55.
5. Sjá Dieter F. Uchtdorf, „You Are My Hands,” *Liahóna*, maí 2010, 68.
6. Dieter F. Uchtdorf, „Providing in the Lord's Way,” 55.
7. Dieter F. Uchtdorf, „Providing in the Lord's Way,” 55–56.



Meðlimir Æðsta forsætisráðsins og Tólfpóstulasveitarinnar eru nútíma spá-
menn, sjáendur og opinberarar og eru „sérstök vitni nafns Krists um allan
heim“ (K&S 107:23). Sem slíkir bera þeir ábyrgð á að vitna um guðleika
Jesú Krists og hlutverk hans sem frelsara og lausnara heimsins.

Hér á eftir eru tilvitnanir í þessa útvöldu erindreka, er þeir miðla vitnisburði sínum
um friðþægingu frelsarans, upprisu hans og lifandi raunveruleika.

Sérstök vitni bera vitni um hinn lifandi Krist



Jesús er frelsari okkar

„Af öllu hjarta og mætti sálar minnar hef ég upp raust mína og gef vitnis-

burð minn sem sérstakt vitni og lýsi því yfir að Guð lifir. Jesús er sonur hans, hinn eingetni föðurinn í holdinu. Hann er frelsari okkar, meðal-göngumaður okkar hjá föðurnum. Hann er sá sem dó á krossinum og friðþægði fyrir syndir okkar. Hann varð frumgróður upprisunnar. Vegna þess að hann dó, munu allir lifa aftur. „Ég veit minn lifir lausnarinn. Hve ljúf ég þessi orðin finn.“ [„Ég veit minn lifir lausnarinn,” *Sálmar*, nr. 36].”

Thomas S. Monson forseti, „I Know That My Redeemer Lives!” *Liahóna*, maí 2007, 25.



Ég er vitni

„Ég er vitni að upprisu Drottins eins örugglega og ef ég hefði verið með lærisvein-

unum tveimur í húsinu við Emmaus veginn. Ég veit að hann lifir eins örugglega og Joseph Smith vissi það þegar hann sá föðurinn og soninn í skæru ljósi morgunsins í trjálundinum í Palmyra. . . .

„ . . . Ég vitna um það, sem vitni hins upprisna frelsara og endurlausnara okkar.”

Henry B. Eyring, fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, „Come unto Me,” *Liahóna*, maí 2013, 25.



Friðþægingin og sálhjálp

„Guð faðirinn er höfundur fagnaðararindisins; það er lykilatriði áætlunar

Guðs um sálhjálp eða endurlausn.“ Það er kallað fagnaðararindi Jesú Krists vegna þess að friðþæging Jesú Krists gerir endurlausnina og sálhjálpina mögulega. Fyrir friðþægingu hans eru allir karlar, konur og börn skilyrðislaust endurleyst frá líkamlegum dauða, og öll verða endurleyst frá eigin syndum með því skilyrði að þau meðtaki og hlýði fagnaðararindi Jesú Krists. . . .

Um það ber ég vitni af öllu hjarta og huga.“

Dieter F. Uchtdorf, annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, „Have We Not Reason to Rejoice?” *Liahóna*, nóv. 2007, 19, 21.



Jesús er Kristur

„Ég veit að Guð er faðir okkar. Hann kynnti son sinn, Jesú Krist, fyrir Joseph Smith. Ég lýsi yfir fyrir ykkur að Jesús er Kristur. Ég veit að hann lifir. Hann fæddist á hádegisbaugi tímans. Hann kenndi fagnaðarerindi sitt og var reyndur. Hann þjáðist og var krossfestur og reis upp á þriðja degi. Hann, líkt og faðir hans, hefur líkama af holdi og beinum. Hann gerði friðþægingu sína að veruleika. Um hann ber ég vitni. Ég er vitni hans.“

Boyd K. Packer, forseti Tölpóstulasveitarinnar, „The Twelve,” *Liahóna*, maí 2008, 87.



Lausnargjald fyrir mannkynið

„[Jesús Kristur] er kjarninn í eilífri áætlun föðursins, frelsarinn sem útnefndur var til lausnar mannkyni. Guð sendi elskaðan son sinn til að sigrast á falli Adams og Evu. Hann kom til jarðar sem frelsari okkar og lausnari. Hann sigraðist á hindrunum líkamlegs dauða fyrir okkur með því að gefa líf sitt. Þegar hann lét lífið á krossinum, fór andi hans úr líkamanum. Á þriðja degi voru andi hans og líkami sameinaðir að eilífu og verða aldrei aftur aðskildir.“

Öldungur L. Tom Perry, í Tölpóstulasveitinni, „The Plan of Salvation,” *Liahóna*, nóv. 2006, 71.



Mikilvægasta verk mannkynssögunnar

„Friðþæging [frelsarans] fór fram í Getsemanegarðinum, þar sem sviti hans varð eins og blóðdropar (sjá Lúk 22:44), og á Golgata, þar sem líkama hans var lyft upp á krossi á þeim stað sem nefndist ‚Hauskúpustaður,’ sem var táknrænn fyrir dauðann (Mark 15:22; Matt 27:33; sjá einnig 3 Ne 27:14). Þessi algjöra friðþæging leysti manninn úr viðjum dauðans (sjá 2 Ne 9:7). Friðþæging frelsarans gerði uppreisuna að veruleika og eilíft líf mögulegt fyrir alla. Friðþæging hans varð mikilvægasta verk allrar mannkynssögunnar.“

Öldungur Russell M. Nelson, í Tölpóstulasveitinni, „The Peace and Joy of Knowing the Savior Lives,” *Liahóna*, des. 2011, 22.



Fórn fyrir synd

„Jesús Kristur leið óskiljanlegar þjáningar er hann varð sjálfur að fórn fyrir syndir okkar allra. Sú fórn fól í sér hið fullkomna góða — hið saklausa og lýtalausa lamb — fyrir alla hugsanlega illsku — syndir alls heimsins. . . .

„Sú fórn — friðþæging Jesú Krists — er kjarni sálhjalparáætlunarinnar. . . .

Ég veit að Jesús Kristur er hinn eingetni sonur Guðs, hins eilífa föður. Ég veit að sökum friðþægingarfórnar hans, höfum við fullvissu um ódauðleika og möguleika á eilífu lífi. Hann er Drottinn okkar, lausnari okkar og frelsari.“

Öldungur Dallin H. Oaks, í Tölpóstulasveitinni, „Sacrifice,” *Liahóna*, maí 2012, 19, 22.



Frelsarinn leiðir kirkju sína á okkar tíma

„Friðþæging Jesú Krists var ómissandi þáttur í áætlun himnesks föður fyrir jarðneskt hlutverk hans og sáluhjáp okkar. Hve þakklát við ættum að vera fyrir að himneskur faðir hafi ekki komið sínum ástkæra syni til bjargar og þannig fylgt sinni föðurlegu eðlishvöt. Hann leyfði Jesú að ljúka við sitt forvígða ætlunarverk að verða lausnari okkar, sökum þeirrar eilífu elsku sem hann ber til okkar allra. . . .

Jesús Kristur, frelsari okkar og lausnari, er ekki dáinn. Hann lifir — hinn upprisni sonur Guðs lifir — það er vitnisburður minn og að hann leiðir kirkju sína á okkar tíma.”

Öldungur M. Russell Ballard, í Tölfrpostulasveitinni, „The Atonement and the Value of One Soul,” *Liahóna*, maí 2004, 85, 86.



Von okkar, meðalgöngumaður okkar, lausnari okkar

„Við finnum öryggi í [okkar himneska föður] og hans ástkæra syni, Jesú Kristi. Ég veit að frelsarinn elskar ykkur. Hann mun staðfesta viðleitni ykkar til að styrkja vitnisburð ykkar, svo hann verði ríkjandi kraftur til góðs í lífi ykkar, kraftur sem mun efla ykkur á hverri neyðarstund og veita ykkur frið og fullvissu á þessum óvissutímum.

Ég, sem einn af postulum hans, og réttmætur valdhafi til að vitna um hann, ber háttíðlega vitni um að ég veit að frelsarinn lifir, að hann er upprisni og dýrðleg vera fullkominnar elsku. Hann er von okkar, meðalgöngumaður okkar, lausnari okkar.“

Öldungur Richard G. Scott, í Tölfrpostulasveitinni, „The Power of a Strong Testimony,” *Liahóna*, jan. 2002, 103.



Bergja hinn beiska bikar

„Í Getsemanegarðinum, hörfaði frelsari okkar og lausnari ekki undan því að bergja hinn beiska bikar friðþægingarinnar [sjá K&S 19:16–19]. Og á krossinum þjáðist hann aftur og laut vilja föður síns, þar til hann að lokum gat sagt: „Það er fullkomnað.“ [Jóh 19:30]. Hann stóðst allt til enda. Viðbrögð himnesks föður við fullkominni hlýðni og staðfestu frelsarans voru: „Sjá minn elskaða son, sem ég hef velþóknun á. Í honum hef ég gjört nafn mitt dýrðlegt“ [3 Ne 11:7].

„ . . . gerum nafn Guðs dýrðlegt með því að standa staðföst með frelsara okkar, Jesú Kristi. Ég ber mitt sérstaka vitni um að hann lifir.“

Öldungur Robert D. Hales, í Tölfrpostulasveitinni, „Stand Strong in Holy Places,” *Liahóna*, maí 2013, 51.



Eina fullkomna barn Guðs

„Ég veit að Guð er öllum stundum og á allan hátt og í öllum kringumstæðum, kærleiksríkur og fyrirgefandi faðir okkar á himnum. Ég veit að Jesús var hans ein fullkomna barn, hvers líf var fúslega gefið bæði af föðurnum og syninum, til frelsunar okkar allra sem ekki erum fullkomin. Ég veit að hann reis upp frá þeim dauða til að lifa að nýju og vegna þess munum við líka lifa.“

Öldungur Jeffrey R. Holland, í Tölfrpostulasveitinni, „Lord, I Believe,” *Liahóna*, maí 2013, 95.



Ég veit að frelsarinn lifir

„Ég lýsi yfir vitnisburði mínum og þakklæti fyrir hina óendanlegu og eilífu fórn Drottins Jesú Krists. Ég veit að frelsarinn lifir. Ég hef bæði upplifað endurleysandi og virkjandi kraft hans og ber vitni um að kraftur þessi er raunverulegur og aðgengilegur okkur öllum. Við getum vissulega sigrast á öllu ‚með Drottins styrk,‘ er við tökumst á við ferð okkar um hinn dauðlega heim.“

Öldungur David A. Bednar, í Tólfpostulasveitinni, „The Atonement and the Journey of Mortality,” *Liahóna*, apríl 2012, 19.



Kristur uppfyllti hlutverk sitt

„[Frelsarinn] tók á sig ‚syndabyrði mannkyns‘ og ‚skelfinguna sem Satan . . . meгнаði að setja fram‘ [James E. Talmage, *Jesus the Christ*, 613]. Í því ferli tókst hann á við hin stuttu og sviksamlegu réttarhöld og hina hræðilegu og hörmulegu atburði sem leiddu til krossfestingar hans. Þeir leiddu svo að lokum til sigurs Krists og upprisunnar á páskasunnudegi. Kristur uppfyllti sitt helga hlutverk sem frelsari og lausnari. Við munum rísa upp frá dauðum og fá andann sameinaðan líkama okkar. . . .

Ég ber sem postuli vitni um að Jesú Kristur lifir og er frelsari og lausnari heimsins. Hann hefur skapað leið sannrar hamingju.“

Öldungur Quentin L. Cook, í Tólfpostulasveitinni, „We Follow Jesus Christ,” *Liahóna*, maí 2010, 83–84, 86.



Frelsarinn endurleysti okkur

„Þjáningar frelsarans í Getsemanegarðinum og helstríðið á krossinum endurleysir okkur frá synd með því að uppfylla þær kröfur sem réttlætið hefur á hendur okkur. Hann býður fram miskunn og fyrirgefur þeim sem iðrast. Friðþægingin fullnægir einnig þeirri skuld sem réttlætið skuldar okkur með því að græða og bæta fyrir hverja þá þjáningu sem við óverðskuldað verðum fyrir. Því að sjá, hann ber þjáningar allra manna, já, þjáningar hverrar lifandi veru, bæði karla, kvenna og barna, sem tilheyra fjölskyldu Adams‘ (2 Ne 9:21; sjá einnig Alma 7:11–12). . . .

„ . . . Hin endanlega endurlausn er í Jesú Kristi og honum einum. Í auðmýkt og þakklæti viðurkenni ég hann sem endurlausnara.“

Öldungur D. Todd Christofferson, í Tólfpostulasveitinni, „Redemption,” *Liahóna*, maí 2013, 110, 112.



Upprisan og lífið

„Um fram allt lýsum við yfir að frelsari okkar og lausnari er Jesús Kristur. Allt það sem við erum — allt það sem við nokkru sinnum verðum — eigum við honum að þakka. . . .

Orð hans enduróma um aldri:

„Ég er upprisan og lífið. Sá sem trúir á mig, mun lifa, þótt hann deyi.

Og hver sem lifir og trúir á mig, mun aldrei að eilífu deya,‘ (Jón 11:25–26).

Bræður og systur, hann lifir. Hann er upp risinn. Hann leiðir sitt heilaga verk á jörðunni.“

Öldungur Neil L. Andersen, í Tólfpostulasveitinni, „Come unto Him,” *Liahóna*, maí 2009, 80.



SPURNINGAR OG SVÖR

Hvernig lítur upprisinn einstaklingur út?

„Eftir að við höfum lifað þessu lífi, munu . . . líkamar okkar vera gerðir dýrðlegir, óháðir öllum sjúkdómum og þjáningum og afar fall-egir.“ Ekkert er fallegra ásýndar en upprisinn karl eða kona. Ekkert er mikilfenglegra en karl [eða kona] sem hefur upprisinn líkama, fæ ég

ímyndað mér. Sérhver Síðari daga heilagur . . . væntir þess vissulega að koma fram að morgni fyrstu upprisunnar, gjörður dýrðlegur og upphafinn í návist Guðs.“

Lorenzo Snow forseti (1814–1901), í Conference Report, okt. 1900, 4.





Fylgið SPÁMANNINUM

Fyrir nokkrum árum, stuttu fyrir aðalráðstefnu, kenndi Thomas S. Monson forseti dásamlega lexíu. Það var á samkomu aðalvaldhafa, sem höfðu komið til Salt Lake City, Utah, og margir þeirra frá stöðum víða um heim, þar sem þeir þjónuðu í svæðisforsætisráðum. Við höfðum komið saman til að hljóta kennslu frá Æðsta forsætisráðinu og Tólfpostulasveitinni.

Pegar samkoman átti að hefjast, virtust allir mættir nema Monson forseti. Nokkrum mínútum áður en samkoman hófst, hættum við að ræða saman, sátum lotningafullir og hlustuðum á forspilið og væntum þess að spámaðurinn kæmi á hverri stundu.

Við biðum þolinmóðir þar til klukkan varð níu og fram yfir það. Einhver gekk út um hliðardyrnar — greinilega til að komast að því hvort aðstoðar þyrfti við. Þegar sá kom til baka, sagði hann: „Monson forseti kemur rétt bráðum.“

Um fimmtán mínútum síðar gekk Monson forseti inn í salinn. Við stóðum upp til að sýna honum virðingu. Við glöddumst yfir að sjá hann og hraustlegt útlit hans. Engin augljós ástæða var fyrir því að hann kom of seint.

Monson forseti gekk rakleiðis að ræðustólnum og sagði: „Bræður, mér þykir leitt að koma of seint, en eiginkona mín þurfti á mér að halda í morgun.“

Ég fann til mikillar auðmýktar og þessi orð hans hurfu ekki úr huga mínum.

Þetta var afar mikilvæg samkoma. Allir æðstu leiðtogar kirkjunnar voru þarna saman komnir og Monson forseti var okkur öllum fyrirmynd. Eiginkona hans þarfnaðist hans og hann hafði gefið sér tíma til að annast hana. Þetta var

Þegar við fylgjum Monson forseta og reynum að líkja eftir honum, munum við óhjákvæmilega verða betri lærisveinar Drottins Jesú Krists.

stórkostleg prédikun. Ég man ekki eftir neinu öðru sem sagt var þennan dag, nema þessum orðum: „Eiginkona mín þurfti á mér að halda.“

Fylgja fordæmi spámansins

Ég legg til fimm leiðir sem við getum gert til að fylgja fordæmi Monsons forseta.

1. Við getum verið jákvæð og hamingjusöm.

Í Hinni dýrmætu perlu lýsir spámaðurinn Joseph Smith yfir „glaðlyndi“ sínu (Joseph Smith — Saga 1:28). „Glaðlyndi“ er líka eiginleiki Monsons forseta.

Eitt sinn sagði Monson forseti: „Við . . . getum valið að hafa jákvætt viðhorf. Við getum ekki stýrt vindinum en við getum aðlagð seglin. Við getum með öðrum orðum valið að vera hamingjusöm og jákvæð, hvað sem á vegi okkar verður.“¹

Eitt sinn beið ég fyrir utan nefndarherbergi Æðsta forsætisráðsins. Mér hafði verið boðið þangað á fund til að ræða málefni tengd musterunum. Ég sat einn og hljóður fyrir utan herbergið. Ég hélt að Æðsta forsætisráðið væri þegar að funda og að mér yrði boðið inn að fáeinum mínútum liðnum.



Í hverri musterisvígslu beinir Monson forseti athygli sinni að börnunum. Hann hefur unun af því að hafa þau með við hornsteinsvígsluna.

Þar sem ég sat heyrði ég einhvern koma blístrandir eftir ganginum. Mér varð hugsað: „Einhver skilur ekki réttar siðareglur. Maður gengur ekki um blístrandir fyrir utan skrifstofu forseta kirkjunnar.“

Andartaki síðar kom sá sem flautaði gangandi fyrir hornið — það reyndist vera Monson forseti. Hann var glaður og jákvæður. Hann heilsaði mér innilega og sagði: „Ég býst við að við hefjum fundinn innan nokkurra mínútna.“

Þótt hann hafi þunga allrar kirkjunnar á baki sínu, er hann glaður og ætíð jákvæður. Þannig ættum við að vera.

2. Við getum verið ljúf og ástúðleg við börnin.

Jesús ræddi oft um börnin. Spámaður hans, Monson forseti, ræðir líka oft um börnin. Ég hef einkum séð við vígslur mustera hvernig hann sýnir börnum elsku og kennir okkur með eigin fordæmi hvernig okkur ber að koma fram við þau. Í hverri musterisvígslu beinir hann athygli sinni að börnunum. Hann hefur unun af því að hafa þau með í hornsteinsathöfninni og býður ætíð nokkrum þeirra að setja múrblöndu á hornsteininn til að þau geti tekið þátt í hinni táknrænu lúkningu mustervis. Hann gerir það þeim ánægjulegt. Hann gerir það þeim minnisstætt. Hann brosir ætíð breitt fyrir þau. Hann hvetur þau og hrósar. Það er dásamlegt að horfa á það.

Ljúfar kveðjur hans fela oft í sér handasmell, eyrnablökun og hvatningu til að þjóna í trúboði og giftast í musterinu.

Fyrir nokkrum árum átti Monson forseti að vígja Oquirrh Mountain-musterið í Utah á afmælisdegi sínum. Þegar hann kom að musterinu og nálgast aðaldyr þess, hafði hópur ungs fólks komið þar saman. Unga fólkið vissi augljóslega að Monson forseti átti afmæli, því það tók að syngja „Hann á afmæli í dag“ fyrir hann. Hann staldraði við og horfði á þau skælbrosandi. Hann veifaði meira að segja höndunum, líkt og hann væri að stjórna söng þeirra. Eftir það bættu þau við stefinu „Hann lengi lífi.“ Hann sagði við mig: „Þetta er besti hlutinn.“

Börnin og æskufólk kirkjunnar elska hann og þau efast ekki um elsku hans til þeirra.

3. Við getum fylgt innblæstri andans.

Monson forseti lýsti fagurlega hollustu sinni við Drottin og staðfestu sinni að fylgja innblæstri andans með þessum orðum: „Ljúfasta reynslan sem ég þekki í þessu lífi er að finna innblástur andans og fylgja honum og komast síðar að því að hann var til að uppfylla bæn einhvers í neyð.“ Ég vil ætíð að Drottinn viti, að Tom Monson muni reka erindi hans, ef hann hefur þörf á erindreka.²

Þetta er fyrirmynd sem hvert okkar ætti að sækjast eftir að lifa eftir.

4. Við getum elskað musterið.

Saga kirkjunnar mun sýna að Monson forseti verður einn þeirra sem staðið hefur fyrir því að mörg musteri hafa verið reist. Frá því að hann varð forseti í febrúar 2008, hefur hann viðhaldið hinu mikla starfi að byggja musteri. Á þeim sex árum sem Monson forseti hefur verið spámaður hefur hann tilkynnt um byggingaráætlun 33 mustera.

Monson forseti sagði: „Megi sérhvert okkar lifa verðuglega, með hreinar hendur og flekklaust hjarta, svo musterið hafi áhrif á líf okkar og fjölskyldu.“³

Hann hefur líka gefið þetta dásamlega loford: „Þegar við snertum, elskum og förum í musterið, mun líf okkar endurspegla trú okkar. Þegar við förum í hið helga hús, og minnumst sáttmálanna sem við gerðum þar,

munum við standast hverja raun og freistingu.“⁴

Við skulum fylgja fyrirmyndinni sem spámaðurinn hefur gefið okkur um að elska musteríð.

5. Við getum verið ljúf, tillitsöm og ástúðleg.

Monson forseti er dásamlegt fordæmi um að elska aðra. Þrátt fyrir miklar annir, hefur öll hans þjónusta verið helguð því að vitja heimila; leggja hendur yfir höfuð til að blessa; hringja óvænt símtöl til að hugga og hvetja; senda bréf til hvatningar, ábendingar og þakklætisvotts; fara á sjúkrahús og umönnunarheimili; og gefa sér tíma til að fara í útfarir og kistulagningar.

Líkt og frelsarinn gerði, þá hefur Thomas S. Monson forseti gengið um, gjört gott (sjá Post 10:38) og blessað og elskað aðra; það hefur verið drifkraftur hans í lífinu.

Undravert fordæmi um ljúfmennsku Monsons forseta gerðist árið 2012. Þegar hið fallega Brigham City musterí í Utah var næstum fullgert, hitti ég Æðsta forsætisráðið til að ræða áætlun um vígslu þess. Þar sem Brigham City var aðeins í einnar klukkustundar akstursfjarlægð norður af Salt Lake City, hefði Monson forseta reynt afar auðvelt að fara þangað til vígslunnar.

En Monson forseti sagði: „Þetta er heimabær Boyds K. Packer forseta, þessa mikla postula sem setið hefur mér við hlið meðal hinna Tólf í svo mörg ár. Ég vill að hann njóti þess heiðurs og blessunar að vígja musteríð í heimabæ sínum. Ég mun halda mig fjarri og fela Packer forseta að vígja Brigham City musteríð. Ég vil að þetta verði hans dagur.“

Dagurinn varð dásamlegur fyrir Packer forseta og systur Packer, sem hafði líka alist upp í Brigham City. Ég var afar hræður af ljúfmennsku Monsons forseta og göfuglyndi hans í garð sampostula síns. Við getum öll verið þannig. Við getum deild með öðrum og verið ljúf og hugsað meira um þá sem umhverfis eru.

Fyrirmynd spámans

Monson forseti hefur kennt okkur hvernig okkur ber að haga lífi okkar, með sínum dásamlega og



Líkt og frelsarinn gerði, þá hefur Monson forseti gengið um og gert gott og blessað og elskað aðra; það hefur verið drifkraftur hans í lífinu.

innblásna boðskap á aðalráðstefnum. Hann hefur kennt okkur hvernig fylgja á Jesú Kristi með sínu dásamlega og undursamlega fordæmi. Drottinn hefur vissulega gefið okkur fyrirmynd í öllu og ein sú fyrirmynd sem við ættum að keppa að er að fylgja okkar ástkæra spámanni.

Ég ber vitni um að það er Guð á himnum sem þekkir og elskar okkur. Hann hefur gefið okkur spámann — til að kenna okkur og leiða á þessum síðari dögum. Ég trúi að Drottinn væntir þess að við elskum og styðjum spámanninn og fylgjum fordæmi hans.

Ég tel það mikla blessun að vera uppi á þeim tíma er Thomas S. Monson forseti er spámaður Drottins. Þegar við fylgjum honum og reynum að líkja eftir honum, munum við óhjákvæmilega verða betri lærisveinar Drottins Jesú Krists. ■

Trúarræða flutt í Brigham Young háskólanum—Idaho 5. maí, 2013 í tengslum við Fræðsludeild kirkjunnar. Til að lesa alla ræðuna: lds.org/broadcasts.

HEIMILDIR

1. „Messages of Inspiration from President Monson,“ *Church News*, 2. sept. 2012, 2.
2. *On the Lord's Errand* (DVD, 2008).
3. Thomas S. Monson, „Blessings of the Temple,“ *Liahóna*, okt. 2010, 19.
4. Thomas S. Monson, *Be Your Best Self* (1979), 56; Skáletrað hér.



Filippseyjar

ANDLEGUR
STYRKUR
Á EYJUM
ÚTHAFS

Á hinu stutta 53 ára tímasteiði hefur kirkjan upplifað mikinn styrk og vöxt á Filippseyjum, sem kunnar eru sem „Hin austræna perla.“

Augusto A. Lim, fannst boðskapurinn sem tveir ungir menn frá Bandaríkjunum færðu honum, vera staðfesting á reglum sem hann vissi þegar að væru sannar. Augusto, sem var kristinn ungur lögfræðingur, sagði að kenningar, líkt og áframhaldandi opinberun, væru nokkuð sem hann tryði á, „jafnvel þegar hann var í grunnskóla og framhaldsskóla.“¹

Eftir nokkra mánuði samþykkti Augusto að sækja sunnudagabjónustur og taka áskoruninni um að lesa Mormónsbók og biðja vegna hennar. „Ég tók að lesa Mormónsbók af alvöru, í sama anda og Moróni hvatti okkur að gera. Þegar ég gerði það, í þrá eftir að vita hvort hún væri sönn, þá hlaut ég vitnisburð — eftir að hafa lesið fáeinar málsgreinar,“ — sagði hann.²

Í október 1964 skírðist Augusto Lim og varð frumkvöðull Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu á Filippseyjum, og eiginkona hans og börn voru skírð skömmu síðar. Í dag, eftir áratuga trúfasta þjónustu í kirkjunni — sem fól í sér köllun árið 1992 um að þjóna sem aðalvaldhafi, en hann var fyrsti Filippseyingurinn sem þjónaði í þeirri stöðu — er bróðir Lim einn af hundruðum þúsunda trúfastra Síðari daga heilagra sem búa á „Hinni austrænu perlu.“

Frjósamt land

Um 550 árum fyrir fæðingu Jesú Krists, lofaði Drottinn Nefí, spámanni í Mormónsbók: „Ég . . . man eftir þeim

sem eru á eyjum sjávar,“ og læt orð mín berast til manna barna, já, til allra þjóða á jörðunni“ (2 Ne 29:7). Filippseyjar koma í hug margra sem lesið hafa hin dýrmætu orð „eyjur sjávar.“

Íbúafjöldi filippseyska lýðveldisins, sem er eyjaklasi um 7100 eyja í suðausturhluta Asíu, nálgast nú 100 milljóna- markið Þetta eru hitabeltiseyjar, sem byggðar eru vinalegu, hressu og auðmjúku fólki. Algengt er þó að eyjarnar verði fyrir jarðskjálftum, fellibyljum, eldgosum, flóðbylgjum og fleiri náttúruhamförum og þjóðin á í margvíslegum félags- hagfræðilegum vanda. Mikil örbirgð er viðvarandi áskorun og Filippseyingar hafa upplifað pólitískan óstöðugleika og efnahagskreppur.

Fyrir þeim sem eru kunnugir háttum Drottins, þá eru Filippseyjar frjósamar til sáningar sáðkorna fagnaðarerindisins. Margir Filippseyingar tala ensku, sem líka er þjóðartungumál, ásamt tagalogísku og fleiri eyjamálískum, Yfir 90 prósent íbúanna eru kristnir og má rekja það til þess að Spánverjar ríktu þar um langa tíð. Í miklum minnihluta eru svo múslimar.

Fyrsta tilraunin til að kynna kirkjuna á Filippseyjum var gerð 1898, í spánsk-ameríska stríðinu, af Willard Call og George Seaman, Síðari daga heilagra hermönnum frá Utah, sem höfðu verið kallaðir sem trúboðar áður en þeir hófu ferð sína til eyjanna. Þeir boðuðu



Unga fólkíð á Filippseyjum nýtur velgengni með því að lifa eftir reglum fagnaðarerindisins og er öflugt leiðtogaefni í kirkju Drottins.

fagnaðarerindið þegar tækifæri gáfust, en engar skírnr fylgdu í kjölfarið.

Í Síðari heimsstyrjöldinni komu nokkrir Síðari daga heilagir við á ýmsum stöðum á eyjunum með framrás herafra bandamanna. Árin 1944 og 1945 héldu hermanna-hópar kirkjusamkomur á fjölmörgum stöðum og nokkuð margir SDH hermenn og verkamenn í hernum urðu eftir á Filippseyjum þegar stríðinu lauk. Meðal þeirra voru Maxine Tate og nýskírður trúskiptingur að nafni Jerome Horowitz. Báðir sögðu þeir Anicetu Fajardo frá fagnaðarerindinu. Meðan bróðir Horowitz aðstoðaði við að endurbýggja hús Anicetu á útsprengdu svæði í Manila, sagði hann Anicetu og dóttur hennar, Ruth, frá trúnni sem hann hafði nýverið uppgötvað.

Aniceta hlaut vitnisburð og þráði að láta skírast, en kirkjan heimilaði ekki að Filippseyningar skírðust á þessum tíma, því engar varanlegar kirkjueiningar voru á eyjunum. Öldungur Harold B. Lee (1899–1973), í Tólfpostulasveitinni, frétti af þrá Anicetu og þar sem hann var formaður Hinnar almennu herþjónustunefndar, veitti öldungur Lee Anicetu leyfi til að láta skírast. Á páskadagsmorgni árið 1946 var Aniceta Fajardo skírð af hermanningnum Loren Ferre og er nú viðurkennd sem fyrsti Filippseyingurinn sem varð meðlimur Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu.

Upphaf trúboðsstarfs

Að stríðinu loknu voru kirkjuhópar skipulagðir í tveimur Bandarískum herstöðvum — Clark Air herstöðinni og Subic Bay Naval herstöðinni — er Síðari daga heilagra herþjónustufólk horfði fram til þess að viðvera kirkjunnar yrði formlegri á Filippseyjum. Hinn 21. ágúst 1955, vígði Joseph Fielding Smith forseti (1876–1972) Filippseyjar til boðunar fagnaðarerindisins. Lagalegar hömlur töfðu þó komu trúboða til eyjanna fram til ársins 1961,

Árið 1960 heimsótti öldungur Gordon B. Hinckley (1910–2008), þá í Tólfpostulasveitinni, Filippseyjar í nokkra daga og sagði: „Ég hef þá skoðun að trúboðsstarfið verði . . . jafn árangursríkt hér og á mörgum öðrum stöðum í heiminum.“³ Næsta ár, að loknum miklum undirbúningi og skrifinnsku, af hendi Maxine Tate Grimm og Robert S. Taylor forseta Southern Far East trúboðsins, sem og vina utan kirkjunnar, kom öldungur Hinckley aftur til Filippseyja til að endurvígja eyjarnar til að trúboðsstarfið gæti hafist.

Hinn 28. apríl 1961 kom öldungur Hinckley saman með fámennum hópi kirkjuþegna í hernum í útjaðri Manila, bandarískum íbúum og einum filippseyskum meðlimi — David Lagman — og bað þess sérstaklega „að þúsundir mættu taka á móti þessum boðskap og hljóta blessun af því.“⁴ Orð þessi, sem sannur þjónn Drottins flutti, urðu brátt að spádómi.

Fyrstu fjórir trúboðarnir — Raymond L. Goodson, Harry J. Murray, Kent C. Lowe og Nester O. Ledesma — komu til Manila nokkrum vikum síðar. „Filippseyingar tóku afar fúslega á móti fagnaðarerindinu,“ sagði öldungur Lowe. „Þegar höfuð fjölskyldu ákvað að ganga í kirkjuna þá, í mörgum tilfellum, gekk öll fjölskylda hans, líka í kirkjuna.“⁵

Framrás kirkjunnar

Starfinu miðaði vel áfram og Filippseyjatrúboðið var stofnað árið 1967. Í lok þess árs voru 3.193 meðlimir í trúboðinu og 631 af þeim höfðu snúist til trúar á því ári. Árið 1973 hafði kirkjan á Filippseyjum næstum náð

13.000 meðlimum. Hinn 20. maí 1973 var Manila-stíkan á Filippseyjum stofnuð með Augusto A. Lim sem forseta. Árið 1974 var trúboðinu skipt og til varð Manila trúboðið og Cebu City trúboðið.

Í ágúst 1975 kom Spencer W. Kimball forseti (1895–1985) til Manila til að vera í forsæti fyrstu svæðisráðstefnunnar á Filippseyjum. Ágúst var stormasamur mánuður og gerði þeim erfitt fyrir sem komu til Manila. Heil rúta af heilögum kom frá Laoag City og náði vart á ákvörðunarstað, en hinir heilögu ýttu rúttunni upp úr aurnum og báðu bílstjórann innilega um að snúa ekki til baka. Annar hópur heilagra sigldi æðrulaus um úfið hafið í þrjá daga,

1898: Tveir SDH hermenn boða fagnadarerindið á Filippseyjum í spænsk-ameríska stríðinu



1944–45: Fleiri SDH hermenn boða fagnadarerindið í Síðari heimsstyrjöldinni

um að kaupa 1.4 hektara lóð í Quezon City. Lóðin hefur útsýni yfir Marikina-dalinn og er tiltölulega vel staðsett og aðgengileg fyrir marga meðlimi kirkjunnar. Beiðnin var samþykkt og lóðin var keypt í janúar 1981. Götunafninu var breytt í Temple Drive að beiðni kirkjunnar.

Hinn 25 ágúst 1982 voru um 2000 meðlimir viðstaddir skóflustunguna, þrátt fyrir yfirvofandi fellibyl, og komu hvaðanæva að úr eyjunum, með bátum, lestum og rútum. Bygging musterisins hófst brátt og það var tilbúið til vígslu í ágúst 1984.

Nærri 27.000 meðlimir og fólk utan kirkju skoðuðu musteríð áður en það var vígt. Þeir komu þrátt fyrir

1946: Aniceta Fajardo verður fyrsti Filippseyingurinn til að skírast og staðfestast sem meðlimur kirkjunnar, svo vitað sé um



1955: Joseph Fielding Smith forseti vígði Filippseyjar til bodunar fagnadarerindisins

því það eina sem skipti í raun máli, líkt og systir ein sagði, var að sjá og hlusta á lifandi spámann Guðs.

Kimball forseti heimsótti Filippseyjar aftur árið 1980, til að vera í forsæti annarrar svæðisráðstefnu og átti þá líka stuttan fund með forseta Filippseyja, Ferdinand Marcos. Sá fundur gerði kirkjunni að lokum mögulegt að opna trúboðsskóla á Filippseyjum árið 1983 og vígja Manila musteríð árið eftir. Árið 1987 var Filippseyja-/Míkronesíuvæðið stofnað með höfuðstöðvar í Manila.

Mormónsbók var að hluta þýdd á tagalogísku árið 1987. Þýðingar á Mormónsbók eru nú fyrir hendi á nokkrum málískum á Filippseyjum, þar á meðal cebúísku.

Blessanir musterisins

Í desember árið 1980 sendi Spencer W. Kimball forseti framkvæmdastjóra húsnæðisdeildar kirkjunnar til Manila til að finna viðeigandi lóð fyrir musterí. Eftir að hafa ígrundað nokkrar lóðir, sendi framkvæmdastjórinn beiðni

tvo fellibylji — með aðeins 48 stunda millibili — sem höfðu hvolfst yfir Filippseyjar nokkrum dögum áður. Heilagir frá fjarlægum stöðum höfðu komið þreyttir, en glaðværir. Í mörgum tilvikum höfðu þeir orðið að taka á sig króka til að komast til Manila, því vatnsgelgur hafði skemmt vegi og brýr.

Fegurð musterisins hreif gestina, þar á meðal marga þekktu Filippseyinga. Rithöfundurinn Celso Carunungan sagðist „finna fyrir helgum tilfinningum þegar hann kom innfyrrir, og fannst sem hann myndi mæta skapara sínum.“ Colonel Bienvenido Castillo, aðalprestur lögregluliðs Filippseyja, sagði musteríð vera „stað þar sem hægt væri að ígrunda himneska hluti, því umhverfið væri þess háttar.“ Tvær nunnur sögðu musteríð „sannlega vera hús Drottins.“ Eva Estrada-Kalaw, þingmaður Filippseyinga, sagði við leiðsögumann: „Ég vildi að þið mynduð byggja fleiri musterí hér.”⁶

Hinckley forseti, sem var annar ráðgjafi í Æðsta



forsætisráðinu á þessum tíma, stjórnaði hornsteinsathöfninni á Þriðjudegi, 25. september 1984. Níu vígsluathafnir fylgdu í kjölfarið og voru haldnar í himneska herberginu. Um 6.500 heilagir frá 16 stikum og 22 umdæmum á Kyrrahafssvæðinu, sóttu hinar ýmsu athafnir.

Um leið og síðustu vígsluathöfninni lauk urðu Paulo V. Malit yngri og Edna A. Yasona þau fyrstu til að gifta sig í Manila-musterinu á Filippseyjum, hinn 27. september 1984. Fyrsti forseti musterisins, W. Garth Andrus, sá um giftingarathöfnina.

sem eilíf fjölskylda. Eftir að þau seldu húsið sitt og flestar eigur sínar, tókst þeim að safna saman nákvæmlega þeirri upphæð sem þau þurftu til að greiða fyrir bátsferðina til Manila, fyrir hina níu manna fjölskyldu. Leonides var áhyggjufull, því þau höfðu engan stað til að fara á þegar þau færu til baka. Bernardo fullvissaði hana hinsvegar um að Drottinn myndi sjá fyrir þeim. Árið 1985 voru þau innsigluð sem fjölskylda í musterinu, um tíma og eilífð. Það var allra þeirra fórna virði, því í

1961: Filippseyjar formlega opnaðar fyrir trúboðsstarf og fyrstu fjórir trúboðarnir koma á eyjarnar

1967: Filippseyja-trúboðið stofnað



1973: Manila-stíkan á Filippseyjum stofnuð

1974: Filippseyska-trúboðinu skipt í Manila trúboðið og Cebu City trúboðið

1975: Fyrsta svæðisráðstefnan haldin í Manila

1983: Trúboðskóli opnaður í Manila



Margir kirkjumeðlimir röðuðu sér upp til að taka á móti musterigjöf sinni, og byrjað var á musterisþjónunum. Musterisstarfið hélt áfram yfir nóttina og fram á næsta dag.

Meðlimir fundu sterka þrá til að fara íusterið. Þeir sem bjuggu fjarri Manila urðu að fórna miklu til að geta ferðast langar leiðir með bátum og rútum. Þeir gerðu það samt og höfðu með sér sögur af trú og einbeitni.

Ómögulegt virtist vera fyrir Bernardo og Leonides Obedoza frá General Santos að fara íusterið til hinnar fjarlægðu Manila. Líkt og kaupmaðurinn sem fór og seldi allar sínar eigur til að geta keypt eina dýrmæta perlu (sjá Matt 13:45–46), ákváðu þessi hjón að selja húsið sitt til að greiða fyrir ferðina, svo að þau og börn þeirra gætu innsiglast

Á Líknarfélagsfundum um neyðarviðbúnað eru veittar gagnlegar upplýsingar fyrir systurnar sem búa í landi þar sem náttúruhamfarir eru tíðar.



musterinu fundu þau ómælda gleði — sína dýrmætu perlu. Líkt og Bernardo sagði, þá sá Drottinn fyrir þeim. Við komu þeirra til Manila sáu vinsamlegir kunningjar þeim fyrir stöðum til að búa á. Börn þeirra luku skóla-göngu og fjölskyldan eignaðist að lokum eigið heimili á nýjum stað.

Hinn 28. apríl 2006 tilkynnti Æðsta forsætisráðið um byggingu Cebu City musterisins á Filippseyjum. Þegar tíðindin bárust út grétu margir kirkjumeðlimir gleðitárum. „Við erum blessuð, því Drottinn hefur ákveðið að næsta musterí skuli byggt í Cebu City,“ sagði Cesar Perez yngri, yfirmaður Trúarskólans í Cebu City.

VÖXTUR KIRKJUMEÐLIMA Á FILIPPSEYJUM



1967: 3.193

1970: 13.000

1980: 17.424

1990: 237.000

2000: 373.000

2012: 661.598

Meðlimafjöldi samtals: 675.166 *
Deildir og greinar: 1.134
Trúboðsstöðvar: 17
Musteri: 2 (þriðja í byggingu)
Ættfræðisöfn: 167

* Miðað við september 2013



1984: Manila-musterið á Filippseyjum



1987: Filippseyja-/Míkrónesíuæðið stofnað með höfuðstöðvar í Manila



1987: Mormónsbók að hluta þýdd á tagalogísku



2010: Cebu City musteríð vígt

Nokkrum mánuðum eftir vígslu Cebu City musterisins á Filippseyjum, höfðu hinir heilögu þar í landi enn eina ástæðu til að fagna. Hinn 2. október 2010 tilkynnti Thomas S. Monson forseti í opnunarræðu sinni á aðalráðstefnu, um byggingu Urðaneta-musterisins í Pangasinan á Filippseyjum.

Hið besta er enn í vændum

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu er tiltölulega ung á Filippseyjum miðað við aldur hennar í öðrum löndum, en vegsemd hennar á eyjunum er undursamleg. Vöxtur kirkjunnar hefur verið einstakur og hið besta er enn í vændum. Öldungur Michael John U. Teh, af hinum Sjötíu, og annar Filippseyingurinn sem kallaður var sem aðalvaldhafi, sagði: „Við [Síðari daga heilagir á Filippseyjum] þurfum að undirbúa okkur andlega, aldrei sem fyrr, því verkið mun halda áfram, með eða án okkar hjálpar.“⁷

Eftir því sem 21. öldinni vindur áfram, mun hin endurreista kirkja halda áfram að vaxa, að fjölda og áhrifum, þegar stöðugt fleiri Filippseyingar taka á móti þessum boðskap og verða þessu kjörna fólki á eyjum úthafs til blessunar. Hvað öldung Teh og hina filippseysku heilögu varðar, þá eru „[hin miklu] fyrirheit Drottins til þeirra, sem á eylöndum sjávar eru,“ (2 Ne 10:21) nú þegar að uppfyllast. ■

HEIMILDIR

1. Augusto A. Lim, in R. Lanier Britsch, „Faithful, Good, Virtuous, True: Pioneers in the Philippines,“ *Liahóna*, feb. 1998, 44.
2. Augusto Lim, í Gelene Tobias, „Augusto Lim: The Man of Many Firsts,“ countrywebsites.lds.org/ph/index.php/datetime-philippines/jubilee-2011.
3. Sjá Sheri L. Dew, *Go Forward with Faith: The Biography of Gordon B. Hinckley* (1996), 213–15.
4. Gordon B. Hinckley, „Commencement of Missionary Work in the Philippines,“ *Tambuli*, apríl 1991, 18.
5. Viðtal við Kent Clyde Lowe, tekið af James Neil Clark, 3. sept. 2007.
6. Francis M. Orquiola, „Temple Dedication Rewards Faith of Filipino Saints,“ *Ensign*, nóv. 1984, 107.
7. Michael John U. Teh, „Scriptures and Spiritual Preparation“ [boðskapur svæðisforsætisráðsins, maí 2011]; lds.org/ph/index.php/literature.

SÁLUHJÁLPARÁÆTLUNINNA

Nota

*til að fá svör við
spurningum*

LaRene Porter Gaunt

Kirkjutímaritin

FORTILVERAN

SKÖPUN

HULAN

DAUÐLEIKI

Við lifum á spennandi tímum. Hið endurreista fagnaðarerindi Jesú Krists er að koma „fram úr móðu“ (K&S 1:30). Af því leiðir að fleiri börn himnesks föður, sem ekki eru okkar trúar, heyra um „mormóna.“ Sumir heyra eitthvað sem hljómar undarlega og ruglandi. Aðrir heyra eitthvað sem hljómar kunnulega og hughreystandi. Fólk sem heyrir til beggja þessara hópa getur komið til okkar í leit að svörum við spurningum sínum. Mörg svör eru að finna í sáluhjálparáætluninni, sem líka er nefnd „hin mikla sæluáætlun“ (Alma 42:8).

Algengustu spurningarnar eru: „Hvaðan kom ég?“ „Hvers vegna er ég hér?“ og „Hvert fer ég að þessu lífi loknu?“ Öllum þessum spurningum er hægt að svara með sannleika sem finna má í sáluhjálparáætluninni. Í þessari grein eru nokkuð af þeim svörum sem ritningarnar og spámaður okkar, Thomas S. Monson forseti, hafa gefið sem svör við þessum spurningum.

Trú á Jesú Krist

Iðrun

Hvaðan kom ég?

Við erum eilífar verur. Fyrir þetta líf lifðum við hjá Guði sem andabörn hans. „Páll postuli [kenndi] að við værum ‚afsprengi Guðs‘ [Post 17:29],“ sagði Monson forseti. „Þar sem við vitum að efnislíkami okkar er afsprengi okkar jarðnesku foreldra, verðum við að ígrunda hvað felst í orðum Páls. Drottinn hefur sagt að ‚andinn og líkaminn eru sál mannsins‘ [K&S 88:15]. Af því leiðir að andinn er afsprengi Guðs. Höfundur Hebreabréfsins vísar til hans sem ‚föður anda okkar‘ [Hebr 12:9].“¹

Hvers vegna er ég hér?

Monson forseti sagði um lífið okkar á jörðunni: „Hve þakklát við ættum að vera fyrir að vitur skapari bjó okkur jörð og setti okkur hér, sveipaði okkur gleymskuhulu um fortílveruna, svo við mættum upplifa tíma prófrauna og tækifæra til að bæta okkur, í þeim tilgangi að verða hæf fyrir allt það sem Guð ætlar okkur að taka á mótí.“

Einn megin tilgangur tilveru okkar á þessari jörðu er augljóslega að hljóta líkama af holdi og beinum. Okkur hefur líka verið gefin gjöf sjálf-ræðis. Við njótum þess að geta valið sjálf á ótal vegu. Hér lærum við af okkar hörðu lífsreynslu. Við greinum á milli góðs og ills. Við greinum á milli hins beiska og sæta. Við lærum að afleiðingar fylgja verkum okkar.“²

Hvert fer ég að þessu lífi loknu?

Allir sem tilheyra mannkyni upplifa dauðann. En „þegar maðurinn deyr, lifnar hann þá aftur?“ (Job 14:14). „Við vitum að dauðinn er enginn endir,“ sagði Monson forseti. „Þann sannleika hafa lifandi spámenn kennt um aldir. Hann má líka finna í hinum helgu ritningum. Í Mormónsbók lesum við þessi tilteknu og hughreystandi orð:

„En varðandi ástand sálarinnar frá dauða og fram að upprisu — sjá! Engill hefur kunnngjört mér, að um leið og andar allra manna yfirgefa þennan dauðlega líkama, séu þeir, já, andar allra manna, fluttir heim til þess Guðs, sem gaf þeim líf.“

*Vitum við hvar
finna má svörin,
þegar við eða
aðrir höfum
spurningar um
fagnaðarerindi
Jesú Krists?*

*Standast
allt til
enda*

*Skírn
Gjöf heilags anda*

HVAR GET ÉG LÆRT MEIRA UM SÁLUHJÁLPARÁÆTLUNINA?

1. Sáluhjálparáætlunin er skilmerkilega kennd í Mormónsbók, Kenningu og sáttmálum og Hinni dýrmætu perlu.
2. Orð lifandi spámannanna eru á conference.lds.org. Þið getið leitað að hugtökum líkt og sáluhjálparáætlun, sæluáætlun, friðþæging, upphafning, réttvísi og miskunn, iðrun og upprisa.
3. Sjá „Lexíu 2: Sáluhjálparáætlunin“ í kafla 3 í *Boða fagnaðarerindi mitt: Leiðarvísir að trúboðspjónustu*.

Og þá ber svo við, að tekið er við öndum þeirra, sem réttlátir eru, inn í sæluríki, sem nefnist paradís, ríki hvíldar og friðar, þar sem þeir hvílast frá öllu erfiði, áhyggjum og sorgum‘ [Alma 40:11–12].“³

Eftir að við höfum risið upp, förum við í himneska ríkið, sem líkt er við dýrð sólarinnar, yfirjarðneska ríkið, sem líkt er við dýrð tunglsins, jarðneska ríkið, sem líkt er við dýrð stjarnanna eða í ysta myrkrið (sjá K&S 76).

Er Guð í raun til? Er Satan raunverulegur?

Himneskur faðir, Jesús Kristur og Satan voru allir þátttakendur á stórþingi himins, sem haldið var áður en við fæddumst. Himneskur faðir bað um einn sem fara ætti til jarðarinnar til að friðþægja fyrir syndir okkar, sem var hluti af sáluhjálparáætluninni. Hann sagði: „Hvern á ég að senda? Og [Jesús Kristur] svaraði, líkur mannsyninum: Hér er ég, send mig. Og [Satan] svaraði og sagði: Hér er ég, send mig. Og Drottinn svaraði: Ég mun senda þann fyrsta.

Og hinn [Satan] varð reiður og stóðst ekki fyrsta stig sitt, og á þeim degi fylgdu margir á eftir honum“ (Abraham 3:27–28; sjá einnig K&S 29:36–37; HDP Móse 4:1–4).

Höfum við kraft til að standast freistingar Satans?

Einn þriðji andanna, þeir sem kusu að fylgja Satan að loknu stórþingi himins, var varpað burtu með honum. Þeir og Satan eru áfram andar án efnislíkama. Spámaðurinn Joseph Smith kenndi: „Allar verur sem eiga efnislíkama hafa vald yfir þeim sem eiga hann ekki.“⁴ Þótt Satan geti freistað okkar, höfum við kraft til að standast freistingar hans.

Af hverju finnst mér stundum að himneskur faðir svari ekki bænnum mínum?

„Bæn er sú gjörð sem samræmir vilja barnanna og vilja föðurins. Tilgangur bænar er ekki að breyta vilja Guðs“ (Bible Dictionary, „Prayer“). Bænin er aðferð sem gerir okkur kleift að ákveða hvort við viljum nota

Andaheimur

DAUÐI

UPPRISA



HIMNESKA RÍKIÐ

YFIRJARÐNESKA RÍKIÐ

JARÐNESKA RÍKIÐ

YSTA
MYRKUR

sjálfræði okkar til að beygja okkur undir vilja Guðs (sjá Abraham 3:25). Himneskur faðir svarar ætíð bænum okkar, en svörin geta verið, já, nei eða ekki núna. Tímasetning er mikilvæg.

Af hverju upplifi ég erfiðleika þegar ég kappkosta að lifa góðu lífi?

Erfiðleikar eru hluti af sálhjálparáætluninni. Þeir styrkja og hreinsa okkur, ef við reiðum okkur á Jesú Krist og fagnaðarerindi hans. Himneskur faðir styður okkur í erfiðleikum okkar. Erfiðleikar okkar munu „veita [okkur] reynslu og verða [okkur] til góðs“ (K&S 122:7).

Hvernig get ég vitað hvað er rétt og hvað rangt?

Öll börn Guðs fæðast með ljós Krists, sem gerir þeim kleift að „þekkja gott frá illu“ (Moró 7:16). Auk þess getur heilagur andi vitnað um sannleikann í huga og hjarta okkar, með friðsælli og ljúfri tilfinningu (sjá K&S 8:2–3).

Get ég hlotið fyrirgefningu, ef ég hef drýgt alvarlegar syndir?

Guð vissi að við myndum öll syndga er við lærðum að velja á milli góðs og ills.⁵ Öllum syndum fylgir hins vegar refsing. Réttvísinn gerir kröfu um að við hljótum refsingu. Af miskunn leyfði himneskur faðir að Jesús Kristur framkvæmdi friðþæginguna til að uppfylla þannig kröfur réttvísinnar í þágu okkar allra (sjá Alma 42). Með öðrum orðum, þá urðu þjáningar Krists í Getsemane og dauði hans á Golgata til þess að gjaldið fyrir syndir okkar allra var greitt að fullu, ef við hagnýtum okkur friðþægingu Krists með því að iðrast og taka á móti helgiathöfnum fagnaðarerindisins. Syndir okkar verða fyrirgefna (sjá K&S 1:31–32). ■

HEIMILDIR

1. Thomas S. Monson, „The Race of Life,” *Liahóna*, maí 2012, 91; sjá einnig Abraham 3:22–26.
2. Thomas S. Monson, „The Race of Life,” 91–92; sjá einnig Alma 34:32–34.
3. Thomas S. Monson, „The Race of Life,” 93; sjá einnig Kenning og sáttmálar 76:59–111.
4. *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* (2007), 211.
5. Lítil börn geta ekki syndgað „Fyrir en þau fara að verða ábyrgð gjörða sinna“ (sjá K&S 29:46–47).

HVERNIG VISSU ÞÆR AF ÞESSU?

Dieter F. Uchtdorf, annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu, færði Líknarfélagssysturum boðskap árið 2011, sem snerti hjarta mitt og veitti mér frið. Hann ræddi um hið smáa blóm Gleym mér ei og hvernig krónublöðin fimm táknuðu fimm atriði sem við ættum ætíð að hafa í huga.¹

Eftir samkomuna sagði dóttir mín, Alyssa, mér sögu af Jessie, sem átti litla veislupjónustu. Jessie var beðin af leiðtogum Líknarfélagsins í stikunni að búa til eftirrétt sem veita átti aðalfundi Líknarfélagsins. Jessie sagði Alyssu að hún hefði þegar í stað vitað hvað hún hugðist búa til — 250 bollakökur. Alyssa bauðst til þess að flytja

kökurnar í stikumistöðina.

Þegar samkomudagurinn rann upp og Alyssa fór til að hjálpa, kom hún að Jessie næstum í tárur. Bollakökurnar voru tilbúnar, en Jessie hafði sent mynd af þeim til ættmennis, sem sagði þær ekki nægilega flottar fyrir samkomuna.

Jessie hafði þá tekið að efast um kökurnar. Hún hafði komist að þeirri niðurstöðu að leiðtogar Líknarfélagsins í stikunni hefðu búist við einhverju margbrotnara en einföldu kökunum hennar. Hún hafði í fátí reynt að finna út hvernig hún gæti skreytt bollakökurnar aftur, en tíminn var of naumur. Hún og Alyssa fóru með

bollakökurnar eins og þær voru og Jessie fannst hún hafa brugðist systrunum — þar til Uchtdorf forseti hélt ræðuna sína.

Þegar hann ræddi um hið smá blóm Gleym mér ei, birtist mynd af þessu litla bláa blómi á skjánum. Það var svo einfalt, en þó svo fallett með sín fínlegu krónublöð. Boðskapur Uchtdorfs forseta snerti hjörtu allra, er hann bauð okkur að verða ekki svo upptekin af hinum stóru og heillandi blómum umhverfis að við gleymum fimm einföldum en mikilvægum sannleikskornum sem hann kenndi okkur.

Eftir lokabænina, héldu systurnar til menningarsalarins. Þegar Alyssa og Jessie komu í salinn, sáu þær að allar systurnar voru umhverfis borðið með bollakökunum og spurðu: „Hvernig vissu þær af þessu.“

Á hverri bollaköku var sykurremskreyting sem myndaði hið fínlega og fallega fimmblaða blóm, Gleym mér ei. ■

Gale Ashcroft, Arisóna, Bandaríkjunum

HEIMILDIR

1. Sjá Dieter F. Uchtdorf, „Forget Me Not,” *Liahóna*, nóv. 2011, 120.

Bollakökurnar voru tilbúnar, en Jessie hafði sent mynd af þeim til eins skyldmennis síns, sem sagði þær ekki nægilega flottar fyrir samkomuna.



LOFORÐIÐ GLÆDDI MÉR VON

Suttu eftir að ég og eiginmaður minn giftum okkur, vorum við blessuð með syni. Þegar ég sá hann brosa og horfði í augun hans, fann ég til mikils þakklætis til himnesks föður. Mér fannst sonur okkar fullkominn. Ég og eiginmaður minn þökkkuðum Drottni dag hvern fyrir þessa dýrmætu gjöf.

Hinn 19. febrúar 2009 bjó ég mig undir að fara í skólann á síðasta námsárinu. Mér og eiginmanni mínum grunaði ekki að daginn eftir fengi sonur okkar hitasótt og kveddi þennan heim.

Mér reyndist erfitt að takast á við þessa reynslu. Meðlimir deildar okkar komu á heimili okkar til að hughreysta okkur með ritningarlestri, sálmásöng og bænagjörð. Ég mat einlæga samúð þeirra, en sorgin yfir syni mínum dofnaði ekki. Augun fylltust ætíð tárur þegar ég hugsaði um hann.

Fjórum dögum eftir lát hans hlaut ég innblástur um að lesa *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith*. Þegar ég tók bókina, opnaðist hún í höndum mínum á kafla sem hafði fyrirsögnina: „Orð vonar og huggunar þegar dauða ber að.“ Ég hóf lesturinn og fann til innilegrar samúðar yfir hörmulegum missi Josephs og Emmu, sem þau urðu fyrir við upphaf búskapar þeirra. Þegar ég kom að útdrætti úr ræðu sem spámaðurinn hafði haldið við útför tveggja ára gamallar stúlku, fannst mér sem köldu vatni væri ausið yfir höfð mitt, svo sorgarhugsanir mínar dofnuðu.

Ég kallaði á eiginmann minn. Saman lássum við: „Ég [hef] . . . spurt

þessarar spurningar: Hvers vegna eru ungabörn, saklaus börn . . . tekin frá okkur. . . . Drottinn tekur marga í burtu, jafnvel ungabörn, svo þau megi komast hjá . . . sorg og illsku þessa heims; þau voru of hrein, of yndisleg, til að lifa á jörðinni; þess vegna, ef réttilega er hugleitt, höfum við ástæðu til að fagna í stað þess að syrgja, því þau eru frelsuð frá hinu illa og við munum senn fá þau á ný.“

Spámaðurinn bætti við: „Menn geta spurt: — Munu mæður hafa börn sín í eilífðinni? Já! Já! Mæður, þið munuð hafa börn ykkar, því þau munu hljóta eilíft líf, þar sem skuld þeirra er greidd.“¹

Frá því að við lássum þessi yndislegu orð, hafa fjölskyldubænir okkar

Þegar ég tók bókina, opnaðist hún í höndum mínum á kafla sem hafði fyrirsögnina: „Orð vonar og huggunar þegar dauða ber að.“

verið fylltar þakklæti fyrir loforðið að við munum sameinast syni okkar að nýju fyrir friðþægingu Jesú Krists.

Í dag eigum við þrjú dásamleg börn, systkini okkar burtfarna sonar. Við erum að kenna þeim hið sanna og ævarandi fagnaðarerindi, sem mun leiða þau aftur í návist föður þeirra á himnum og frelsara okkar, Jesú Krists.

Ég veit að boðskapur spámansins Josephs Smith um líf eftir dauðann er sannur. Ég mun ætíð vera þakklát fyrir vonina, friðinn, gleðina og hamingjuna sem hann veitir fjölskyldu okkar — beggja megin hulunnar. ■

Juliana Fayehun, Lagos, Nígeríu

HEIMILDIR

1. *Kenningar forseta kirkjunnar: Joseph Smith* (2007), 176, 177.



ÉG HAFÐI HEILMARGT AÐ GEFA

Ég hafði ætíð hugsað um neyðarviðbúnað aðeins í tengslum við sjálfan mig og fjölskyldu mína. Sunnudagsmorgun einn í Flórída árið 1992 lærðist mér hinsvegar að sjá hann í öðru ljósi. Fellibylurinn Andrew, einn skaðlegasti og tjónmesti fellibylur sem komið hafði yfir Bandaríkin, raskaði fallegu sumri í Míami, Flórída.

Ég bjó einn um tíma í strandíbúð og sótti þriggja mánaða þjálfunarnámskeið í tengslum við starfið mitt. Þegar aðvörunin um storminn barst og ég komast að því að við þurftum að fara úr íbúðarblokkinni fyrir hádegi, bókaði samstarfsmaður hótélherbergi fyrir mig og samstarfsfólk mitt lengra uppi á landi. Ég setti hlera fyrir gluggana og kom eigum mínum fyrir í geymslu.

Ég átti von á að eiginkona mín og fjögur börn kæmu til að dvelja hjá mér í eina viku, svo ég hafði keypt nægan

mat og drykk fyrir sex manns. Ég var rólegur vegna þeirrar vitneskju að ég hafði öruggan stað að fara á og nægan mat til að taka með mér sem endast myndi í nokkrar vikur.

Þegar ég hugðist fara klukkan 10:30, leið mér vel — því allt var í góðu lagi. Ég kraup í bæn og þakkaði himneskum föður fyrir blessanir mínar og bað um hjálp hans meðan á storminum stæði. Þegar ég lauk bæninni, blés andinn mér í brjóst að segja: „Ef einhver hefur þörf á hjálp, hjálpaðu mér þá að finna hann.“

Innan nokkurra mínútna bankaði ekkja á áttæðisaldri á dyrnar hjá mér. „Afsakaðu,“ sagði hún. „Ég hef farið herbergisvillt. Ég er að leita að vinkonu minni.“

Hún virtist örmagna. Þegar ég spurði hvort ég gæti hjálpað, varð hún óttaslegin og sagðist ekki vita hvað

hún ætti að gera eða hvert hún ætti að fara. Ég spurði hvar hún ætti heima og saman gengum við að íbúð hennar, máttum aðstæður hennar og valkosti.

Ég sagði henni að fyrirtækið mitt gæti haft pláss í einu hótélherbergja okkar og bauð henni að dvelja með hópnum. Hún andvarpaði af létti. Við pökkuðum niður í fljótheitum og gengum frá íbúð hennar og eigum og ég fékk samstarfsmann til að aka bíl hennar til hótelsins.

Þegar ég hugðist halda af stað báðu tvær aðrar ekkjur mig um aðstoð. Ég róaði þær, svo þær gætu hugsað skýrt og fundið út hvert fara mætti í skjól. Þegar ég náði í farangur hjá einum samstarfsmanni mínum, kom enn önnur eldri ekkja til okkar og bað um hjálp. Við settum brothættar eigur hennar á öruggan stað og bjuggum hana undir að fara.

Meðan á þessu stóð, höfðu aðrir samstarfsfélagar boðið tveimur námsmönnum, sem dvöldu á eyju einni, að vera með hópnum á hótelinu lengra uppi á landi. Eini maturinn sem þeir höfðu var handfylli af snakki og einn líter af vatni. Ég hafði til allrar lukku heilmikið að gefa, ekki aðeins þeim, heldur öllum öðrum.

Hvílík blessun að vera viðbúinn og leiddur af Drottni. Það gerði mér kleift að róa aðra á neyðarstundu og verja næstum öllum mínum tíma í að hjálpa öðrum, án þess að hafa áhyggjur af sjálfum mér. Ég hlaut aukna þakklætistilfinningu fyrir ráðgjöf prestdæmisleiðtoga okkar um viðbúnað. ■

Brent Fisher, Kalifornía, Bandaríkjunum

Þegar ég spurði hvort ég gæti hjálpað, varð konan óttaslegin og sagðist ekki vita hvað hún ætti að gera eða hvert hún ætti að fara.



BEÐIÐ EFTIR SÓLARUPPRÁS

Skugga brá yfir herbergið og sveipaði það myrkurhulu, þar sem ég lá vakandi, hlustandi á andardrátt eiginmanns míns og reyndi að komast að því hvort hann væri vakandi eða sofandi. Tólf ára dóttir okkar hafði látist skyndilega fyrir aðeins tveimur dögum í hræðilegu slysi. Ég lokaði augunum, en gat ekki sofnað. Ég þræði að sjá dóttur mína. Öll mín vitneskja um sálhjálparáætlunina dró ekki úr sorg minni.

Þegar leið að dögun, fann ég skyndilega til mikillar löngunar. Sólin kæmi brátt upp og í huganum sá ég himininn baðaðan fölbleikum lit. Dóttir okkar unni bleika litnum. Bleiklituð sólarupprás var einmitt það sem ég þurfti til að finna nálægð hennar að nýju.

„Förum til að horfa á sólarupprásina,“ hvíslaði ég að syfjuðum eiginmanni mínum.

Við stóðum í innkeyrslunni, horfðum í austur og biðum. . . og biðum. Þótt himininn hafi orðið bjartari, náði sólin ekki að skína gegnum skýin við sjóndeildarhringinn.

Ég lagði höfuðið á öxl eiginmanns síns, andvarpaði og reyndi að láta sem þetta skipti ekki máli. Ég vildi meira. Ég þurfti meira. Himneskur faðir hefði vissulega getað uppfyllt þessa þrá mína, eftir að hafa tekið stúlkuna okkar ljúfu heim til sín.

Þegar eiginmaður minn snéri sér við til að fara inn aftur, horfði hann í gagnstæða átt til vesturs og sagði: „Sjáðu!“

Ég snéri mér við. Fyrir aftan okkur voru skýin böðuð fallettri birtu og

gylltum ljóma. Ég greip andann á lofti og tár komu í augun. Þetta var fallettra en ég hefði getað ímyndað mér. Mér fannst það sem faðmlag frá dóttur okkar. Ég vissi að himneskur faðir var meðvitaður um sorgina í hjarta mínu og sendi fyrirheit um framtíðarvonir — ljúfa áminningu um eilífar fjölskyldur og allar yndislegu stundirnar sem áttu eftir að koma.

Oft hefur mér verið hugsað um þessa fallegu stund og hina nýju sýn sem hún veitti mér. Hver væntir sólarupprásar í vestri? Einmitt þar beið kraftaverkið mitt? Af hve mörgum blessunum missi ég, vegna þess að þær koma úr óvæntri átt? Hversu oft einblíni ég á það sem ég held að eigi að vera og missi af dýrð þess sem er?


Við höfðum beðist látlaust fyrir

um kraftaverk sem ekki var uppfyllt, en þegar ég horfði umhverfis mig í nýju ljósi, sá ég kraftaverk þess að líf fjögurra einstaklinga hafði orðið betra vegna líffæragjafar dóttur minnar, kærleikskraftaverk fjölskyldu minnar og deildar og kraftaverk þjónustu. Ég hef upplifað mikla sorg, en líka máttuga von, sem fyllt hefur sál mína, með hverri rósrauðri sólarupprás og sólsetri og bleiku blómi sem á vegi mínum hefur orðið.

Nú þegar sólin rís, horfi ég til austurs, en svo líka til vesturs. Ég brosi í þeirri fullvissu að ætíð má finna kraftaverk og blessanir umhverfis — og að sólin muni ætíð rísa ofar sorgum okkar, ef við leyfum að það gerist. ■

Julia Wagner, Ohio, Bandaríkjunum

Þegar eiginmaður minn snéri sér við til að fara inn aftur, horfði hann í gagnstæða átt til vesturs og sagði: „Sjáðu!“ Fyrir aftan okkur voru skýin böðuð fallettri birtu.



Hvernig gerir það okkur kleift að geisla ljósi og dýrð Guðs, ef við erum hógvær í málfari, hegðun og útliti?

Sé auglit þitt einbeitt á

Katherine Nelson og Heidi McConkie

Á stórþingi himins í fortílverunni, þegar Jesús Kristur bauð sig fram til að vera frelsari okkar, sagði hann við föðurinn: „Verði þinn vilji og þín sé dýrðin að eilífu.“ (HDP Móse 4:2).

Drottinn hefur ætíð verið fyrirmynd um að vegsama föðurinn. Frelsarinn beindi aldrei athygli að sjálfum sér í jarðneskri þjónustu sinni, heldur vísaði hann fylgjendum sínum á föðurinn, með því að kenna: „Sá sem trúir á mig, trúir ekki á mig, heldur þann sem sendi mig“ (Jóh 12:44). Frelsarinn kenndi okkur mikilvægi hógværðar í hugsun, útliti, orði og verki.

Unga fólkið sem vitnað er í, í þessari grein, veltir fyrir sér innri og ytri tjáningu hógværðar í staðfestu sinni við að fylgja frelsaranum og miðlar því hvernig skuldbinding þess um að vegsama Guð hefur mótað persónuleika og stjórnað verkum þess.

dýrð mína

Vegsama Guð og geisla ljósi hans

Þegar við skiljum hvað hógværð er í raun, áttum við okkur betur á því hvernig hógværð vegsamar Guð. Í *Sannir í trúnni* er útskýrt: „Í hæversku felst auðmýkt og velsæmi í klæðnaði, hirðusemi, málfari og hegðun. Ef þið eruð hæversk, þá beinið þið ekki ótilhlýðilegri athygli að ykkur sjálfum. Þess í stað ‚vegsamið [þið] Guð með líkama yðar [og í anda]‘ (1 Kor 6:20).“¹

Þegar okkur lærist að vera hógvær, eins og frelsarinn var, bjóðum við andann velkominn í líf okkar og uppfyllum loforðið: „Sé auglit yðar einbeitt á dýrð [Guðs], mun allur líkami yðar fyllast ljósi“ (K&S 88:67). Þegar þið lesið hvernig annað ungt fólk skilur hógværð, getið þið íhugað hvernig þið

getið aukið ykkar eigið andlega ljós, með því að gera breytingar til að efla innri skuldbindingu um ytri tjáningu hógværðar.

Vera hógvær í málfari og hegðun

„Orð ykkar og verk geta haft djúp áhrif á ykkur sjálf og aðra. Tjáið ykkur með fágúðu og jákvæðu málfari og hagið verkum ykkar þannig að þau stuðli að hamingju þeirra sem umhverfis eru. Sú viðleitni ykkar að vera siðsöm í orði og verki stuðlar að aukinni leiðsögn og huggun heilags anda.“²

Dar’ja Sergeevna Shvydko frá Volgograd, Rússlandi, útskýrir að við komum fram við aðra af virðingu þegar við erum hógvær í máli og „tjáum okkur af rósemi og ljúfmennsku



og notum ekki gróf eða óviðeigandi orð.“ Hógvært málfar er laust við slúður, spott, háðung og meinhæðni. Það vanvirðir ekki aðra eða belgir út eigið sjálfsálit. Það sýnir öllum börnum himnesks föður ljúfmennsku og viðurkennir guðleika þeirra.

Málfar okkar ætti líka að bera vott um virðingu fyrir Guðdóminum: „Notið ekki saurugt málfar og til-einkið ykkur ekki skeytingalaua

„Í hæversku felst auðmýkt og velsæmi í klæðnaði, hirðusemi, málfari og hegðun. Ef þið eruð hæversk, þá beinið þið ekki ótilhlýðilegri athygli að ykkur sjálfum.“

og óviðurkvæmilega notkun á nafni Drottins, sem svo almennt er í heiminum. . . . Slíkt virðingarlaust málfar . . . kemur í veg fyrir að við getum hlotið friðsælan innblástur heilags anda.³

Ósæmilegt málfar, svo sem slúður og háðung, getur skaðað sambönd okkar, en hógvært mál eflir aftur á móti skuldbindingu okkar við Guð og, líkt og Kelly Prue frá Utah, Bandaríkjunum, útskýrir, „eykur getu okkar til að byggja upp betri sambönd við aðra. Hógvært

málfar gerir okkur kleift að draga fram það besta í öðrum.“

Hógvært málfar og hegðun fara hönd í hönd. „Mikilvægt er að vera hógvær í máli og hegðun, því það sýnir hver við erum og hvað okkur er dýrmætt,“ sagði Mike Olsen frá Utah. Fólk tekur eftir þegar orð og verk fara ekki saman. Verk okkar ættu að vera í samræmi við þau orð sem við mælum til að uppörva aðra og vegsama Guð. Þjónusta okkar og ljúfmennska ættu að sýna að skuldbinding okkar til að lyfta öðrum og heiðra Guð, er ekki aðeins orðin tóm. Lærisveinsfordæmi okkar í orði og verki, getur haft varanleg áhrif til góðs.

„Ég met mikils hógværð í hegðun og máli,“ sagði Carrie Carlson frá Kolorado, Bandaríkjunum. „Það er eitthvað ánægjulegt við þann sem er auðmjúkur og lætur ekki stjórnast af löngun til að beina athygli að sjálfum sér. Þeir sem tala af hógværð verða máttug ker fyrir Drottin.“

Vera hógvær í klæðnaði og útliti

„Hógværð í klæðnaði getur dregið það besta fram í okkur, ef við leggjum áherslu á hið andlega, en ekki hinn náttúrlega mann,“ sagði Paul Cave frá Utah. Með því að sýna hógværð í klæðaburði, stuðlum við að því að aðrir þekki og meti okkur út frá persónuleika okkar, en ekki útliti.

Klæðaburður okkar gefur ekki aðeins öðrum til kynna hvernig þeim beri að koma fram við okkur, heldur hefur hann líka áhrif á viðhorf okkar til okkar sjálfrá. „Af fagnaðarerindinu lærum við

að líkami okkar er gjöf frá Guði,“ sagði Luis Da Cruz yngri frá Brasilíu. „Líkami okkar gerir okkur kleift að þróast og verða lík föður okkar. Af þeirri ástæðu er mikilvægt að sýna hógværð í klæðaburði. Með því að gera það sýnum við Guði og öðrum að við virðum þessa gjöf og annað fólk.“⁴

Carrie útskýrði: „Ósæmilegur klæðaburður ýtir undir þá ímynd að líkaminn sé efnislegur hlutur, aðskilinn frá andanum og persónuleika okkar. Þótt það hafi stundum krafist meiri útgjalda að vera hógvær í klæðaburði og vissulega meiri tíma, hjálpar það mér að skilja að líkami minn er bústaður dýrmæts anda, sem býr að guðlegum möguleikum og örlögum, og var getinn og fósturaður af himneskum foreldrum. Hann verðskuldar mun meiri umönnun og virðingu en heimurinn veitir honum.“

Í *Sannir í trúnni* er útskýrt: „Auk þess að forðast [ósæmilegan klæðnað], ættuð þið að forðast öfgar í klæðnaði, útliti og hárgreiðslu. Verið alltaf hrein og snyrtileg í klæðnaði, aldrei hirðulaus eða óviðeigandi skeytingalaus.“⁵ Klæðaburður okkar og framkoma sýna virðingu okkar fyrir Guði, sjálfum okkur og öðrum.

Vera staðfastur

Þegar við reynum að lifa eftir fagnaðarerindinu, ættum við að vera staðföst og halda ætíð boðorð Drottins, ekki bara þegar það reynist þægilegt.

Einlæg skuldbinding er ætíð bundin reglum fagnaðarerindisins.

Anthony Roberts frá Utah útskýrði: „Hógværð er hugarástand, þrá til að lifa dag hvern í þekkingu á fagnaðar-erindinu og áætlun sálhjálp.“ Þegar við helgum okkur fagnaðar-erindinu, mun trú okkar aukast og þráin til að lifa eftir reglum fagnaðar-erindisins.

Skilja ykkar guðlega eðli

Ef við sýnum stöðugt hógværð, mun það hjálpa okkur að skilja og



meta fæðingarrétt okkar og vitn-
eskjan um okkar guðlega eðli getur
hvatt okkur til sýna aukna hógværð.
Raffaella Ferrini frá Flórens, Ítalíu,
útskýrði: „Hógværð blessar líf mitt,
því með henni finnst mér ég vera
sérstök dóttir himnesks föður og sú
vitneskja fær mig svo aftur til að vilja
vera áfram hógvær.“

Ef við leyfum að heimurinn skil-
greini okkur, getur það skaðað
sjálfsmat okkur. Julianna Auna frá

Utah sagði frá reynslu sinni: „Áður
en ég hlaut vitnisburð um að vera
hógvær, var ég óhamingjusöm og í
andlegu hættuástandi. Það var nið-
urrífandi og andlega heftandi að leyfa
heiminum að skilgreina mig, því
heimurinn er harður og vægðarlaus
í sinni efnislegu og stundlegu þrá-
hyggju. Þegar ég hafði einsett mér að
hlusta ekki á heiminn og skilgreina
mig út frá sambandi mínu við Guð,
varð lífið auðveldara og ég varð frjáls
og hamingjusamari.“ Þegar við leitum
viðurkenningar himnesks föður í stað
heimsins, munum við upplifa dýpri
gleði og hvatningu til að vera hógvær.

Lifa hógværu lífi

„Hógværð má sýna í öllu sem við
gerum: Í málfari okkar, útliti, fram-
komu og jafnvel í því hvaða staði
við kjósum að fara á,“ sagði Galina
Viktorovna Savchuk frá Novosibirsk,
Rússlandi. Hógvært lífverni er nátengt
trúarskuldbindingu okkar og sam-
bandi okkar við Guð.

Einlæg hógværð tengist bæði
hegðun og viðhorfi. Ef við bætum
hegðun mun það hafa áhrif á hugar-
far okkar og öfugt. Ef við höfum ekki
skuldbundið okkur til að vera hógvær
í hegðun og útliti alla ævidaga okkar,
munum við ekki fá notið allra bless-
ana hógværðar. Ef við teljum okkur
trú um að við séum hógvær án þess
að verkin tali, erum við að blekkja
okkur sjálf.⁶

Að segja að auglit okkar sé
einbeitt á dýrð Guðs í samhengi

hógværðar, felur í sér að við höfum
einsett okkur að lifa hógværu lífi,
bæði hið ytra og hið innra. Okkar
ytra útlit og framkoma verður að
samræmast reglum hógværðar, rétt
eins og auglit okkar verður að bein-
ast að Guði. Að beina lítillaga augliti
sínu að Guði, merkir ekki að auglitið
sé einbeitt á dýrð hans; það verður
að beinast stöðugt að honum. Hóg-
vær klæðaburður og hirðusemi verða
líka að taka mið af eilífum reglum.

Þegar við beinum augliti okkar að
Guði, mun okkur reynast auðveldar
að hafa hann að leiðarljósi. Þegar
við höfum Guð sem okkar leiðarljós,
mun auglit okkar sjálfkrafa beinast
að honum.

Þegar við vinnum að því að til-
einka okkur hógværð, munum við
finna aukin áhrif andans í lífi okkar.
Öldungur Robert D. Hales, í Tólfpost-
ulasveitinni, sagði: „Hógværð er nauð-
synleg til að vera verðugur andans.
Að vera hógvær er að vera auðmjúkur
og auðmýkt laðar andann að okkur.“⁷
Ef andinn leiðir hugsanir okkar og
verk, mun auglit okkar verða einbeitt
á dýrð Guðs og við fyllumst ljósi. ■

*Katherine Nelson býr í Utah, Bandarík-
junum. Heidi McConkie býr í Delaware,
Bandaríkjunum.*

HEIMILDIR

1. *Sannir í trúnni: Leiðarvísir að fagnaðar-erindinu* (2004), 106.
2. *Sannir í trúnni*, 108.
3. *Sannir í trúnni*, 108.
4. Sjá *Sannir í trúnni*, 107.
5. *Sannir í trúnni*, 107.
6. Sjá Lynn G. Robbins, „What Manner of Men and Women Ought Ye to Be?“ *Liahóna*, maí 2011, 103.
7. Robert D. Hales, „Modesty: Reverence for the Lord,“ *Liahóna*, ágúst 2008, 18.

Finlandi

Trúarumbreyting og fórn í

Melissa Zenteno

Nokkrum kílómetrum frá strönd Helsinki í Finnlandi er sjávarvirkið, Suomenlinna, sem byggt var á átjándu öld til að verjast innrásarliði. Þetta mikla virki nær yfir sex eyjar og ber vott um óhagganlega staðfestu finnsku þjóðarinnar.

Finnskir kirkjumeðlimir vitja þó annars mannvirkis þegar þeir ferðast til höfuðborgarinnar. Helsinki-musterið í Finnlandi er áþreifanlegt tákni um trú þeirra og það öryggi sem þeir hljóta af því að lifa eftir fagnaðarerindinu.

Niilo Kervinen, 24 ára gömlum ungum manni frá Rovaniemi, Finnlandi, finnst 10 klukkustunda lestarferð til Helsinki lítið gjald fyrir blessanir þess að þjóna í musterinu.

Áður en Helsinki-musterið í Finnlandi var vígt í október 2006, urðu Niilo og aðrir meðlimir deildar hans að fara til Stokkhólms-musterisins í Svíþjóð eða Kaupmannahafnar-musterisins í Danmörku. „Ferðin þangað tók yfirleitt viku af sumarleyfinu,“ rifjaði hann upp. Rútuferðir og

tjaldútilegur þessara ferðalaga voru sumar af hans bestu minningum.

Samt er það dásamleg blessun að hafa musteri í sínu eigin landi. „Þegar tilkynnt var um byggingu Helsinki-musterisins, varð ég afar glaður,“ sagði Niilo. „Vígslubænin ómar enn í hjarta mér í hvert sinn sem ég fer þangað inn.“

Musterisáhuginn aðskilur Niilo frá vinum hans. „Finnar vinna mikið og eru starfsglaðir en gefa sér lítinn tíma fyrir hið andlega í lífinu,“ útskýrði hann. Niilo hefur ætíð verið blessaður með góðum vinum, en eftir því sem hann verður eldri verður munurinn á því hvernig vinir hans haga lífi sínu og hvernig honum hefur verið kennt að haga lífi sínu skýrari. Það var þessi munur sem fékk Niilo til að sækjast eftir eigin vitnisburði þegar hann var 17 ára. „Ég varð að taka afstöðu um stöðu mína og tilveru,“ sagði hann. Með blessun Drottins og leiðsögn fjölskyldu minnar og góðra vina, hlaut ég sterkari vitnisburð um kirkjuna.“

Hvernig upplifir ungt trúfast fólk sig í Finnlandi? Ungur maður segir frá menningu sinni og trú.

Öldungur David A. Bednar, í Tólfpostulasveitinni, ræddi um trúarumbreytingu og sagði: „Ég lof ykkur því að þegar við komumst til þekkingar á sannleikanum og snúumst til trúar á Drottin, munum við vera óhagganleg og staðföst og aldrei falla frá.“¹ Þótt ferðalag til Helsinki krefjist tíma og peninga, er Niilo staðráðin í því vera lærisveinn Krists. Niilo finnst það engin fórn. ■

HEIMILDIR

1. David A. Bednar, „Converted unto the Lord,” *Liahóna*, nóv. 2012, 109.

MEIRA UM NILO**Hver er dæmigerður finnskur matur?**

Sumir af mínum uppáhaldsréttum eru silungssúpa og hreindýrakjöt með kartöflumús. Við borðum líka mikið af rúgbrauði.

Hvað gerið þið ykkur til skemmtunar?

Mér finnst gaman að vera á snjóbretti, horfa á kvikmyndir eða bara fara í göngutúr. Ég þjónaði í Japan í trúboði og því læri ég japönsku þegar ég hef tíma til.

Hvernig eru stefnumótamálin í Finnlandi?

Hér er ekki sterk menningarhefð fyrir stefnumótum. Fólk býður einhverjum út aðeins eftir að áhugi þeirra á honum eða henni er orðinn tiltölulega mikill. Hér eru stefnumót ekki sjálfsögð til að kynnst einhverjum. Hér er trúfast ungt fólk, jafnvel þótt meðlimirnir séu ekki margir. Stundum þarf unga fólkið að fara langar leiðir til að eiga stefnumót við einhvern sem það hefur kynnst á dansleik fyrir einhleyp ungt fólk.

KIRKJAN Í FINNLANDI

4.715 Síðari daga heilagir
15 deildir
15 greinar
2 stíkur
1 trúboðsstöð
1 musteri, vígt
22. október
2006

Í TÖLUM TALID

5.250.000 manns
(mælt í janúar 2012)
187.888 vötn
179.584 eyjur
2.2 milljónir
sánaböð

STAÐ-REYNDIR

Höfuðborg:
Helsinki
Tungumál:
Finnnska
(Suomi)



KARLAR OG KONUR Í VERKI DROTTINS

*Í hinni undursamlegu prestdæmis-gæddu áætlun,
skipa karlar og konur mismunandi en jafngild hlutverk.*



**Öldungur
M. Russell Ballard**
í Tólfpostulasveitinni

Ég trúí að bæði karlar og konur þurfi að skilja ákveðinn sannleika um hið mikilvæga hlutverk sem konur hafa í því að efla og byggja upp ríki Guðs á jörðu. Á svo marga vegu eru konur hjartað í kirkjunni. Ég hyggst því, með hjálp Drottins, vegsama trúfastar konur og stúlkur kirkjunnar. Vitið því, kæru systur, hvar sem þið eruð í heiminum, að Æðsta forsætisráðið og Tólfpostulasveitin elskar ykkur og treystir einlæglega.

Ég ætla að byrja á því að endurglæða í huga ykkar tilgang okkar á jörðunni.

Við erum ástkær börn, synir og dætur, okkar himneska föður. Við dvöldum hjá honum í fortílverunni. Til þess að framfylgja því ætlunarverki sínu „að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika“ (HDP Móse 1:39), gerði himneskur faðir áætlun til að hjálpa börnum sínum að ná öllum sínum hugsanlegu möguleikum. Áætlun föður okkar krafðist þess að maðurinn félli og yrði aðskilinn honum um tíma, með því að fæðast í jarðlífið, hljóta líkama og ganga í gegnum tímabil reynslu og prófrauna. Áætlun hans sá okkur fyrir frelsara til að

endurleysa mannkynið frá fallinu. Friðþæging Drottins okkar, Jesú Krists, sér okkur fyrir leið, með helgiathöfnum fagnaðarerindisins og helgum sáttmálum, til að komast aftur í návist hans. Himneskur faðir og sonur hans vissu að við þyrftum að hafa aðgang að krafti, æðri okkar eigin, því okkur var ætlað að lifa í dauðlegu umhverfi, þar sem hættur leyndust og reynt yrði að leiða okkur afvega. Þeir vissu að við þyrftum að eiga aðgang að krafti þeirra. Allir sem vilja taka á móti fagnaðarerindinu og kenningum Krists, geta hlotið kraft til að hljóta eilíft líf og finna gleði í sinni lífsins ferð.

Til eru þeir sem efast um stöðu kvenna í áætlun Guðs og í kirkjunni. Ég hef setið fyrir svörum hjá fjölmiðlum nógu oft bæði innan- og utanlands, til að geta sagt að flest fréttafólk sem ég hef átt samskipti við hefur haft fyrirfram mótaðar skoðanir á því efni. Í gegnum árin hafa margir spurt þannig að gefið er í skyn að konur séu annars flokks meðlimir kirkjunnar. Ekkert er fjarri sannleikanum.

Ég ætla að setja fram fimm atriði ykkur til ígrundunar um þetta mikilvæga efni.

1. Guð hefur áætlun til að hjálpa okkur að hljóta eilíft líf

Faðir okkar á himnum skapaði bæði karla og konur, sem eru anda synir hans og dætur. Það merkir að kyngreining er eilíf. Hann hefur áætlun til að hjálpa þeim, sem velja að fylgja honum og syni hans, Jesú Kristi, að ná örlögum sínum sem erfingjar eilífs lífs.

Ef endanleg upphafning okkar er markmið og tilgangur þeirra, og ef þeir eru alvitrir og fullkomnir, líkt og við vitum að þeir eru, þá vita þeir best hvernig á að undirbúa, kenna og leiða okkur, svo möguleikar okkar á að verða hæf fyrir upphafningu verði sem mestir.

Næstum allir eiga fjölskyldu eða vini sem hafa látið hin ýmsu samfélagsmál verða sér til armæðu. Rökræður um vandann leiða yfirleitt ekki til einhverra málamiðlana, og

í raun geta þær skapað deilur. Erfitt er að útskýra sum viðkvæm málefni sem kirkjan tekur afstöðu til, svo öllum líki. Þegar við hins vegar leitum til Drottins í bæn til að vita hvað okkur eigi að finnast um hlutina og vita hvað gera á í slíkum aðstæðum, hljótum við andagift: „Trúir þú á Jesú Krist og fylgir þú honum og föðurnum?“ Ég trúi að næstum allir í kirkjunni hafi á einn eða annan hátt velt fyrir sér hvort þeir geti gert allt sem farið er fram á að þeir geri. Ef við, hins vegar, trúum í raun á Drottin, mun hughreystingin koma: „Ég trúi Jesú Kristi og er fús til að gera hvaðeina sem hann vill að ég geri.“ Við höldum því áfram. Hve máttug þessi orð eru: „Ég trúi Jesú Kristi!“

Vitnisburður okkar og hugarró og velferð, hefjast með fúsleika okkar til að trúá að faðir okkar á himnum viti vissulega best.



2. Kirkjunn er stjórnað með lyklum prestdæmisins

Kirkja Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu er kirkja Drottins, og kirkju hans er stjórnað með valdsumboði og lyklum prestdæmisins. „Prestdæmislyklar er valdið sem Guð hefur veitt prestdæmisleiðtogum til að leiðbeina, stjórna og stýra notkun prestdæmis hans á jörðu.“¹

Þeir sem hafa prestdæmislykla — hvort sem það er djákni sem hefur lykla fyrir sveit sína eða biskup sem hefur lykla fyrir deild sína eða forseti kirkjunnar sem hefur alla lykla prestdæmisins — gera öllum þeim sem trúfastlega þjóna undir leiðsögn þeirra mögulegt að nota valdsumboð prestdæmisins og hafa aðgang að krafti prestdæmisins.

Allir karlar og konur þjóna undir leiðsögn þeirra sem hafa lykla. Þannig stjórnar Drottinn kirkju sinni.

Ég ætla að endurtaka nokkuð sem ég sagði á aðalráðstefnu í apríl 2003. „Í hinni stórkostlegu prestdæmisgæddu áætlun himnesks föður, hafa karlmenn þá einstöku ábyrgð að þjóna í prestdæminu, en þeir eru ekki prestdæmið. Karlar og konur hafa mismunandi en jafn dýrmæt hlutverk. Á sama hátt og konan getur ekki getið barn án karlsins, getur karlinn ekki beitt prestdæmisvaldinu fyllilega til að stofna eilífa fjölskyldu, án konunnar. . . . bæði sköpunarkrafturinn og prestdæmiskrafturinn eru sameiginlegir eiginmanni og eiginkonu út frá eilífu sjónarhorni.“²

Hvers vegna eru karlar vígðir til prestdæmisembættis en ekki konur? Gordon B. Hinckley forseti (1910–2008) útskýrði, að það væri Drottinn, ekki maðurinn, „sem ákvarðaði að karlar í kirkju hans ættu að vera prestdæmishafar,“ og að það væri einnig Drottinn sem gæfi konum „getuna til að auka við og efla þessa miklu og stórkostlegu stofnun, sem er kirkjan og ríki Guðs.“³ Þegar grannt er skoðað, hefur Drottinn ekki opinberað hvers vegna hann hefur skipulagt kirkjuna eins og hann hefur gert.

Við skulum ekki gleyma því að systur sjá um svo til helming allrar kennslu í kirkjunni. Systur sjá um stóran hluta leiðtogastarfsins. Konur sjá um að skipuleggja mörg þjónustuverkefni og stjórna þeim. Ráðgjöf og almenn

þátttaka kvenna í deildar- og stikuráðum, og í aðalráðum höfuðstöðva kirkjunnar, stuðla að aukinni innsýn, visku og jafnvægi.

Það þarf bæði karla sem virða konur, og hinar sérstæðu gjafir þeirra, og konur sem virða prestdæmislyklana sem karlmenn hafa, til að allar blessanir himins verði mögulegar í hverju starfi kirkjunnar.

3. Karlar og konur eru jafn mikilvæg.

Karlar og konur eru jöfn í augum Guðs og í augum kirkjunnar, en jafngildið merkir ekki að þau séu eins. Ábyrgð og guðlegar gjafir karla og kvenna eru í eðli sínu mismunandi, en ekki hvað varðar mikilvægi eða áhrifamátt. Kenningar kirkju okkar staðhæfa að konan sé jafngild karlinum, þótt hún sé öðruvísi. Guð álitur ekki annað kynið betra hinu eða mikilvægara. Hinckley forseti sagði að „himneskur faðir ætlaði ykkur aldrei neitt minna en að verða dýrðarkóróna sköpunar sinnar.“⁴

Karlar og konur hafa misjafnar gjafir, eru misjöfn að styrk og hafa misjafnt sjónarhorn og hneigðir. Það er ein megin ástæða þess að þau hafa þörf fyrir hvert annað. Það þarf karl og konu til að fjölskylda verði til, og það þarf karla og konur til að útfæra verk Drottins. Eiginmaður og eiginkona, sem starfa saman í réttlæti, fullkomna hvort annað. Við skulum gæta þess að reyna ekki að breyta áætlun og tilgangi himnesks föður með líf okkar.

4. Allir hljóta blessun af krafti prestdæmisins

Þegar karlar og konur fara í musterið, njóta þau bæði sama kraftarins, sem er kraftur prestdæmisins. Þótt valdsumboð prestdæmisins komi beint frá lyklum prestdæmisins, og aðeins verðugir karlmenn hafi lykla prestdæmisins, hafa öll börn Guðs aðgang að krafti og blessunum prestdæmisins.

Faðir okkar á himnum er örlátur á kraft sinn. Allir karlar og konur hafa aðgang að þessum krafti, sér til hjálpar í lífi sínu. Allir sem hafa gert helga sáttmála við Drottin og heiðra þá sáttmála, geta hlotið persónulega opinberun, blessun englaþjónustu, átt samskipti við Guð, tekið á móti



yllingu fagnaðarindisins og orðið erfingjar með Jesú Kristi að öllu sem faðirinn á.

5. Við þurfum að þekkja og bera vitni um kenninguna.

Við þörfumst þess að konur í kirkjunni þekki kenningu Krists og beri vitni um endurreisnina á allan mögulegan hátt. Aldrei áður í sögu mannkyns hafa tímarnir verið jafn flóknir og þeir eru nú. Satan og handbendi hans hafa þróað og fullkomnað vopn sín í þúsundir ára og eru reynd í því að rífa niður trú og traust á Guð og Drottin Jesú Krist á meðal mannanna barna.

Við öll — karlar, konur, unga fólkið og drengir og telpur — þurfum að verja Drottin og kirkju hans og auka þekkingu á þeim um allan heim. Við þörfumst þess að heyra meira frá hinum aðgreinandi, áhrifamiklu röddum kvenna og trú þeirra. Við þörfumst þess að þið lærið kenninguna og hafið skilning á trúarkenningum okkar, svo þið getið borið vitni um sannleiksgildi allra hluta — hvort sem slíkur vitnisburður er gefin við varðeld í Stúlknabúðum, á vitnisburðarsamkomu, í bloggi eða á Fésbók. Aðeins þið getið sýnt heiminum hvernig konur Guðs, sem gert hafa sáttmála, eru í útliti og hverju þær trúa.

Systur, áhrifasvið ykkar er einstætt — og það verður ekki afritað af körlum. Enginn fær varið frelsara okkar af meiri fortölum eða áhrifamætti, en þið, dætur Guðs, fáið gert — þið sem búið yfir slíkum innri styrk og sannfær-ingarmætti. Áhrifamáttur orða trúaðrar konu er ómæl-anlegur og kirkjan þarfnast radda ykkar nú meira en nokkurn tíma áður.

Ég vitna og gef ykkur minn vitnisburð um að á þessum tímum verðum við að sýna samstöðu. Við verðum að standa saman — karlar og konur, piltar og stúlkur, drengir og telpur. Við verðum að styðja áætlun himnesks föður. Við verðum að verja hann. Honum er ýtt til hliðar. Við getum ekki staðið hlutlaus hjá sem meðlimir Kirkju Jesú Krists hinna Síðari daga heilögu og leyft að það gerist, án þess að sýna hugdirfsku og láta í okkur heyra.

Megi Guð blessa ykkur með nægilegu hugrekki til að læra og þekkja hinn einfalda sannleika fagnaðarindisins og síðan að miðla honum hvenær sem tækifæri gefst. ■

*Úr hátíðarræðu sem flutt var í Brigham Young háskóla, 20. ágúst 2013.
Til að lesa alla ræðuna á ensku: speeches.byu.edu.*

HEIMILDIR

1. *Handbook 2: Administering the Church* (2010), 2.1.1.
2. M. Russell Ballard, „This Is My Work and Glory,” *Liahóna*, maí 2013, 19.
3. Gordon B. Hinckley, „Women of the Church,” *Ensign*, nóv. 1996, 70.
4. Gordon B. Hinckley, „Stand Strong Against the Wiles of the World,” *Ensign*, nóv. 1995, 98.

BÚA SIG UNDIR ÞJÓNUSTU, ÞJÓNA TIL UNDIRBÚNINGIS

Guð gaf ykkur Aronsprestðæmið, því hann ætlar ykkur verk að vinna – núna og á ókominni tíð.



David L. Beck
aðalforseti Piltafélagsins

Jonathan er vinur minn sem gekk í kirkjuna fyrir fjórum árum. Hann er eini meðlimur kirkjunnar í fjölskyldu sinni. Eftir að hann tók á móti Aronsprestðæminu, hóf hann að þjóna öðrum sem aldrei fyrr. Jonathan vissi að hann þurfti að læra heilmargt til að geta þjónað. Hann vildi líka vera verðugur og áreiðanlegri, svo hann lærði fagnaðarerindið og sótti samkomur sínar á sunnudögum og trúarskólann. Hann lagði hart að sér við að halda boðorðin og reglur kirkjunnar. Hann rækti prestðæmisskyldur sínar af kostgæfni og var að auki góður heimiliskennari. Bæklingurinn hans *Skyldurækni við Guð* hjálpaði honum að skilja skyldur sínar og læra að framfylgja þeim.

Hin trúfasta þjónusta Jonathans veitti honum andlegan styrk. Hún verndaði hann gegn illum áhrifum. Hann þroskaðist gríðarlega með því að þjóna og búa sig undir framtíðina. Síðastliðið ár tók hann verðugur á móti Melkisedeksprestðæminu og musterisgjöf sinni. Hann þjónar nú í trúboði í Brasilíu.

Aronsprestðæmið er oft nefnt „undirbúningsprestðæmið.“ Guð gaf ykkur Aronsprestðæmið, því hann ætlar ykkur verk að vinna — núna og á ókominni tíð. Trúföst þjónusta ykkar í Aronsprestðæminu býr ykkur jafnvel enn betur undir þjónustu á komandi árum. Eins og Jonathan þá eruð þið að búa ykkur

undir að „hljóta Melkisedeksprestðæmið, taka á móti blessunum musterisins, þjóna í trúboði, verða kærleiksríkur eiginmaður og faðir og undir ævilanga þjónustu í þágu Drottins“ (*Sannir í trúnni: Trúarhugtök* (2004), 6).

Þið þekkið kannski ekki nákvæmlega hin dásamlegu tækifæri sem himneskur faðir geymir ykkur, en ég er viss um að þið verðið viðbúnir að takast á við þau, ef þið munið eftir að gera eftirfarandi sem Aronsprestðæmishafar.

Fylgja Jesú Kristi

Sem prestðæmishafar, þá eruð þið fulltrúar Jesú Krists. Það merkir að ykkur er boðið að fylgja honum og gera það sem hann myndi gera. Hvað myndi hann gera? Í öllum tilvikum þá helgaði hann sig því að þjóna og blessa aðra. Það ættuð þið líka að gera. Helgið ykkur þjónustu við aðra — og bætið ykkur stöðugt, svo þið getið gefið meira af sjálfum ykkur! Munið eftir því hvernig Jesús bætti sig í æsku sinni: Hann „þroskaðist að visku og vexti, og náð hjá Guði og mönnum“ (Lúk 2:52).

Hluti af því að fylgja frelsaranum, er að sækjast eftir visku og verða líkamlega hraustur á æskuárum ykkar. Það krefst mikillar vinnu af ykkar hálfu og þess að þið



ARONSPRESTDÆMISHAFAR:

HVERNIG GET ÉG BÚIÐ MIG
UNDIR AÐ:

Fylgja Jesú Kristi með því að

- biðja daglega og læra fagnaðarerindið
- hlýða
- leita vilja Guðs

Þjóna við helgiathafnir
prestðæmisins, líkt og

- við blessun sakramentis
- að skíra aðra

Þjóna ætíð með því að


- styrkja fjölskyldu ykkar og sveitarmeðlimi
- koma lítt virkum meðlimum til bjargar
- þjóna hinum þurfandi

Taka á móti
Melkisedeksprestðæminu

Meðtaka blessanir
musterisins

Þjóna í trúboði

Verða eiginmaður
og faðir



Þið fylgið Kristi þegar þið leitið vilja Guðs yfir daginn, til að leiða þjónustu ykkar og bregðast við andlegum innblæstri sem þið hljótið.

gerið ætíð ykkar besta (sjá K&S 4:2). Þið njótið velþóknunar Guðs þegar þið nálgist hann með daglegri bænagjörd, ritningarnámi, hlýðni og þjónustu. Þið njótið velþóknunar annarra þegar þið eruð ljúfir og trúfastir fjölskyldu ykkar og öllum kristilegir vinir.

Munið eftir því að Kristur gerði ætíð vilja föðurins. Þið fylgið Kristi þegar þið leitið vilja Guðs yfir daginn, til að leiða þjónustu ykkar og bregðast við andlegum innblæstri sem þið hljótið.

Þjónið við helgiathafnir Aronsprestðæmisins

Helgiathafnir prestðæmisins eru nauðsynlegar öllum börnum Guðs og blessa jafnt bæði syni hans og dætur. Um leið og þið verðið djáknar getið þið þjónað við helgiathafnar prestðæmisins, með því að útdeila sakramentinu. Síðar haldið þið áfram að þjóna í Aronsprestðæminu við helgiathafnir prestðæmisins, með því að undirbúa og blessa sakramentið, skíra og vera með í vígsluathöfnum annarra Aronsprestðæmishafa.

Þið verðið að vera hreinir til að taka þátt í helgiathöfnum. Siðferðilegur hreinleiki ykkar getur aukið andlegan kraft þeirra helgiathafna sem þið þjónið við. Kappkostið að vera verðugir á allan hátt til að vera heilagt ker sakramentis Drottins (sjá K&S 38:42). Þegar þið gerið það, getið þið staðið frammi fyrir söfnuði ykkar sem sannir fulltrúar Jesú Krists. Fólkið nýtur blessunar af staðfestu ykkar við að halda þá sáttmála sem þið hjálpið því að endurnýja.

Þjónið stöðugt

Þið þjónið sem Aronsprestðæmishafar. Leitið stöðugt tækifæra til að þjóna fjölskyldu ykkar,

vinum, sveitarmeðlimum og öðrum. Allt sem þið gerið í prestðæminu, gerir ykkur kleift að þjóna öðrum bæði stundlega og andlega. Þegar þið til að mynda hjálpið biskupi ykkar eða greinarforseta með því að þjóna fjölskyldu sem þið heimiliskennið, lærið þið að skilgreina og annast þarfir annarra. Þið þjónið líka öðrum með því að styrkja sveitarmeðlimi ykkar og koma lítt virkum meðlimum til bjargar, safna föstufórnum til hjálpar fátækum og þurfandi, leggja á ykkur líkamlega vinnu í þágu sjúkra og fatlaðra, kenna og vitna um Krist og fagnaðarerindi hans og léttu byrðar hinna kjarklausu.

Þið þjónið með því að kenna lexíur á sveitarfundum og fjölskyldukvöldum ykkar. Þið þjónið með því að bjóða öllum að koma til Krists (sjá K&S 50:29) — á heimili ykkar, í sveit ykkar, í skólanum, í þjónustu með trúboðunum og allsstaðar sem þið eruð.

Framtíð ykkar

Ræðið við foreldra ykkar eða leiðbeinendur um þær skyldur sem verða ykkar þegar þið verðið Melkisedeksprestðæmishafar, trúboðar, eiginmenn og feður. Skrifði í línurnar sumar þeirra mikilvægu skyldna og hvernig þið getið búið ykkur undir þær núna með því að þjóna í Aronsprestðæminu. Ykkur kann að finnast þær yfirþyrmandi núna, en munið að best er að undirbúa sig með því einfaldlega að gera það sem himneskur faðir hefur boðið ykkur að gera strax í dag. Megið þið finna gleði í þjónustu ykkar nú er þið búið ykkur undir ykkar dýrðlegu framtíð. ■

KRAFTURINN TIL AÐ BLESSA ALLA MENN

Leiðtogar kirkjunnar hafa kennt okkur að helgiathafnir og sáttmálar prestdæmisins standi öllum börnum Guðs til boða – körlum og konum.




„Prestdæmið er kraftur og valdsumboð Guðs, veitt til sálhjálpunar og blessunar öllum — körlum, konum og börnum. . .

„Það eru sérstakar

blessanir frá Guði til hvernar verðugar persónu sem lætur skírast, meðtekur heilagan anda og sakramentið reglulega. Musterið færir aukið ljós og styrk, auk loforðsins um eilíft líf [sjá K&S 138:37, 51].

Öldungur Neil L. Andersen, í Tólfpostulasveitinni, „Power in the Priesthood,” *Liahóna*, nóv. 2013, 92.



„Helgiathafnir og sáttmálar prestdæmisins veita aðgang að öllum þeim blessunum sem Guð lofar okkur, og mögulegar verða fyrir friðþægingu frelsarans.

Þær brynja syni og dætur Guðs krafti Guðs, og sjá okkur fyrir tækifæri til að hljóta eilíft líf — að snúa að nýju í návist Guðs og lífa með honum í eilífri fjölskyldu hans.”

Carole M. Stephens, fyrsti ráðgjafi í aðalforsætisráði Líknarfélagssins, „Do We Know What We Have?” *Liahóna*, nóv. 2013, 12.



„Það er mjög áriðandi fyrir okkur að skilja að himneskur faðir hefur séð öllum sonum sínum og dætrum fyrir leið til að hafa aðgang að blessunum og krafti

prestdæmisvaldsins. Yfirlýsing hans sjálfs er miðpunktur áætlunar Guðs fyrir andabörn hans: „Þetta er verk mitt og dýrð mín — að gjöra ódauðleika og eilíft líf mannsins að veruleika” (HDP Móse 1:39).”

Öldungur M. Russell Ballard, í Tólfpostulasveitinni, „This Is My Work and Glory,” *Liahóna*, maí 2013, 19.



FÆRA BLESSANIR PRESTDÆMISINS INN Á HEIMILIÐ YKKAR



Bonnie L. Oscarson
aðalforseti
Stúlknafélagsins

*Þegar þið haldið
sáttmála ykkar
hagnýtið þið
ykkur kraft
prestðæmisins
til að blessa
heimili ykkar
og fjölskyldu.*

Hvernig getið þið, sem piltar eða stúlkur hagnýtt ykkur prestðæmissáttmálana sem þið gerðuð í skírinni, til að efla heimili ykkar og fjölskyldu, hverjar sem fjölskylduaðstæður ykkar eru? Skilningur okkar á hlutverki og mikilvægi fjölskyldu okkar í áætlun Drottins, getur hvatt okkur til að heiðra loforðin sem við höfum gefið, með því að ganga úr skugga um að besta og innilegasta þjónusta okkar eigi sér stað á heimilum okkar. Skoðum nokkuð af því sem við getum gert til að nýta okkur kraft sáttmála okkar til að styrkja þá sem skipta okkur mestu máli og þjóna þeim.

Hvernig bregðist þið við?

Það er mánudagskvöld og ykkur bíða fjölmörg heimaverkefni. Þið heyrið föður ykkar kalla fjölskylduna saman til fjölskyldukvölds. Hvað gerið þið?

Valkostur A: Þið svarið: „Pabbi, ég hef

ekki tíma fyrir þetta í kvöld!“ Ég verð að læra heima!“

Valkostur B: Þið flýtið ykkur að fá systkini ykkar til að koma og takið fúslega þátt í bænunum, tónlistinni og boðskapnum.

Þegar leiðandi prestðæmishafi er á heimilinu

Þið getið, til að mynda, stutt foreldra ykkar með því að taka fúslega þátt í fjölskyldukvöldi, fjölskyldubænum og ritningarnámi fjölskyldunnar. Hægt er að gera ótal margt annað, til dæmis.

- Biðjið fyrir foreldrum ykkar. (Þeir biðja örugglega dag hvern fyrir ykkur.)
- Styðjið foreldra ykkar í köllunum þeirra og bjóðist til að hjálpa við húsverkin, einkum þegar þau eru önnur kafin við sérstök verkefni.
- Hjálpið foreldrum ykkar að bjóða heimiliskennarana velkomna þegar þeir

koma og hlustið síðan á boðskap þeirra af háttprýði.

- Ef það er musteri á ykkar svæði, bjóðist þá til þess að gæta yngri systkina, svo foreldrar ykkar geti farið í musterið og tekið þátt í helgiathöfnum prestdæmisins.

Hafið í huga að það eru ekki bara foreldrar sem bera ábyrgð á að viðhalda andanum á heimilinu. Þið getið gert ótal margt til að laða að andann með viðhorfi og verkum ykkar. Gerið þið það sem þið getið til þess að áhrifa andans gæti á heimili ykkar?

Þegar leiðandi prestdæmishafi er ekki á heimilinu

Gerð og virkni fjölskyldna er mismunandi. Þið getið tilheyrð fjölskyldu með einhleypu foreldri eða þið hafið ekki ráðandi prestdæmishafa á heimili ykkar. Þótt svo sé, getið þið gert heilmargt til að bjóða krafti prestdæmisins að styrkja ykkur og fjölskyldu ykkar. Þetta er það sem við ættum öll að gera, hverjar sem aðstæður okkar eru:

- Biðjið einkabænir, lærið ritningarnar og fastið. Það mun stuðla að andlegum styrk ykkar og laða andann að ykkur og áhrifasvæði ykkar.
- Gefið ykkur tíma til að efla kallanir ykkar eða kirkjuverkefni og búið ykkur undir kennslu á sunnudögum. Ef þið gerið það, mun sjálfstraust ykkar styrkjast og þið sýnið stuðning við prestdæmisstarfið.

- Sýnið öllum í fjölskyldu ykkar virðingu og styðjið heilnæmar athafnir þeirra. Þessir valkostir stuðla að eflingu allra í fjölskyldu ykkar.
- Miðlið fjölskyldu ykkar því sem þið hafið lært og gert í námsbekkjum eða sveitum kirkjunnar. Það er ein leið til að færa kenningar fagnaðarerindisins inn á heimili ykkar.
- Ígrundið hvernig þið gerið þjónað þeim sem eru umhverfis ykkur með látlausum kærleiksverkum.
- Hjálpið til við húsverkin eða hjálpið bróður eða systur.
- Sýnið fjölskyldu ykkar kristilega elsku — það mun gera meira til að byggja upp sterkari fjölskyldubönd, en næstum allt annað sem þið getið gert

Heiðrið sáttmála ykkar

Þegar við þjónum, elskum og eflum fjölskyldu okkar, erum við trúföst sáttmálanum sem við gerðum við skírningina, um að vera vitni Jesú Krists, halda boðorð hans og styrkja þá sem umhverfis okkur eru. Við getum hagnýtt okkur styrkinn sem felst í sáttmálum prestdæmisins, til að hjálpa og blessa heimili okkar og fjölskyldu. *Prestdæmi, þjónusta og heimili* eru orð sem eilíflega ættu að búa í huga okkar. Meðlimir okkar eigin fjölskyldu ættu að vera í fyrirrúmi þegar við finnum leiðir til að taka þátt í sálhjálpstarfinu. Þegar við styrkjum fjölskyldu okkar, styrkjum við líka kirkjuna, samfélagið og heiminn. ■



„Fjölskyldan er kjarninn í áætlun skaparans um eilíf örlög barna hans.“

„Fjölskyldan: Yfirlýsing til heimsins,” *Liahóna*, nóv. 2010, 129.



„Mikilvægasta starfið sem þið munuð nokkru sinni vinna verður innan veggja heimilis ykkar.“

Kenningar forseta kirkjunnar: Harold B. Lee (2000), 134.



SJÁLFSÖRYGGI OG VERÐUGLEIKI

Ég ætla að benda á hvernig hægt er að tileinka sér afar dýrmætt sjálfsöryggi.



Öldungur
Jeffrey R. Holland
í Tólfpostulasveitinni

Orð mín til ykkar eru boðskapur vonar og hvatningar, nú og alla ykkar ævi. Í heiminum eru margskonar vandamál en vandamál hafa ætíð verið fyrir hendi á öllum tímum og tíðum. Látið þau ekki gagntaka ykkur og draga ykkur niður. Á komandi árum mun upp koma fjöldi dásamlegra tækifæra og blessana. Við munum halda áfram að njóta brautargengis í vísindum og tækni, lyflækningum og samskiptum — á öllum þeim sviðum sem við höfum svo mikinn hag af. Þið lifið á dásamlegasta tíma heimsins sem vitað er um, þar sem daglegar blessanir ná stöðugt til fleira fólks um allan heim, en áður hefur þekkt í sögunni. Hafið í huga — að ömmu ykkar dreymdi aldrei um spjaldtölvu þegar hún

var á ykkar aldri og afi ykkar hefur enn enga hugmynd um hvernig senda á textaboð. Verið því hamingjusöm, heilbrigð og bjartsýn.

Þetta segi ég að hluta til vegna greinar sem ég las nýlega, þar sem staðhæft var að algengasta meinið meðal ungs fólks í dag tengdist ekki mataræði, hjartasjúkdómum eða krabbameini. (Fólk á mínum aldri, en ekki ykkar, glímur yfirleitt við slíkan vanda.)

Nei, algengasta mein tánínga og fólks á tvítugsaldri er sjálfsefi, framtíðarkvíði, lélegt sjálfsmat og almennt skortur á sjálfstrausti og trausti á heiminum umhverfis.

Þótt ég sé miklu eldri en þið, þá hef ég skilning á slíkum vanda, því á mínum yngri árum tókst ég líka á við aðstæður þar sem mig skorti sjálfsöryggi. Ég minnst þess að hafa lagt mikið á mig við að fá góðar einkunnir í von um að ávinna mér skólastyrk og að hafa íhugað ástæður þess að öðrum virtist ganga betur við það en mér. Ég minnst íþróttakeppna, ár eftir ár, þar sem ég reyndi að tileinka mér sjálfsöryggi til velgengni í íþróttum í efri grunnskóla og framhaldsskóla og að hafa þráð svo innilega að vinna stóran sigur eða koma heim með eftirsóttan meistaratitil. Ég minnst þess einkum að hafa skort sjálfsöryggi í stúlknamálum, sem svo oft vekur kvíða hjá ungum mönnum. Ég er svo þakklátur fyrir að systir Holland ákvað að taka áhættuna með mig. Já, ég get minnst alls þess sem þið munið — að efast um eigið útlit eða hvort ég væri meðtekinn eða hvað framtíðin myndi bera í skauti sér fyrir mig.



Tilgangur minn hér er ekki að ræða öll þau mál sem ungt fólk tekst á við og að ýta undir óöryggi og skort á sjálfstrausti, heldur að benda á hvernig hægt er að tileinka sér afar dýrmætt sjálföryggi — sjálföryggi, réttilega áunnið, sem áorkar miklu á öllum öðrum sviðum lífsins, einkum hvað varðar eigið sjálfsmat og viðhorf til framtíðar. Til að undirstrika mál mitt, þá þarf ég að segja sögu.

Gildi eigin verðugleika

Fyrir mörgum árum, löngu áður en ég var kallaður sem aðalvaldhafi, hélt ég ræðu á æskulýðsráðstefnu. Ráðstefnunni lauk með vitnisburðarsamkomu, þar sem ungur, myndalegur maður stóð upp, nýkominn heim af trúboði og gaf vitnisburð sinn. Hann var hreinn og snyrtilegur og fullur sjálfstrausts — rétt eins og einhver sem er nýkominn heim af trúboði ætti að vera.

Þegar hann tók til máls komu tár fram í augu hans. Hann sagðist vera þakklátur fyrir að vera á meðal slíkra ungra og frábærra Síðari daga heilagra og líða vel með það líferni sem hann reyndi að tileinka sér. Þá tilfinningu, sagði hann einungis mögulega, vegna reynslu sem hann hafði hlotið nokkrum árum áður, reynslu sem hefði haft ævarandi áhrif á líf hans.

Hann sagði síðan frá því að hafa komið heim eftir

Þar sem hann sat í innkeyrslunni heima hjá sér, hugsaði ráð sitt og upplifði einlæga sorg yfir því sem gerst hafði, kom móðir hans, sem ekki var í kirkjunni, hlaupandi í óðagoti út úr húsinu.

stefnumót, stuttu eftir að hann hafði verið vígður öldungur, 18 ára gamall. Eitthvað hafði gerst á stefnumótinu, sem hann var miður stoltur af. Hann fór ekki út í smáatriði og það hefði hann heldur ekki átt að gera á almennri samkomu. Fram til þessa dags veit ég ekki hvað átti sér stað en það hafði augljóslega verið nægilega alvarlegt til að hafa haft áhrif á anda hans og sjálfsmat.

Þar sem hann sat í innkeyrslunni heima hjá sér, hugsaði ráð sitt og upplifði einlæga sorg yfir því sem gerst hafði, kom móðir hans, sem ekki var í kirkjunni, hlaupandi í óðagoti út úr húsinu að bílnum hans. Í fljótheitum sagði hún frá því að yngri bróðir þessa pilts hefði dottið á heimilinu, skolið harkalega á höfuðið og væri í einhvers konar krampakasti. Faðir hans, sem var heldur ekki í kirkjunni, hafði þegar í stað hringt á sjúkrahúsi, en það tæki nokkurn tíma fyrir þá hjálpu að berast.

„Komdu og gerðu eitthvað,“ hrópaði hún. „Er ekki eitthvað sem þú gerir í kirkjunni þegar slíkt hendir? Hefur þú ekki prestdæmi hennar. Komdu og gerðu eitthvað.“

Móðir hans vissi ekki margt um kirkjuna á þessari stundu en hún hafði haft einhverja vitneskju um prestdæmisblessanir.





“Frá þessu kvöldi hef ég aldrei gert neitt sem hefur hindrað mig í því að koma fram fyrir Drottin í þeirri sannfæringu að hann muni hjálpa mér þegar á þurfi að halda,” sagði hann.

Nú var það svo að einmitt á þessu kvöldi, þegar einhver sem hann elskaði innilega, þurfti á trú hans og styrk að halda, að þessi ungi maður gat ekki brugðist við. Sökum tilfinninganna sem hann hafði glímt við rétt áður og hvernig honum fannst hann hafa sett verðugleika sinn í hættu — hvernig sem það hafði gerst — fékk hann ekki af sér að koma fram fyrir Drottin og biðja um blessunina sem þörf var á.

Hann rauk út úr bílnum og hljóp niður götuna að húsi verðugs eldri manns í deildinni, sem hafði sýnt honum vináttu allt frá trúskiptum piltsins tveimur eða þremur árum áður. Hann greindi frá aðstæðum og þeir tveir fóru til baka að heimili hans og voru þar nokkru áður en bráðaliðarnir komu á staðinn. Hinn góði endir þessarar sögu var, eins og frá var greint á þessari vitnisburðarsamkomu, að þessi eldri maður veitti þegar í stað ljúfa og máttuga prestdæmisblessun, svo að líðan hins slasaða barns varð stöðug og það hvíldist áður en læknishjálpin barst. Eftir skyndiferð á sjúkrahúsið og vandlega skoðun, kom í ljós að engar varanlegar skemmdir höfðu átt sér stað. Afar kvíðvænleg stund hjá fjölskyldunni var nú liðin hjá.

Síðan sagði þessi ungi maður, sem sagan fjallar um, þetta: „Enginn sem ekki hefur upplifað það sem ég upplifði þetta kvöld, fær þekkt smán mína og sorg yfir því að vera ekki verðugur þess að nota prestdæmið sem ég hafði. Það er mér jafnvel enn sárari minning, því það var litli bróðir minn sem þarfaðist mín og líka foreldrar mínir, sem voru svo óttaslegnir og hefðu átt að geta reitt sig betur á mig.

Hinsvegar er ég nú stend hér frammi fyrir ykkur, lofa ég ykkur því,“ sagði hann, „að þótt ég sé ekki fullkominn, þá hef ég, frá þessu kvöldi, aldrei gert neitt sem hefur hindrað mig í því að koma fram fyrir Drottin í þeirri sannfæringu að hann muni hjálpa mér þegar á þurfi að halda. Persónulegur verðugleiki er baráttu í þeim heimi sem við lifum í,“ sagði hann, „en þó baráttu sem ég er að sigra. Einu sinni í lífinu hef ég fundið fingur fordæmingar hvíla á mér og slíkt ætla ég ekki að upplifa aftur, ef ég get með nokkru móti komið í veg fyrir það. Og, auðvitað,“ sagði hann að lokum, „fæ ég öllu um það ráðið.“

Hann lauk vitnisburði sínum og settist niður. Ég sé hann enn fyrir mér. Ég fæ enn séð umhverfið þarna. Ég fæ enn munað eftir áhrifaríkri þögninni sem fylgdi í kjölfar orða hans, er allir í salnum höfðu ástæðu til að skoða eigin sál örliðið betur og einsetja sér að lifa betur eftir þessum máttugu orðum sem til okkar bárust frá Drottini.

„Lát dyggðir prýða hugsanir þínar linnulaust, og þá mun traust þitt vaxa og styrkjast í návist Guðs og kenning prestdæmisins falla á sál þína sem dögg af himni.

Heilagur andi verður þér stöðugur förunautur, og veldissproti þinn óbreytanlegur veldissproti réttlætis og sannleika“ (K&S 121:45–46; skáletrað hér).

Njóta anda Guðs

Mínir kæru ungu vinir, eigið dásamlegt líf. Hugsid jákvætt og vonið það besta og hafið tiltrú á framtíðinni. Ykkar bíða stórkostleg örlög. Himneskur faðir elskar ykkur. Ef einhver mistök hafa verið gerð, er hægt að iðrast þeirra og hljóta fyrirgefningu, á sama hátt og í tilviki unga mannsins. Þið hafið allt til að lifa fyrir, áforma og trúa á. Ef samvíska ykkar er góð, er þið eruð ein með minningum ykkar, munuð þið geta upplifað anda Guðs á afar persónulegan hátt. Ég óska að þið fáið notið þess anda, að finna ætíð þá tiltrú á návist Drottins. Megi dyggðugar hugsanir stuðla að góðum verkum ykkar, í dag, á morgun og alla tíð. ■

Frá kvöldvöku æskufólks 31. desember 2006.

HLIÐIÐ og VEGURINN

Helgiathafnir og sáttmálar prestdæmisins færa okkur á veginn til eilífs lífs og blessa okkur með þeim styrk sem við þurfum einmitt nú.

Við sækjumst öll eftir eilífu lífi, sem er endurlausn og upphafning í æðstu dýrðargráðu himneska ríkisins, þar sem við getum dvalið í návist himnesks föður sem fjölskyldur.

Auk trúar á Jesú Krist og iðrunar, gera helgiathafnir og sáttmálar prestdæmisins okkur kleift að komast á veg eilífs lífs. Engu skiptir hvenær þið komuð á veginn eða hvar þið eruð stödd á honum — engu skiptir hvort þið fæddust í kirkjuna eða genguð í hana síðar, hvort þið hafið verið virk alla ævi í kirkjunni eða hafið nýlega orðið virk aftur — Þið getið náð að þróast áfram, þegar þið einblínið á sáttmála ykkar og það sem þið getið gert til að meðtaka og halda þá.

Mikilvægt er að vita að helgiathafnir og sáttmálar prestdæmisins gefa ekki bara fyrirheit um dýrðlega framtíð. Við hljótum líka þann styrk, huggun og stuðning sem við þurfum einmitt nú, til að fylgja veginum og standast allt til enda í réttlæti. ■



„Það sem er enn mikilvægara er að það er prestdæmisvaldið innan kirkjunnar sem sér okkur fyrir helgiathöfnum og sáttmálum sem binda fjölskyldur saman

og gera okkur öll hæf til að snúa aftur til Guðs föðurins og Jesú Krists í himneska ríkinu. Þessar helgiathafnir færa okkur frið vegna þess að þær eru sáttmálar við Drottin.“

Öldungur Quentin L. Cook, í Tólfpostulasveitinni, „Personal Peace: The Reward of Righteousness,” *Liahóna*, maí 2013, 34.

VEGUR
EILÍFS LÍFS
(STANDAST ALLT
TIL ENDA)

Sjá 2 Nei 31



SKÍRN



Sakramentið —
vikuleg endurnýjun
skírnarsáttmálans

GJÖF HEILAGS ANDA

NAUÐSYNLEGAR HELGIATHAFNIR OG SÁTTMÁLAR
ENDURNÝJA OG EFLA HELGIATHAFNIR

Patríarkablessanir —
sérstök persónuleg
leiðsögn og loforð
um blessanir



VEITING OG VÍGSLA PRESTDÆMISINS
(FYRIR PILTA)



MUSTERISGJÖF

Blessanir fyrir
sjúka — líkn og
lækning



Föðurblessanir og aðrar blessanir til
huggunar og handleiðslu — friðar
og leiðsagnar þegar þörf er á

HJÁLPA Á FÖRNUM VEGI

Ritningar — leiðsögn og fyrir-
mæli gefin sem hluti af sáttmála
á milli Guðs og fólks hans (sjá
K&S 84:57)

Bæn — „[Meistarinn] býður
okkur að gera sáttmála um að
„hafa hann ávallt í huga“ og minnr
okkur á að „biðja án afláts,“ og að
setja traust okkar á hann, okkar
eina skjól“ (Henry B. Eyring forseti,
fyrsti ráðgjafi í Æðsta forsætisráð-
inu, „Ávallt,“ *Ensign*, okt. 1999, 9).

Þjónusta — við uppfyllum
sáttmála okkar með því að þjóna
Guði og börnum hans, í því felst
að taka að sér kallanir, taka þátt
í musteris- og ættfræðistarfi,
miðla fagnaðarerindinu og þjóna
í trúboði

Iðrun — við minnumst sáttmála
okkar og nálgumst frelsarann,
ef við höfum villst frá. Stundum
þurfa prestdæmisleiðtogar að
koma að málum og hjálpa

MUSTERISINNSIGLUN



„Þegar við höldum
okkur á vegi fagnaðarer-
indisins, boðorða
þess, helgiathafna og
sáttmála, **njótum við
verndar og búum**
okkur undir að vinna

verk Guðs í þessum heimi.“

Öldungur Robert D. Hales, í Tólfpostulasveitinni,
„Stand Strong in Holy Places,“ *Liahóna*,
maí 2013, 49.



„Er þið takið verðug
þátt í helgiathöfnum
prestdæmisins, þá
mun Drottinn veita
ykkur enn meiri **styrk,
frið og eilíft
sjónarmið.**“

Öldungur Neil L. Andersen, í Tólfpostulasveitinni,
„Power in the Priesthood,“ *Liahóna*, nóv. 2013, 95.

EILÍFT LÍF
(HIMNESKA RÍKIÐ MEÐ FJÖLSKYLDU)

„Hvað get ég gert þegar rætt er um málefni í skóla sem kenningar fagnaðararindisins kveða skýrt á um, eins og fóstureyðingar?“

Bregðast má við á marga vegu — eða alls ekki — allt eftir aðstæðum. Íhugið fyrst hvað gæti gerst, ef þið segðuð ekkert eða segðuð eitthvað. Ef þögn ykkar gæti gefið til kynna að þið væruð sammála einhverju sem þið vissuð að væri rangt, gætuð þið gert ljóst að þið væruð á öndverðum meiði á einfaldan og látlausan hátt. Ef þið haldið að ábending ykkar myndi aðeins valda deilum, gætuð þið gert mál ykkar ljóst við annað tækifæri. Ef bekkjarfélagar ykkar sýna hinsvegar gagnkvæma virðingu og kennarinn biður um þátttöku, gætuð þið beðist fyrir um að hljóta innblástur og síðan útskýrt trúarskoðanir ykkar.

Þið gætuð líka verið búin að undirbúa ykkur, ef þið vitið með fyrirvara að ákveðið efni verði rætt í námsbekk ykkar. Auk þess að kanna ritningarnar og ráðstefnuræður, getið þið lesið *Sannir í trúnni: Trúarhugtök* eða *Til styrktar æskunni*. Þið gætuð líka æft ykkur að ræða um efnið á fjölskyldukvöldi. Ræðið við kennara ykkar eða bekkjarfélaga þegar þið eruð viðbúin.

Hvernig þið bregðist við er jafn mikilvægt og *það* sem þið segið. Sýnið virðingu og reynið að nota ekki sértækt kirkjumál. Bekkjarfélagar ykkar glata þræðinum um leið og þið segið: „Leiðbeinandi Stúlknafélagsins í deildinni minni kenndi mér að . . .“

Það sem ykkur er mikilvægast er að vita hvað kirkjan kennir og hvað heilagur andi segir, svo þið farið ekki með rangt mál, sem þið gætuð hafa heyrt eða lesið um í námsbæknum.

Munið hvers fulltrúi þið eruð

Þegar þið eruð í slíkum aðstæðum, reynið þá að vera meðvituð um að ekki er víst að aðrir hafi sömu skoðanir og þið á einhverju tilteknu máli. Verið ekki yfirlætisleg eða ýtin en þó óhrædd að verja trúarskoðanir ykkar. Munið að þið eru fulltrúar Krists.

Madeline K., 16 ára, Wyoming, Bandaríkjunum



Verið háttprúð

Mér finnst ég þurfa að miðla skoðunum mínum af háttprýði og líka útskýra hvers vegna ég trúi þeim. Ég held ég þurfi ekki á því að halda að aðrir hafi sömu skoðanir og ég en mér finnst þeir ættu að vita hver afstaða mína er í ákveðnum málefnum og skilja mitt sjónarmið.

Sabrina S., 16 ára, Oregon, Bandaríkjunum



Verið kunnug afstöðu kirkjunnar

Ég var í áfanga þar sem umdeild málefni voru oft rædd. Mikilvægast er að virða skoðanir annarra, líkt og við væntum að aðrir geri gagnvart okkur sjálfum. Sé efnið í algjörrri andstöðu við kirkjuna, segið þá fúslega frá skoðun ykkar. Þið þurfið ekki að minnast á kirkjuna í ábendingum ykkar. En verið samt viss um að þekki afstöðu kirkjunnar um málið.

Joseph Z., 18 ára, Maryland, Bandaríkjunum

Leiðréttið falska kenningu

Við tilheyrum trúboðskirkju, þar sem við erum öll kölluð til að prédika og því megum við ekki líða að fölsk kenning breiðist út. Við slíkar aðstæður verðum við að láta í okkur heyra til að leiðréttu hverja falska kenningu og hjálpa fólki að skilja hvað hið endurreista fagnaðarerindi staðhæfir um málið.

David M., 16 ára, Kasai-Occidental Province, lýðveldinu Kongó



Hjálpnið öðrum að íhuga hvað sé hið rétta

Miðlið tilfinningum ykkar af einlægni.

Margir málaflokkar, líkt og fóstureyðingar, eru oft ræddir í skólum, svo fyrirverðið ykkur ekki fyrir að mæla fram. Þar er tilvalið að miðla fagnaðararindinu og trúarreglum okkar. Ef þið miðlið skoðunum ykkar, getið þið hjálpað fólki að íhuga hið rétta.

Madison R., 14 ára, Norður-Karólínu



Verið virðingarfyll

Mikilvægt er að við látum heyra frá okkur, en ekki er síður mikilvægara að við virðum

skoðanir annarra. Forðist þrætur þrætur skapa óvini og uppnám. Ef hugmynd er sett fram sem er andstæð trú okkar, haldið þá hugarró ykkar, verið einbeitt og virðingarfyll og gleymið ekki að hlusta á andann. Við skiljum ekki allt til hlítar, en það gerir

Guð. Við ættum að hlusta á andann og læra af honum.

Hannah M., 18 ára, Utah, Bandaríkjunum

Miðlið því sem kirkjan kennir

Ég reyni að svara slíkum spurningum eftir bestu getu, því vinir mínir og kennarar þekkja ekki afstöðu kirkjunnar til slíkra málefni, nema ég segi þeim frá því. Ef ég geri það, vita þau svarið og geta vísað til þess í framtíðinni og ég hef andlegan hag af því. Hafið í huga: „Þannig lýsi ljós yðar meðal manna, að þeir sjái góð verk yðar og vegsami föður yðar, sem er á himnum“ (Matt 5:16).

Joshua M., 16 ára, Manchester, Englandi

Forðist deilur

Ég útskýri eigin skoðun, reglurnar sem ég lifi eftir og kenningar kirkjunnar og virði hugmyndir annarra. Ég forðast deilur, sem hrekja andann burtu og koma í veg fyrir að aðrir verði fyrir jákvæðum áhrifum.

Daiana V., 15 ára, Buenos Aires, Argentínu



STANDIÐ STÖÐUG

„Okkar er að útskýra stöðu okkar af skynsemi, með vinsamlegum fortólum, og

nákvæmum staðreyndum. Okkar er að standa ákveðin og óhagganleg í þeim siðferðismálum sem til umræðu eru og það sem varðar eilífar reglur fagnaðararindisins en deila ekki við nokkurn mann eða stofnun. Deilur byggja vegg og múra. Kærlekurinn opnar dyr.“

Öldungur Marvin J. Ashton (1915–94), í Tölfpostulasveitinni, „No Time for Contention,“ Ensign, maí 1978, 8.

NÆSTA SPURNING

„Hvernig getur mér liðið nægilega vel með að ræða við biskupinn minn um það sem veldur mér hugarangri?“

Sendið svör ykkar, og ef þið viljið, ljósmynd í hárrí upplausn, fyrir 15. maí 2014, á liahona@ldschurch.org eða með hefðbundnum pósti (sjá pósthafang á síðu 3).

Svartexti kann að verða stytur eða lagaður til.

Eftirfarandi upplýsingar og leyfi verða að fylgja með svari ykkar: (1) fullt nafn, (2) fæðingardagur, (3) deild eða grein, (4) stika eða umdæmi, (5) skriflegt leyfi ykkar, eða foreldra ykkar, ef þið eruð undir 18 ára aldri, (netpóstur er viðunandi), til að birta svar ykkar og ljósmynd af ykkur.



SUNNUDAGSLEXIUR

Efni mánaðarins:
Fráhvarfið og
endurreisnin

RÉTT eða RANGT?

Stundum reynist erfitt að greina sannleika frá lygi, en himneskur faðir hefur gefið okkur máttugar gjafir, til að hjálpa okkur að greina á milli sannleika Guðs og lygi Satans.

David A. Edwards

Kirkjutímaritin

Ef þið hafið einhvern tíma tekið próf með rétt og rangt spurningum, vitið þið að erfitt getur reynst að átta sig á ósannindum. Erfitt getur líka reynst að átta sig á hvað er rétt og hvað rangt þegar svara þarf afar mikilvægum spurningum um trú og ýmislegt sem tengist okkar daglega lífi.

Við þurfum samt ekki að fá hnút í magann, líkt og hinn óviðbúni tekst á við próf. Himneskur faðir hefur blessað okkur með ótal

Mismunandi rangindi

Til að byrja með þá er hér stutt rétt og rangt próf til að sýna fram á ákveðið mál:



1

Tunglið er grænt.



RÉTT



RANGT

Neil Armstrong, geimfari Apollo 12, var fyrsti maðurinn sem steig fæti á tunglið og sagði þann atburð vera „risaskref fyrir mannkynið.“



RÉTT



RANGT

2



3

Geimferðastofnunin NASA gat ekki sent geimfar til Mars árið 1969, því var geimfar sent til tunglsins.

RÉTT RANGT



Sólstormar, geislun, geimryk og aðrar hindranir, hefðu gert landingu mannsins á tunglinu ómögulega, auk þess virðist vera búið að eiga við ljósmyndirnar og vitnum ber ekki saman um ýmislegt, svo ríkisstjórn Bandaríkjanna hlýtur að hafa sviðsett allt saman.

RÉTT RANGT

4

Nútímalýgar

Þegar við skoðum það sem hefur áhrif á hugsanir okkar, trúarskoðanir, val okkar og breytni — það sem mögulega hefur eilífar afleiðingar — er vert að við séum meðvituð um annars konar rangindi, þar sem Satan, „faðir lyginnar,“ (2 Nephi 9:9), beitir öllum hugsanlegum aðferðum til að blekkja okkur. Hér eru nokkur dæmi um nútímaaðferðir hans og líka dæmi um hvernig við getum brugðist við með sannleikanum.

gjöfum, til að hjálpa okkur að greina á milli sannleika hans og lygi óvinarins.

Svarið við öllum spurningunum er *Rangt*, og spurningar fela í sér nokkur grundvallar rangindi, sem þið hafið líklega áttað ykkur á.

Fullyrðing spurningar 1 er *algjörlega ósönn*, hrein vitleysa. Fullyrðing spurningar 2 er *sannleikur að hluta* en er villandi, því hún er bæði rétt og röng (það var Apollo 11, ekki Apollo 12 — plataði ykkur!). Fullyrðing spurningar 3 er *tvíþætt rangindi*, en í henni eru aðeins tveir valkostir settir fram, sem eru í raun ekki einu valkostirnir (NASA hefði til að mynda getað ákveðið að engar geimferðir yrðu farnar). Fullyrðing spurningar 4 er „*röksemdir*“ sem láta vel í eyrum, og byggja oft á ófullkomnum sönnunum sem leiða til ákveðinnar rangrar niðurstöðu.

Algjörlega rangt

Röng hugmynd:

Klámefni er eðlilegt og skaðar engan.

Leiðandi niðurstaða (hrein lygi)

Skoðaðu klámefni núna.

Sannleikurinn:

Klámefni brenglar viðhorf okkar til kynlífs, getur verið ánetjandi, skaðað okkur alvarlega andlega og getur eyðilagt sambönd okkar.

Sannleikur að hluta

Röng hugmynd:

Sérhver maður er einstakur og getur hagað lífi sínu eins og hann kys, svo eigin líðan og hvernig þið tjáið ykkur er mikilvægast í lífi ykkar.

Leiðandi niðurstaða (hrein lygi)

Við ættum ekki að láta Guð eða kirkjuna segja okkur hvernig okkur ber að haga lífi okkar, svo gerið það sem ykkur þóknast, ef það veitir ykkur vellíðan.

Sannleikurinn:

Sérhvert okkar er einstætt barn himnesks föður, sem vill að við ræktum það besta í sjálfum okkur og líkjumst honum. Hlýðni við boðorðin hans stuðlar að varanlegri gleði okkar.

Hvernig þekkjá á sannleikann

Hvaðan kemur fyllri þekking á sannleikanum? Hvernig getum við séð í gegnum rangindin? Hér eru nokkrar af hinum máttugu gjöfum sem himneskur faðir hefur gefið okkur til að greina á milli sannleika og villu.

- **Ljós Krists.** „Ljós Krists . . . hvetur alla skynsama menn um alla jörð til að greina sannleika frá villu, rétt frá röngu. Það virkjar samvisku okkar.“¹
- **Heilagur andi.** „Andi sannleikans, mun . . . leiða yður í allan sannleikann“ (Jóh 16:13).
- **Ritningar.** „Guð notar ritningarnar til að afhjúpa ranga hugsun, falskar hefðir og syndina með sínum voðalegu afleiðingum.“² Mormónsbók er einkar mikilvæg í þessu tilliti, því hún „flettir ofan af óvinum Krists. Hún gerir falskenningar að engu og jafnar deilur. (Sjá 2 Ne. 3:12.)“³
- **Nútíma spámenn.** „Ábyrgð [spámanns] er að gera vilja og persónuleika Guðs heyrkunnan mannkyni. . . . Spámaður fordæmir synd og segir fyrir um afleiðingar hennar.“⁴
- **Menntun.** „Heilagur . . . sækist eftir fræðslu með námi og einnig með trú. Menntun . . . gerir mönnum kleift að greina sannleika frá villu, einkum með ritningarnámi. (Sjá K&S 88:118.)“⁵

Tvíþætt rangindi
(aðeins tveir valkostir)

Röng hugmynd:

Kirkjan prédikar gegn ákveðnum lífshætti og er því óumburðarlynd og hefur illan bifur á fólki — hún er ekki jákvæð og kærleiksrík.

Leiðandi niðurstaða (hrein lygi)

Þar sem kirkjan er óumburðarlynd og illviljuð, verðskuldar hún gagnrýni, háðung og fordæmingu, og því ættum við að láta af samskiptum við hana.

Sannleikurinn:

Það felst ekki illvilji og óumburðarlyndi í því að samþykkja ekki lífshætti annarra. Við getum sýnt öllum samúð, virðingu og kærleika — líka fólki sem hagar lífi sínu í andstöðu við lög Guðs — og verið Guði trúföst og boðorðum hans.

„Röksemdir“

Röng hugmynd:

Sumt í Mormónsbók hefur verið afsannað með vísindalegum sönnunum og frásögnin um þýðingu hennar er mótsagnakennd, svo Joseph Smith hlýtur að hafa skáldað bókina eða afritað hana eftir öðru efni.

Leiðandi niðurstaða (hrein lygi)

Mormónsbók er ekki sönn og Joseph Smith var ekki spámaður, svo látið af samskiptum við kirkjuna.

Sannleikurinn:

Vísindi hafa staðfest margt í Mormónsbók og „sannanir“ gegn henni eiga ekki við rök að styðjast. Mikilvægasta sönnunin um bókina er vitni andans, sem segir okkur að hún sé sönn og að Joseph Smith sé sannur spámaður.

Þótt ekki reynist ávallt auðvelt að svara *Rétt* eða *Rangt* þegar við stöndum frammi fyrir hinum mörgu hugmyndum þarna úti, þá geta gjafirnar sem himneskur faðir hefur gefið okkur, hjálpað okkur í gegnum prófið. ■

HEIMILDIR

1. Richard G. Scott, „Peace of Conscience and Peace of Mind,” *Liahóna*, nóv. 2004, 15.
2. D. Todd Christofferson, „The Blessing of Scripture,” *Liahóna*, maí 2010, 33–34.
3. Ezra Taft Benson (1899–1994), „The Book of Mormon Is the Word of God,” *Ensign*, maí 1975, 64.
4. Leiðarvísir að ritningunum, „Spámaður,” *scriptures.lds.org*.
5. Russell M. Nelson, „Thus Shall My Church Be Called,” *Ensign*, maí 1990, 16.

TAKIÐ ÞÁTT Í UMRÆÐUNUM

Það sem ígrunda má á sunnudögum

- Hvernig hefur himneskur faðir hjálpað ykkur að þekkjá sannleikann?
- Hvernig getið þið sigrast á villu?
- Hvernig getið þið hvatt aðra til að finna sannleikann?

Það sem þið getið gert

- Sagt frá því í kirkju hvernig þið tókuð að trúa að hið endurreista fagnaðarerindi væri sannleikur.
- Sagt frá sannleika á félagsmiðli og hvernig þið þekkið hann.



Öldungur Enrique R. Falabella
af hinum Sjötíu

„Það er svo auðvelt, afi!“

„Rannsakið ritningarnar, því í þeim hyggist þér eiga eilíft líf. Og það eru þær, sem vitna um mig“ (Jóh 5:39).

Ég ann Mormónsbók og frelsara mínum, Jesú Kristi. Dag einn spurði ég barnabarn mitt, Raquel, að því hvað henni fyndist um að setja sér markmið um lestur Mormónsbókar. Raquel hafi nýlega lært að lesa.

„En afi,“ sagði hún, „það er svo erfitt. Þetta er þykk bók.“

Þá bað ég hana um að lesa fyrir mig eina síðu. Ég náði í skeiðklukku og tók tímunn á henni. Hún var aðeins þrjár mínútur að lesa síðuna.

Við lásum Mormónsbók á spænsku og spænska útgáfa Mormónsbókar er 642 síður. Ég sagði að það tæki hana 1.926 mínútur að lesa alla bókina.

Þetta gæti hafa hrætt hana enn frekar, svo ég deildi í þá tölu með 60 mínútum. Ég sagði að það tæki hana 32 klukkustundir að lesa alla bókina. Það væri tæplega einn og hálfur dagur!

Þá sagði hún við mig: „Það er svo auðvelt, afi.“

Það tók Raquel, bróðir hennar, Esteban, og hin barnabörnin mín, aðeins lengri tíma að lesa Mormónsbók. Það var vegna þess að þegar við lesum hana, þurfum við tíma til að biðja saman og íhuga lestrarefnið.

Við getum öll lært að elska ritningarnar, eins og Raquel og Esteban gerðu. Þá getum við öll sagt:

„Hversu sæt eru fyrirheit þín gómi mínum, hunangi betri munn mínum. (Sálm 119:103). ■

Úr aðalráðstefnuræðu í apríl 2013





Carole M. Stephens

fyrsti ráðgjafi í
aðalforsætisráði
Líknarfélagsins

LOFORÐ



Þegar tengdafaðir minn lést, kom fjölskyldan saman til að taka á móti fólki sem kom til að votta okkur samúð. Allt kvöldið, á meðan ég spjallaði við fjölskyldu og vini, sá ég að 10 ára gamalt barnabarn mitt, Porter, stóð oft nálægt tengdamóður minni — ömmu sinni. Stundum stóð hann fyrir aftan hana og vakti yfir henni. Einu sinni tók ég eftir því að hann tók undir arm hennar. Ég horfði á hann strjúka hönd hennar, knúsa hana og standa við hlið hennar.

Þessi sýn hvarf ekki út huga mér í nokkra daga á eftir. Mér fannst ég eiga að senda Porter tölvupóst. Ég lýsti því sem ég hafði séð og hvernig mér leið. Ég minnti hann líka á **sáttmálann** sem hann hafði gert þegar hann skírðist og vitnaði í orð Alma í 18. kapítula Mósía:

„Og þar sem þið þráið að komast í hjörð Guðs og kallast hans lýður og eruð fús til að bera hver annars byrðar, svo að þær verði léttar—

„Já, og eruð fús að syrgja með syrgjendum, já, og hugga þá, sem

huggunar þarfnast, og standa sem vitni Guðs, alltaf, í öllu og allsstaðar, hvar sem þið kunnið að vera, já, allt til dauða, . . . svo að þið megið öðlast eilíft líf —

„ . . . Sé þetta hjartans þrá ykkar, hvað hafið þið þá á móti því að láta skírast í nafni Drottins til að vitna fyrir honum, að þið hafið gjört **sáttmála** við hann um að þjóna honum og halda boðorð hans, svo að hann megi úthella anda sínum enn ríkulegar yfir ykkur?“ (vers 8–10).

PORTERS

Sáttmáli er loforð á milli þín og himnesks föður.

Ég útskýrði fyrir Porter að Alma hefði kennt, að þeir sem vilji skírast þurfi að vera tilbúnir að þjóna Drottni með því að þjóna hvert öðru — allt til æviloka! Ég sagði: „Ég veit ekki hvort þú gerir þér grein fyrir því, en kærleikurinn og umhyggjan sem þú sýndir ömmu þinni var hluti af því að halda **sáttmálann þinn**. Við höldum **sáttmála** okkar á hverjum degi þegar við erum góð, sýnum kærleika og hugsum hvert um annað. Ég vildi bara að þú vissir að ég er mjög stolt af þér fyrir að halda

sáttmálann þinn! Er þú heldur **sáttmálann** sem þú gerðir þegar þú skírðist, verður þú reiðubúinn að meðtaka prestdæmið. Sá viðbótar **sáttmáli** mun veita þér fleiri tækifæri til að blessa aðra og þjóna þeim og mun búa þig undir **sáttmálana** sem þú munt gera í must-erinu. Þakka þér fyrir að vera svona gott fordæmi fyrir mig! Þakka þér fyrir að sýna mér hvernig þeir eru sem halda **sáttmála** sína!“

Porter svaraði til baka: „Amma, takk fyrir skilaboðin. Ég vissi ekki að ég væri að halda **sáttmála**

þegar ég var að knúsa ömmu, en mér hlýnaði í hjarta mínu og leið rosalega vel. Ég veit að það var heilagur andi sem var í hjarta mínu.“

Mér hlýnaði líka um hjartarætur þegar mér varð ljóst að Porter vissi að þegar hann heldur **sáttmálann** sinn, mun hann „ávallt hafa anda [himnesks föður] með [sér]“ [K&S 20:77]. Þetta er loforð sem verður mögulegt þegar tekið er á móti gjöf heilags anda. ■

Úr „We Have Great Reason to Rejoice,” Líahóna, nóv. 2013, 115–16.



HALDIÐ SÁTTMÁLA YKKAR!

Þegar ég skírast, lofa ég að ...

sýna kærleika og ljúfmennsku,
hugga hina sorgmæddu,
halda boðorð himnesks föður
og segja öðrum frá himneskum föður.

Á móti lofar himneskur faðir mér ...

að ég muni ávallt hafa heilagan anda með mér!

Undirritað,



Lærið meira um þessa Barnafélagsins fyrir þennan mánuð!

Fjölskyldan er kjarninn í áætlun himnesks föður



Jan Taylor

Míu finnst gaman að byggja turna úr kubbum, en stundum pirraði það hana ef kubbarirnir hrundu niður. Þá fann hún nýja aðferð. Þegar hún raðaði fleiri kubbum neðst í turninn, efldi það undirstöðuna. Með æfingu og elju, gat hún brátt byggt turna sem hrundu ekki svo auðveldlega.

Á sama hátt og Míu lærðist að byggja öflugri turna, þá getur okkur lærst að byggja upp sterkari fjölskyldu. Fjölskyldur eru mikilvægar í áætlun himnesks föður fyrir okkur. Áður en við fæddumst, lifðum við sem andasynir og dætur himnesks föður. Þegar að því kom að við

færum til jarðar, sá hann til þess að við færum til fjölskyldu. Hann vill að fjölskyldan okkar verndi og kenni okkur og hjálpi okkur að snúa að nýju til hans.

Við getum gert ýmislegt til að efla undirstöðu fjölskyldu okkar. Við getum æft okkur í því að þjóna og hjálpa hvert öðru. Við getum hlustað á og talað fallega við hvert annað. Við getum beðist fyrir og lært ritningarnar saman. Við getum starfað og varið tíma saman við það sem okkur finnst gaman að gera. Með æfingu og elju, getum við byggt öflugri fjölskyldu. ■

SÖNGUR OG RITNINGAR

- „Fjölskyldur geta átt eilífð saman,“ (Barnasöngbókin, 98)
- Lúk 6:47–49

HUGMYNDIR AÐ FJÖLSKYLDU-UMRÆÐUM

Þið getið lesið saman sem fjölskylda Lúk 6:47–49. Þið getið síðan rætt um hvað versin kenna um fjölskyldur. Hvernig hefur fjölskylda ykkar hjálpast að á erfiðum tímum? Hvað getið þið gert til að styrkja fjölskylduböndin enn frekar?



Fjölskyldubæn

Borða saman kvöldmáltíð

Fjölskyldukvöld

Leika saman

Ritningarnám fjölskyldunnar

Heimsækja einhvern sjúkan

Skrifa bréf til trúboða

Læra sögur um áa okkar

EFLA FJÖLSKYLDU OKKAR

Þið getið búið til veggspjald til að efla fjölskyldu ykkar!

- Klippið út kubbana með aðstoð einhvers fullorðins. Límið á blað þá kubba sem tilgreina það sem fjölskylda ykkur er þegar að gera. Þeir kubbar munu tákna undirstöðu fjölskyldu ykkar.
- Veljið annan kubb sem tilgreinir eitthvað sem fjölskylda ykkar hefði viljað gera eða gera betur. Bætið honum við turninn ykkar, eftir að þið hafið náð því ætlunarverki. Setjið veggspjaldið þar sem allir geta séð það og haldið áfram að bæta við kubbum til að efla fjölskyldu ykkar!

Skrifið hugmyndir ykkar á auðu kubbana.

Skírinn er upphafsreitur ferðar okkar sem lærisveina.

Dieter F. Uchtdorf forseti
annar ráðgjafi í Æðsta forsætisráðinu
Úr aðalráðstefnuræðu október 2013.





Öldungur
Terence M. Vinson
af hinum Sjötíu

Hvað reynist ykkur afar erfitt að gera?
.....

Hvernig getið þið beðið himneskan föður um hjálp við að gera erfiða hluti?
.....

Hvern annan getið þið beðið um að hjálpa?
.....

Færa steininn úr stað

Ungur drengur var eitt sinn að reyna að jafna út moldar-svæði á bak við húsið sitt til að geta leikið sér þar með bílana sína. Stór steinn var þar í vegi hans. Drengurinn ýtti og togaði af öllum kröftum. En sama hversu mikið hann lagði á sig, þá hreyfðist steinninn ekki.

Faðir hann horfði á son sinn

smástund, kom svo til hans og sagði: „Þú þarft að nota alla þína krafta til að bifa svo stórum steini.“

Drengur svaraði: „Ég hef notað alla mína krafta!“

Faðir hans leiðrétti hann: „Nei, það er ekki rétt, þú hefur ekki enn beðið mig um að hjálpa!“

Þeir beygðu sig niður saman

og færðu steinninn auðveldlega.

Drottinn vill að við reiðum okkur á hann við lausn vanda okkar. Þá getum við ætíð fundið kærleika hans, kröftugar, skýrar og á persónulegri hátt. Við getum orðið eitt með honum og við getum orðið eins og hann er. ■

Úr „Drawing Closer to God,” Líahóna, nóv. 2013, 105.



Ég er Dria frá Filippseyjum

*Mabuhay, Kaibigan!**

Úr viðtali Amie Jane Leavitt

Hefur ykkur einhvern tíma dreymt um að búa á Heyju? Þetta er Alejandria, en vinir hennar kalla hana Dariu til að stytta nafnið. Hún býr á Cebu-eyju á Filippseyjum með mömmu sinni, pabba og tveimur systur. Hún átti líka eldri bróður, en hann dó áður en Daria fæddist. „Ég veit að hann tilheyrir fjölskyldu minni og að ég mun einhvern tíma fá að sjá hann, því fjölskyldur eru eilífar,“ sagði hún. ■

*„Halló vinir!“ á tagalógsku.

Eitt af því sem mér finnst gaman að gera, er að dansa. Ég er balletdansmær. Ég keppi að því að ná efra dansstigi á næsta ári. Þá fæ ég sérstaka balletskó, sem gera mér kleift að dansa á tánum.



Filippseyjar eru yfir 7000 eyjar og þar má sjá marga fallega staði. Við eigum heima rétt hjá ströndinni og mér finnst gaman að leika mér í sjónum. Eitt af því sem mér finnst gaman að gera, er að synda. Ég lærði sjálf að synda!



Ég nýt þess að fara með fjölskyldu minni á hinar ýmsu strandir. Eitt sinn fórum við til Palawan — eyju sem hefur heimsins stærstu neðanjarðará. Ég kafaði í ánni með öndun-arpípuna mína og sá fjölda litskrúðugra fiska.



Dag einn í skólanum sögðu einhverjir bekkjarfélagar að mormónar tryðu ekki á Guð. Ég sagði þeim að við tryðum á Guð. Daginn eftir hafði ég með mér nokkur dreifisþjöld með mynd af Jesú að framan og Trúaratriðunum að aftan. Þegar bekkjarfélagar mínir litu á myndina og lásu sum trúaratriðanna, gladdi það þá að vita að við tryðum á Guð.



MÉR FINNST DÁSAMLEGT AÐ VITJA MUSTERISINS



Við njótum þeirrar gæfu að búa skammt frá Cebu City musterinu á Filippseyjum. Ég fékk að skoðausterið með fjölskyldu minni áður en það var vígt. Þar er svo friðsælt og fallet. Ég er þakklát fyrir að fjölskylda mín getur verið saman að eilífu, vegna musterisins.



TILBÚIN TIL FARAR!

Taskan hennar Driu er full af því sem henni er kærast. Hvað af þessu mynduð þið setja í töskuna ykkar?



Hugsa um Jesú

Mabel Jones Gabbott



Það ætti ekki að vera erfitt að sitja kyrr
og hugsa um Jesú og krossinn hæðinni á,
og allt það sem hann leið og gerði fyrir mig.
Það ætti ekki að vera erfitt að sitja hljóður og kyrr,

og hugsa um hann
gangandi í rykinu
um langan veg,



og börnin sem hann
hjálpaði og elskaði blítt.



Það ætti ekki að vera erfitt
að sitja hljóður og kyrr og leggja vel við hlustir.
Það ætti ekki að vera erfitt, þótt smár ég sé,
að hugsa um Jesú og verkin hans. ■



SÉRSTÖK STUND TIL AÐ HUGSA UM JESÚ

Sakramentissamkoma er sérstök stund til að sitja hljóður og kyrr og hugsa um frelsarann.



Jesús var skírður í ánni Jórdan.



Jesús læknaði fólk.



Jesús elskaði börnin.



Jesús þjáðist og dó fyrir okkur.



Jesús reis upp aftur á páskadagsmorgni.



Við munum lifa aftur, vegna Jesú!

Teiknið eða límið mynd af ykkur sjálfum hér.

FINNA FRAMTÍÐARVON

Stan Pugsley

Hinn 12. september 2001, vorum ég og eiginkona mín á sjúkrahúsinu í Tucson, Arísóna, Bandaríkjunum, og biðum þess óþreyjufull í margar klukkustundir að sonur okkar fæddist. Í sjónvarpinu okkar, og í öllum sjónvörpum í byggingunni, dundi á okkur myndefni frá atburðunum deginum áður í New York City — myndefni af tvíburaturnunum, sem áður höfðu gnæft yfir borgina, en höfðu nú hrunið til grunna og orðið að braki og ryki. Myndefnið var sent út í margar klukkustundir og gerði okkur hálf örvæntingarfyll. Þetta virtist verstí hugsanlegi tíminn til að fæða barn í heiminn — heim sem virðist svo myrkur og ógnvænlegur.

Árla morguninn eftir fæddist sonur okkar. Þegar ég hélt á litla barninu okkar og hugsaði um hina nýliðnu hræðilegu atburði, minntist ég eldanna í Yellowstone þjóðgarðinum árið 1988. Eldurinn hafði brennt til grunna um 323.750 hektara skógarlands. Eyðilegging þjóðgarðsins virtist algjör. Myndefni fréttu sýndi aðeins sviðna jörð og svartan reyk á himni. Enginn mannlegur máttur hefði á stuttum tíma getað endurreist það sem glatað var. Jafnvel hin sífellda endurnýjun náttúrunnar virtist ekkert hafa að segja á móti eyðileggingu eldsins.

Hægfara kraftaverk gerðist þó vorið eftir — litlar plöntur og blóm tóku að spretna upp úr



Með sömu ógnandi vindum sem á okkur hafa barið, hefur frækornum breytinga og vaxtar verið sáð.

sviðinni jörðinni. Smám saman uxu sífellt fleiri blóm og runnar upp úr jarðveginum. Endurnýjun þjóðgarðsins var hægfara, ótal litlar og fallegar smáplöntur skutu rótum og smám saman varð árangurinn stórbrotinn.

Á óttastundum sem virðast yfirtaka okkur, líkt og eldhafið yfirtók Yellowstone garðinn, og reynt er á trú okkar til hlítar, ættum við að minnast hinnar tryggu og óhreyfanlegu undirstöðu, sem máttugri er öllum illum öflum. Helaman segir þessa undirstöðu vera „[bjarg] lausnara okkar, sem er Kristur, sonur Guðs.“ Við skulum halda okkur fast að honum, því „þegar djöfullinn sendir sína voldugu storma, já, spjót sín í hvirfilvindinum, já, þegar allt hans hagl og voldugur stormur bylur á ykkur, mun það ekkert vald hafa til að draga ykkur niður í djúp vansældar og óendanlegs volæðis, vegna þess að það bjarg, sem þið byggði á, er öruggur grundvöllur, og ef menn byggja á þeim grundvelli, geta þeir ekki fallið“ (Helaman 5:12).

Þegar við stöndum frammi fyrir hinum ógnvænlegu illu öflum og freistingum heimsins, gætum við talið að hin smáu og lítillvægu áhrif fagnaðarerindisins eigi við ofjarl sinn að etja og muni láta í minni pokann. Við getum upplifað efa og örvæntingu, er við væntum þess án árangurs að hið ranga verði leiðrétt, að þjáningar þverri og að spurningum verði svarað. Einmitt með þeim vindum sem á okkur hafa barið, hefur frækornum breytinga og vaxtar verið sáð og hinn máttugi kraftur fagnaðarerindisins vinnur sitt látlausu verk á jarðvegi okkar jarðnesku tilveru og býr þúsundir örsmárra frækorna vonar og lífs undir að skjóta rótum. ■

Höfundur býr í Arísóna, Bandaríkjunum



TEKNING EFTIR ROBERT T. BARRETT

HOWARD W. HUNTER

Howard W. Hunter ávann sér **Arnarskáta viðurkenningu** sína (æðstu viðurkenningu í afreksáætlun fyrir pílta) þegar hann var 15 ára. Hann var heillaður af **ættfræði** og gaf sér oft tíma til að leita á ættfræðisafni kirkjunnar eða heimsækja fjölskylduna. Þegar hann þjónaði sem postuli, hjálpaði hann með lóðarval fyrir **Brigham Young háskólamiðstöðina í Jerúsalem**. Þegar hann var forseti kirkjunnar hvatti hann meðlimi til að tilbiðja oft í musterinu og vígði **Bountiful-musterið í Utah** minna en tveimur mánuðum fyrir dauða sinn.

Einnig í þessu blaði

FYRIR UNGT FÓLK



Sé auglit þitt einbeitt á

dýrð mína

Ungt fólk víða um heim ígrundar merkingu þess að fylgja fordæmi frelsarans og lifa hógværu lífi.

bls.
40

FYRIR UNGLINGA

Er tunglið grænt? Var landingin á tunglinu blekking? Takið þetta próf og lærið hvernig greina skal á milli sannleika Guðs og lygi Satans.



RÉTT eða RANGT

bls.
64

FYRIR BÖRN

„Það er svo auðvelt, afi!“

Yrðuð þið hissa, ef þið kæmst að því að þið gætuð lesið alla Mormónsbók á einum og hálfum degi?



bls.
67



KIRKJA
JESÚ KRISTS
HINNA
SÍÐARI DAGA HEITLÖG